


## Alveg jafn erfitt að sækja hann og skila honum

Hermann Óli Bachmann og Benjamin Scott Riggs eru ósáttir við að móður séu sjálfkrafa veitt öll réttindi við fæðingu barns utan hjónabands. Þeir eignuðust barn með lesbíu og ætluðu þau að ala barnið upp í sameiningu. Það hefur ekki gengið eftir og þeir fá aðeins að sjá son sinn í þrjár klukkustundir, fimm daga vikunnar, með ströngum skilyrðum. > 20



### Langar að gróðursetja fólk

Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir er með ferskar hugmyndir um greftrun og arfleifðina sem við skiljum eftir okkur. > 26




### Skil ekki hvernig ég lifði þetta af

Elín Vigdís Guðmundsdóttir er ein stofnenda SÁTT, Samtaka um átröskun og tengdar raskanir. > 24

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## GRÆJAÐU ÞIG UPP FYRIR EM

Yfir 40 tæki á allt að 25% afslætti.  
Sjáðu öll tilboðin á elko.is



ELKO



Pétur Krogh Ólafsson, aðstoðarmaður borgarstjóra.

## Taldi móðursýki geta gripið um sig

kristinnhaukur@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** Pétur Krogh Ólafsson, aðstoðarmaður borgarstjóra, óttaðist að umræðan um Fossvogsskóla gæti orðið „hysterísk“ er borgin fékk fyrirspurnir frá fjölmiðlum um leka í skólanum í janúar árið 2020.

Þetta kemur fram í tölvupósti sem var sendur eftir að Ingibjörg Yr Pálmadóttir skólastjóri greindi borginni frá fundi með foreldrum nemanda sem væri ekki vært í skólanum. Sagði hún lykt eða raka og mygluskemmdir á fjórum stöðum.

Í pósti Péturs, sem stílaður var á sex borgarstarfsmenn, var farið yfir hvernig viðbrögðum skyldi háttáð.

„Það er okkar mat að ef umræðan fer yfir í almenna en hysteríska umræðu um að skólinn sé fullur af myglu, þá væri Árný [Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlitsins] best til þess fallin að fara yfir hvað það er sem HER gerir til að mæla raka. Tala um að HER fylgi alþjóðlegum stöðlum og mæli raka reglulega,“ segir í bréfinu.

„Ég vona að við náum að halda lokinu á þessu en get ég beðið þig Ámundi [Brynjólfsson, skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds] um að láta taka saman helstu upplýsingar um framkvæmdir í skólanum og að við getum vísað á þig, Árný, þegar kemur að allri umræðu um heilnæmi húsnæðis.“

Aðspurður um móðursýkina, í ljósi þess að skólinn er nú lokaður vegna skemmda, segir Pétur það hafa verið kæruleysislega orðað.

„Mínar áhyggjur fyrir einu og hálfu ári síðan voru að umræðan hafi verið umfram efni enda áttu sérfræðingar okkar eftir að fá betri gögn til að meta,“ segir hann. „Síðar kom í ljós samkvæmt ráðgjöf að það þyrfti að fara í enn frekari úrbætur til að koma húsnæðinu í lag og við erum enn í þeim fasa.“

Með því að halda lokinu á málinu segist Pétur hafa átt við að halda umræðunni við staðreyndir eins og þær hafi legið fyrir þá og að fagfólk myndi veita upplýsingar. ■

## Flokkunarhatturinn með síðasta orðið



Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, dró í gær fæðingararganga handahófskennt úr hatti. Árgöngum 1975 til 2005 var með því raðað í bólusetningu á næstu þremur vikum. Þegar árgangur er boðaður í bólusetningu fá viðkomandi sent strika-merki. Ef fólk kemst ekki í bólusetningu á boðuðum tíma gildir strikamerkið næst þegar sama tegund af bóluefni er notuð. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Sjómanna dagur í Reykjavík 2015.

## Sjómenn í streymi

thorgrimur@frettabladid.is

**HÁTÍÐISDAGAR** Sjómanna dagurinn er á morgun.

Í Reykjavík verður opin minningarathöfn um druknaða og týnda sjómenn klukkan tíu við Fossvogskirkju. Sjómanna messu verður síðan í Dómkirkjunni. Klukkan hálf tvö verða sjómenn heiðraðir í athöfn. Streymt verður á heimasíðu og Facebook-síðu Sjómanna dagsráðs. ■

## Þrefalt dýrara að flytja olíu frá Reykjavík en Póllandi

Eigandi Djúpakletts í Grundarfirði segir það borga sig fyrir hann að kaupa olíur beint frá Póllandi, heldur en frá stórum birgja hér á landi. Hann segir það 227% dýrara að panta og flytja frá Reykjavík en frá Bialystok í Póllandi.

einarthor@frettabladid.is

**GRUNDAFJÓRÐUR** „Ég er að reka þarna þrjú fyrirtæki en það skiptir ekki máli. Þetta beinist gegn landsbyggðinni eins og hún leggur sig,“ segir Þórður Magnússon, eigandi Djúpakletts ehf. í Grundarfirði.

Þórður, sem rekur meðal annars Vélsmiðju Grundarfjarðar, fékk tölvupóst á dögunum frá Skeljungi þess efnis að frá og með 1. júlí næstkomandi muni fyrirtækið innheimta akstursgjald á allar vöruafhengingar út á land. Í tölvupóstinum kom fram að gjaldið fyrir hverja sendingu væri 4.400 krónur án virðisaukaskatts og óháð magni eða upphæð reiknings.

Þórður gagnrýnir þetta og segir það í raun hagstæðara fyrir sig að eiga viðskipti við birgja erlendis en hér á landi ef þetta er það sem koma skal.

Þórður vakti fyrst athygli á þessu á Facebook-síðu sinni þar sem hann tók dæmi um kostnað við að flytja 20 lítra af olíu frá Skeljungi annars vegar og Póllandi hins vegar. Frá Reykjavík myndi samlagður kostnaður við flutninginn til Grundarfjarðar kosta hann 5.900 krónur. Ef hann myndi panta með skipi frá Póllandi þá væri kostnaðurinn tæpar 130 krónur á kíló, eða 2.600 krónur.

„Það er sem sagt 227% dýrara að panta og flytja frá Reykjavík en



Djúpaklettur sinnir verkefnum í Grundarfirði og nágrenni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Þórður Magnússon, eigandi Djúpakletts í Grundarfirði.

frá Bialystok í NA-Póllandi,“ segir hann og bætir við að þetta sé ekki í neinum takti við sölumennsku 21. aldarinnar. „Ef Jeff Bezos, sem er orðinn ríkasti maður heims í gegnum Amazon, myndi setja svona gjald á sína viðskiptavini, þá myndi hann skrúfa fyrir öll viðskipti. Þau yrðu núll sama dag.“

Þórður segir að ef hann myndi kaupa einn til tvo gáma myndu þessar 4.400 krónur ekki skipta neinu máli, en þegar um lítil fyrirtæki er að ræða úti á landi sem kaupa í minna magni, sé þessi upphæð fljót að telja. Kaupa þurfi fyrir 100 þúsund krónur eða meira til að

akstursgjaldið fari ekki yfir 5% af heildarupphæðinni. Segir Þórður að hér eftir muni hann kaupa nákvæmlega sömu olíur frá Póllandi til að spara flutningskostnað.

Ólafur Þór Jóhannesson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs og aðstoðarforstjóri Skeljungs, segir að afgreiðslugjald vegna afhendingar á vörum hafi verið innheimt til fjölda ára, bæði til viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu og utan þess. Nýverið hafi útfærslunni verið breytt þannig að hófstíllt gjald bætist við allar afhendingar til að koma til móts við þann kostnað sem af þeim hlýst. Segir hann að gjaldið leggist á afhendingar óháð staðsetningu á landinu.

„Meðal viðskiptavina okkar ríkir almennt góður skilningur á því að það er kostnaður við að dreifa vörum og veita góða þjónustu. Við höfum því orðið mjög lítið varir við neikvæð viðbrögð vegna þessara breytinga enn sem komið er,“ segir hann. ■

## Næring+ Millimál í fernu



Næring+ er á lista Sjúkratrygginga Íslands yfir niðurgreidd næringarefni fyrir þá sem eiga gilda innkaupaheimild.



„Þetta er allt hægt  
— kærur vinir, það þarf bara  
að framkvæma hlutina“

#### KJÖRSTAÐIR

- Valhöll, Háaleitisbraut 1
- Hótel Sögu, Hagatorgi
- Félagsh, Sjálfstæðisfélagsins í Árbæ, Hraunbæ 102b
- Félagsh, Sjálfstæðisfélaganna í Breiðholti, Álfabakka 14a (Mjódd)
- Félagsh, Sjálfstæðisfélagsins í Grafarvogi, Hverafold 1-3 (2. hæð)

KOSIÐ Í DAG, LAUGARDAG 10-18



# KJÓSUM REYNSLU

[WWW.GUDLAUGURTHOR.IS](http://WWW.GUDLAUGURTHOR.IS)

## Tölur vikunnar




800

hafa verið ráðin til Icelandair fyrir sumarið.



7,9

prósenta hækkun er á fasteignamati íbúða á landinu samkvæmt Þjóðskrá.



40

teiknimyndir eru nú aðgengilegar með íslenskrí talsetningu á Disney+.



350

atvinnuleitendur hafa sætt viðurlögum vegna höfnunar á starfs-tilboði eða skylduvirkni frá því átakið „Hefjum störf“ hófst.



7.340

í aldurshópnum 55 ára og eldri voru greind með þunglyndi árið 2020.

## Þetta sögðu þau



Sonja Yr Þorbergsdóttir

formaður BSRB

Við verðum að draga línu í sandinn og hafna alfarið frekari einkavæðingu í heilbrigðis-kerfinu. Einkaframkvæmd er ekki töfraorð sem lækkar kostnað. Eins og Rúnar Vilhjálmsson prófessor benti á í erindi á opnum fundi BSRB, eykur einkaframkvæmd almennt kostnað vegna kostnaðarliða á borð við stjórnunarkostnað, arðgreiðslur og aukins kostnaðar eftirlitsaðila.



Guðmundur Andri Thorsson

þingmaður Samfylkingarinnar

Það er allt of erfitt fyrir ungt fólk að uppfylla grunnþarfir sínar og þetta eru grundvallar mannréttindi að geta búið sér heimili og fætt og klætt sig og sína sómasamlega, án þess að þurfa að steypa sér í óheyrilegar skuldir eða vinna myrkranna á milli.



Mörður Árnason

áhugamaður um íslenska náttúru og fyrrverandi alþingismaður

Maður spyr svo í framhaldinu, af því þjóðgarðurinn var eitt af því sem VG taldi sér til tekna í þessari stjórn: Sagði formaður VG sínu fólk ekkert frá fyrirvara Framsóknar í nóvember 2017? Var stuðningur við stjórnina í þingflokki og flokksráði VG þá að þessu leyti ekki á sannferðugum forsendum? Eða var enginn fyrirvari? ■

## Óttast riðusmit og vilja annað álit

MAST telur þann riðusmitaða úrgang sem sulaðist úr flutningabíl í Borgarfirði ekki kalla á jarðvegsskipti eða umfangsmiklar aðgerðir. Borgfirðingar hyggjast fá álit utanaðkomandi sérfræðings.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**VESTURLAND** Sveitarstjórn Borgarbyggðar hyggst fá álit utanaðkomandi sérfræðings til að meta hættu á riðuveiki í sveitarfélaginu eftir slysi við flutning smitaðra hræja í mars. Matvælastofnun, MAST, hefur útskýrt aðgerðarleysi sitt bréfleiðis en sveitarstjórn telur það ekki nægjanlegt. Mikill ótti sé við riðu í Borgarbyggð.

„Við höfum eðlilegar áhyggjur því við höfum verið á riðufriú svæði og viljum halda því áfram,“ segir Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, formaður byggðarráðs Borgarbyggðar, sem óskaði eftir skýringum frá MAST.

Þann 18. mars síðastliðinn var verið að flytja kindahræ úr Skagafirði, þar sem riðusmit kom upp, til brennslu í Kölklu á Suðurnesjum. Hleri á flutningabíl gaf sig vegna þrýstings frá hræjunum með þeim afleiðingum að úrgangur sulaðist úr bílnum. Uppgötvaðist þetta áður en bíllinn komst að Hvalfjardargöngunum og var honum snúið til Akraness þar sem hræin voru færð í annan bíl.

„MAST telur sig hafa hugmynd um hvenær hlerinn hafi opnast en þeir geta ekki fullvissað okkur hversu langur vegarkafli þetta er og vita ekki hversu mikið magnið er,“ segir Halldóra. „Við ætlum nú að fá annað álit, frá utanaðkomandi sérfræðingi í smitvörnum dýra, áður en við ákveðum hvort við förum fram á frekari aðgerðir.“

Í bréfi MAST til Borgarbyggðar kemur fram að stofnuninni hafi borist ábending frá vegfaranda um að slest hefði úr flutningabílnum af og til frá Norðurárdal niður í Leirarsveit, yfir nær allan hringvegskafli sveitarfélagsins.



Vegfarandi sá hrævökvannt sullast úr bílnum frá Norðurárdal og alla leið inn í Leirarsveit.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJÉTUR



Við höfum eðlilegar áhyggjur því við höfum verið á riðufriú svæði og viljum halda því áfram.



Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, formaður byggðarráðs Borgarbyggðar.



Íslendingar hafa búið við riðu í sauðfé í um það bil 130 ár. Hún kom fyrst upp í Skagafirði og breiddist fljótt út um Mið-Norðurland.

Úr Læknablaðinu

Eftir skoðun hafi MAST ákveðið að litlar líkur væru á því að sauðfénu stafaði hættu af vökvanum því magnið væri lítið og féð gengi ekki á þessu svæði fyrr en eftir nokkra mánuði. Þá væru ýmsir umhverfisþættir til þess fallnir að minnka

virkni efnisins, það er að smitefni brotni niður í sól og ágangi veðurs.

„Riða er ekki bráðsmitandi sjúkdómur og töluvert mikið smitefni þarf til að kindur sýkist“, segir í bréfinu. MAST mun þó biðja Vegagerðina að fylgjast með smölun á umræddu svæði í sumar og sýni verða tekin úr fé á bæjunum næstu sláturtíðir.

Haldóra segir Borgarbyggð þó hafa áhyggjur í ljósi þess að vegastæði eru víða ekki nægilega vel afgirt og ekki hægt að treysta því að sauðfé komist ekki að veginum. Þá bendir hún á að á Akranesi, þangað sem flutningabíllinn fór, var farið í mjög umfangsmiklar aðgerðir. Þar var svæði girt af og jarðvegi skipt út. „Við viljum vita af hverju þetta var ekki gert á þessu svæði líka,“ segir hún. ■

# ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

# RAM 3500

VERÐ FRÁ 7.421.210 KR. ÁN VSK.  
9.202.300 KR. M/VSK.

BREYTINGAVERKSTÆÐI ÍSBAND,  
SMIÐSHÖFÐA 5, SÉRHÆFIR SIG Í  
BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.

BJÓÐUM UPP Á 37" - 40" BREYTINGAPAKKA

BÍLL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MED 35" BREYTINGU

# Gleðilega hátíð





Gönguleið í botnlanga í Fagrahjalla er nú lokuð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Grindverk veldur deilu í Kópavogi

thorgrimur@frettabladid.is

**SKIPULAGSMÁL** „Þessi girðing kom bara upp,“ segir Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, bæjarfulltrúi Pirata í Kópavogi, um grindverk sem reis nýlega við enda Fagrahjalla og veldur deilum meðal bæjarbúa. Gagnrýnisráðir segja girðinguna torvelða gönguleið um hverfið.

Sigurbjörg hefur efasemdir um að staðið hafi verið að framkvæmdinni með réttum hætti.

„Ég er í skipulagsráði og við erum með fulltrúa í umhverfis- og samgöngunefnd líka, en þetta kom fyrir hvoruga nefndina. Íbúar í hverfinu vissu ekki af þessu fyrr en girðingin var hálfrisin,“ segir Sigurbjörg.



## Samkvæmt svari Kópavogsbæjar var grindverkið sett upp að beiðni eins íbúa í götunni.

Girðingin er við enda botnlanga sem liggur af Fagrahjalla út á Fifuhjalla og lokar um hann göngu-umferð. „Ég veit ekki hver hagarinn er í þessu fyrir vegfarendur, þar sem þeir þurfa núna að fara tvisvar yfir götuna og alveg jafn nálægt gatnamótum. Örugast hefði verið að gera ráð fyrir vegfarendunum og setja gangbraut.“

Sigurbjörg bendir á að börn séu líklegust til að fara fótgangandi um hverfið. Ámælisvert sé að staðið hafi verið að verkinu með þessum hætti þar sem sveitarfélagið fékk nýlega viðurkenningu frá UNICEF fyrir framkvæmd sína á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Samkvæmt svari Kópavogsbæjar við fyrirspurn Sigurbjargar var girðingin reist að beiðni eins íbúa botnlangans. „Mér finnst það sérstakt, að það sé nóg að einn íbúi biðji um þetta,“ segir Sigurbjörg.

Málið er á dagskrá skipulagsráðs á mánudag. ■

# Vilja verða Menningarhöfuðborg og fá óperuna

arib@frettabladid.is

**MENNING** Menningarfélag Akureyrar skorar á Akureyrarbæ, Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og menntamálaráðuneytið, að stefna á að Akureyri verði Menningarhöfuðborg Evrópu.

Samhliða því skorar Menningarfélagið á stjórnvöld að Þjóðaróperan verði með aðsetur í Hofi, sýningar verði þó flestar áfram í Reykjavík.

„Þetta eru mjög háleit markmið,“ segir Þuríður Helga Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Menningarfélagsins. „Við sjáum þetta sem tækifæri til að horfa heildstætt á menningarstarf á Akureyri, fá aukin tækifæri til erlends samstarfs og efla þekkingu hérna á erlendu styrkja-kerfi. Umsóknarferlið sjálft stuðlar að framþróun í menningarmálum.“

Þreifingar hafa átt sér stað við bæjaryfirvöld og á Þuríður ekki von á öðru en að bærinn og nágranna-



Þuríður Helga Kristjánsdóttir segir að markmiðin séu háleit en allar forsendur séu fyrir hendi.

sveitarfélög fylki sér að baki umsókninni. Næsta skref er síðan að senda formlegt erindi til ráðuneytisins. Í kjölfarið yrði þá send umsókn til Evrópusambandsins. „Þetta er langt ferli, við værum að stefna á að verða Menningarhöfuðborg Evrópu árið 2028 eða 2030,“ segir Þuríður.

Varðandi Þjóðaróperuna þá segir Þuríður að hægt sé að nýta samlegðaráhrifin af annarri starfsemi Menningarfélagsins. ■

# Kvenfyrirlitningin í karlaklefunum fordæmd af ÍSÍ eftir skelfilegar sögur

Þögn ÍSÍ hefur vakið athygli í nýjustu #metoo bylgju, enda hafa sögur tengdar íþróttum verið allt annað en fallegar. Sambandið sendi loks frá sér bréf til allra sem tengjast íþróttastarfi á Íslandi og fordæmir þar allt ofbeldi í starfsemi íþróttahreyfingarinnar.

benediktboas@frettabladid.is

**ÍÞRÓTTIR** Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) itrekar með bréfi til allra sem tengjast íþróttastarfi á Íslandi að sambandið fordæmi allt ofbeldi í starfsemi íþróttahreyfingarinnar, enda sé slík hegðun óásættanleg og ólíðandi með öllu.

Á undanförunum vikum hefur umræða um kynbundið ofbeldi blossað upp á ný í tengslum við #metoo. Margar frásagnir hafa birst þar sem íþróttamenn koma við sögu og kynferðisbrot í íþróttastarfi og einnig hefur verið bent á að kvenfyrirlitningu megi finna alltof víða í karlaklefum landsins.

Margir hafa undrast þögn ÍSÍ í þessari bylgju enda hægt að túlka þögn sem afstöðu. Ástæðan var ársþing sambandsins svo það náðist ekki að koma stjórninni saman fyrr.

„Mér finnst mjög mikilvægt að við sýnum að okkur er ekki sama og við ætlumst til að félögin taki til í þessum málum hjá sér,“ segir Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, sem situr í framkvæmdastjórn ÍSÍ.

Um miðjan maí sýndi knattspyrnukappinn Garðar Gunnlaugsson stuðning sinn í verki í viðtali í útvarpsþættinum Lestinni á RÚV og ræddi um hversu karllæg umræðan í knattspyrnuklefum getur verið. „Þar hallar oft á konur og minnihlutahópa. Þetta eru oft umræður



Það þarf að taka til í kvenfyrirlitningu í karlaklefum landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



## Við ætlumst til að félögin taki til í þessum málum hjá sér.



Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir.

sem stjórnad er af tveimur til þremur í klefanum og hinir humma og fylgja með og eru meðvirkir. Ég er ekkert saklaus, búinn að vera í þessum heimi í 20-30 ár,“ sagði Garðar meðal annars. Hann skoraði í kjölfarið á íþróttamenn og sérstaklega fótoltamenn að stíga fram og sýna stuðning. Enginn hlýddi kallinu.

Samskiptaráðgjafi íþrótta- og æskulýðsstarfs ÍSÍ tekur á móti tilkynningum um atvik sem upp koma og veitir þolendum ráðgjöf, stuðning og fræðslu. Á heimasíðunni samskiptaradgjafi.is er hægt að tilkynna um atvik sem verða í íþróttum, fá ráðgjöf og finna fræðsluefni tengt málaflökknum.

„Einnig leggjum við ríka áherslu á að við öll sem að íþróttahreyfing-

unni stöndum tökum skýra afstöðu gegn hvers kyns kvenfyrirlitningu, áreitni og ofbeldi og tökum öllum málum sem upp koma þess efnis alvarlega. Þjálfarar og stjórnarfolk er hvatt sérstaklega til að vinna markvisst að því að byggja upp heilbrigða klefamenningu sem laus er við kvenfyrirlitningu og ofbeldi,“ segir í bréfi ÍSÍ.

Kolbrún bendir á að það sé gríðarlega mikilvægt að koma skýrum skilaboðum út varðandi afstöðu til kynferðisofbeldis, kynbundins ofbeldis og kvenfyrirlitningu. „Okkur þykir vont að finna og heyra nú í kjölfar annarrar bylgju #metoo að innan íþróttahreyfingarinnar hafi ekki alls staðar verið tekið á þessum málum,“ segir Kolbrún. ■



## ENDURMENNTUN<sup>HI</sup>

# HVAÐ VILTU LÆRA?

Opíð er fyrir umsóknir í nám samhliða starfi. Persónulegt og metnaðarfullt nám með framúrskarandi kennurum, góðum tengslum milli nemenda og raunhæfum verkefnum úr atvinnulífinu.

**Skoðaðu nánar á endurmenntun.is**

**Umsóknarfrestur til 5. júní.**

# HLAUGHTU ÞAÐ BORGAR SIG



Styrktu gott málefni á [hlaupastyrkur.is](http://hlaupastyrkur.is)  
og taktu þátt 21. ágúst





Í Neskirkju verður þvertrúarleg bænastund með bahá'íum og múslimum.

## Sameinast í minningu fallinna og þakka fyrir

kristinnhaukur@frettabladid.is

**TRÚMÁL** Nítján trú- og lífsskoðunarfélög standa að þjóðardegi samstöðu vegna Covid-19 í dag, til að minnast þeirra sem fallið hafa fyrir sjúkdómnum og þakka fyrir óeigingjarna hjálp margra stétta í baráttunni gegn honum.

„Öll félögin gera eitthvað á sinn hátt. Sum verða með messur eða bænastundir og sum senda út myndbönd. Við ákváðum að fara þá leið að senda út orðsendingu til að minna á að þótt faraldurinn sé í rénun hjá okkur er hann erfður víða um heim,“ segir Siggeir Ævarsson, framkvæmdastjóri Síðmenntar.

Félögin eru Ásatrúarfélagið, Bahá'íar, Búddistar, DÍA Mat, Fjölskyldusamtök heimsfriðar og sameiningar, Fríkirkjurnar í Hafnarfirði og Reykjavík, Hjálpræðisherinn,

Kristskirkjan, Kaþólska kirkjan, Mormónakirkjan, Menningarsetur og Stofnun múslima, Óháði söfnuðurinn, Réttrúnaðarkirkjan, Samfélag gyðinga, Síðmennt, Aðventistar og Þjóðkirkjan.

Hver sókn innan Þjóðkirkjunnar tekur þátt á sinn hátt. Í Neskirkju verður til dæmis þvertrúarleg bænastund með bahá'íum og múslimum.

„Þetta verður einföld athöfn þar sem við minnumst þeirra sem hafa látist, hugsum til þeirra sem þjást enn þá og þökkum þeim sem hafa létt þjáningar annarra,“ segir Steinunn Arnþróður Björnsdóttir, prestur við Neskirkju.

„Þessa dagana hugsa ég sjálf mikið til Indlands, þar sem ég hef oft verið og á marga vini. Ríku þjóðirnar hafa fengið mest af bóluefnunum og það verður að passa upp á að fátækari löndin beri ekki skarðan hlut.“ ■

# Áriðandi að skima erlendar fjárfestingar kerfisbundið

Ný meistararitgerð skoðar regluverk um skimun erlendra fjárfestinga. Ríki geta þannig metið og skilyrt fjárfestingar á grunni þjóðaröryggis. Höfundur segir áriðandi að íslensk stjórnvöld taki slíkt upp.

arib@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** „Þetta virkar mjög einfalt í hugsun en þetta er gríðarlega flókið fyrirbæri til að setja í lagatexta,“ segir Albert Guðmundsson laganemi, sem skilaði nýverið meistararitgerð um skimun erlendra fjárfestinga hér á landi.

Í skimuninni felst að ríki geti metið, heimilað, skilyrt, bannað eða undið ofan af erlendum fjárfestingum á grundvelli þjóðaröryggis. Um er að ræða þróun í alþjóðlegum fjárfestingarétti sem birtist meðal annars í nýrri reglugerð Evrópusambandsins. Þá hafa Bandaríkjamenn einnig hert sínar reglur um erlendar fjárfestingar.

„Það er alltaf hætt á því að þetta verði háð geðþótta og það leynist verndarstefna í ákvörðunum þjóða. Það er gömul saga og ný að sumar þjóðir eru í náðinni þegar kemur að fjárfestingum. Það er því mikilvægt að slíkar lagareglur séu skýrar og fyrirsjáanlegar og feli ekki í sér dulda mismunun,“ segir Albert.

Líta þarf til fleiri þátta en einungis þjóðernis fjárfesta við skimun, til að koma í veg fyrir slíka mismunun. „Skimanir nágrannalanda taka iðulega til fjárfestinga innan ákveðinna geira eða þvert á geira og miða þá yfirleitt við ákveðinn þröskuld. Til dæmis ef fjárfestingar ná ákveðnum þröskuldi, segjum 10 til 25 prósentu eignarhlut, þá fer skimunarkerfið í gang.“

Meðal atvinnugreina sem nýlega er byrjað að skima sérstaklega í eru tæknigeirinn og heilbrigðisgeirinn. „Það er verið að koma í veg fyrir kaup á fyrirtækjum sem eru að þróa bóluefni eða eru að þróa búnað varðandi smitvarnir, svo að ríki geti tryggt möguleika sína til að berjast við heimsfaraldurinn. Það er áhugavert að skoða hvaða atvinnu-



Albert Guðmundsson skoðaði umhverfi fjárfestinga. MYND/HÁKON BRODER LUND



**Auðkenni ehf. og Creditinfo eru dæmi um íslensk fyrirtæki sem ég tek fyrir í ritgerðinni. Þjóðhagslegt mikilvægi þessara fyrirtækja og þessa atvinnugeira er orðið mjög mikið.**

greinar eru mikilvægar á hverjum tíma. Hvernig viðhorf ríkja breytist til þess hvað teljist þjóðhagslega mikilvægar greinar. Auðkenni ehf. og Creditinfo eru dæmi um íslensk fyrirtæki sem ég tek fyrir í ritgerðinni. Þjóðhagslegt mikilvægi þess-

ara fyrirtækja og þessa atvinnugeira er orðið mjög mikið. Hvergi er þó skilgreint í íslenskum lögum hvaða grunnvirki eða innviðir teljast þjóðhagslega mikilvæg.“

Erlendar fjárfestingar hafa valdið fjaðrafoki hér á landi, þá sérstaklega í kringum landakaup Huang Nubo og Jim Ratcliffe.

Hvenær telst fjárfesting ógna þjóðaröryggi?

„Það er stóra spurningin. Til að byrja með þarf að skoða áhættuna sem felst í erlendra fjárfestingum, hvaða öryggismunur er á innlendum og erlendum fjárfestingum. Þjóðir eru nú að reyna að feta mjög vandmeðfarin skref með þessum nýju reglum. Það er engu að síður mjög áriðandi að mínu mati að íslensk stjórnvöld taki þessa löggjöf til gagnerrar endurskoðunar og taki upp skimunarkerfi. Því það er alltaf á ábyrgð ríkja að tryggja sitt eigið þjóðaröryggi. Það er enginn annar að fara að passa upp á þjóðaröryggi okkar.“ ■

### AÐALFUNDUR

Heimssýnar í Friðarhúsi 9. júní kl. 17.30  
Arnar Þór Jónsson talar

Boðað er til aðalfundar í Heimssýn. Fundurinn verður haldinn í Friðarhúsi á horni Njálsgötu og Snorrabrautar 9. júní nk. kl. 17.30.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

Kl. 18.00 mun Arnar Þór Jónsson ávarpa fundinn. Arnar Þór hefur að undanförmu rætt mikilvægi lýðræðis og fullveldis Íslendinga og varað við hinni hægfaru breytingu sem er að verða á stjórnskipun landsins.

Mmm...  
Djamborgari  
á grillið!



Fabrikkann Ribeye borgarar 2x175 g

**1379** kr. pk.



Ódýrt

Hamborgarar 4 stk. með brauði

**998** kr. pk.

ÞVEIKJUM  
Á SUMRINU

KRONAN



Afgreiðslutímar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)





SAMTÖK  
ATVINNULÍFSINS

Við erum að koma til þín!

# Samtal um atvinnulífið, tækifærin og veginn framundan.

Samtök atvinnulífsins bjóða félagsmönnum hringinn í kringum landið á súpufundi.



## Dagskrá

1. júní	Reykjanesbær - Park inn by Radisson	kl. 12–13.30
2. júní	Ísafjörður - Hótel Ísafjörður	kl. 12–13.30
3. júní	Selfoss - Hótel Selfoss	kl. 12–13.30
7. júní	Vestmannaeyjar - Hótel Vestmannaeyjar	kl. 12–13.30
8. júní	Siglufjörður - Hótel Sigló	kl. 12–13.30
8. júní	Akureyri - Menningarhúsið Hof	kl. 16–17.30
9. júní	Eskifjörður - Gistihúsið Mjóeyri	kl. 12–13.30
9. júní	Egilsstaðir - Hótel Valaskjálfr	kl. 16–17.30
14. júní	Höfn - Pakkhúsið	kl. 12–13.30

Hringferðinni lýkur á ársfundi Samtaka atvinnulífsins í sumarlok.

Fleiri dagsetningar verða tilkynntar síðar

# Meirihluti farþega með Norrænu er bólusettur

Rúmlega 300 manns komu með Norrænu í land á Seyðisfirði á þriðjudag. Þeir framvísuðu nánast allir gildum bólusetningavottorðum. Framkvæmdastjóri Smyril Line á Íslandi, útgerðar Norrænu, segir fjölda ferðamanna vera að aukast.

benediktboas@frettabladid.is

**SAMGÖNGUR** Norræna kom á þriðjudag til Seyðisfjarðar og gengu 296 farþegar í land. Af þeim framvísuðu 222 gildum bólusetningavottorðum, samkvæmt tilkynningu frá aðgerðastjórn á Austurlandi. Þar segir enn fremur að þetta sé svipað hlutfall og hjá flugfarþegum er fara um Leifstöð. Óbólusettir virðast því flestir halda sig heima við enn sem komið er.

Linda Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri Smyril Line á Íslandi, segist finna fyrir aukningum í bókunum. Sú breyting hefur orðið að ferðamenn hringja meira á skrifstofurnar til að leita sér upplýsinga og þá er hægt að nýta sér ferðina sem tveggja daga sóttkví.

„Við erum að sjá vöxt núna og bara í júlí eru eðlilegri tölur í kortunum. Þær eru auðvitað langt frá tölunum 2019 en það er verið að sýna Íslandi



Við erum búin að fá mikið af stórum pöntunum í ágúst og september þannig að þetta sumartímabil sem hefur alltaf verið vinsælast er að lengjast.



Linda Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri Smyril Line á Íslandi.

mikinn áhuga sem ferðamannastað. Við teljumst öruggt land enda frammarlega í bæði sóttvörnum og bólusetningum,” segir Linda.

Hún segir að æ fleiri taki upp símann og athugi stöðuna í stað þess að panta á netinu. Sérstaklega þeir sem séu að stoppa lengi hér á landi. Það



Norræna gekkst undir andlitslyftingu á meðan Covid stóð yfir sem kostaði hátt í tvo milljarða. Linda segir að útkoman hafi reynst vel og eru farþegar ánægðir með breytingarnar. MYND/SMYRIL LINE

sé breyting frá því fyrir Covid þegar margir nýttu sér internetið til að klára sína pöntun. „Við finnum það á ferðaskrifstofunum okkar erlendis og líka hjá þeim sem eru að fara frá Íslandi með skipinu – þeir þurfa mikið að ræða málin. Svo breytist það kannski aftur.“

Stutt er síðan að Norræna gekkst undir allsherjar andlitslyftingu. Útgerð skipsins ákvað að nýta tímann í faraldrinum til að gera breytingar á skipinu fyrir tvo milljarða króna, bætti við káetum, veitinga-

stað og heilli hæð svo fátt eitt sé nefnt.

„Maður sér það og finnur að það er mikil gleði með skipið. Fólk er að njóta þess enn betur að ferðast með skipinu. Þótt við séum búin að bæta við heilli hæð er skipið enn stöðugt og fínt þannig að við erum mjög ánægð með breytingarnar og spennit fyrir komandi tímum.“

Ég var einmitt að heyra í okkar fólk í Færeyjum og það er svolítið að gerast það sem okkur grunaði. Ferðatímabilið er að lengjast út á

haustið. Við erum búin að fá mikið af stórum pöntunum í ágúst og september þannig að þetta sumartímabil sem hefur alltaf verið vinsælast er að lengjast. Það eru líka komnar finar bókanir í september og október þannig að ég spái því að við eigum örugglega eftir að rétta úr kútnum ágætlega hratt hvað varðar fjölda ferðamanna,” segir Linda.

Farþegar með Norrænu mega nota siglingartímamann sem sóttkví. Allir eru skimaðir áður en þeir fara um borð. ■



## ÖRYGGISÍBÚÐIR EIRAR TIL LEIGU Í GRAFARVOGI

Vandaðar öryggisíbúðir Eirar til leigu í Eirarhúsum, Hlíðarhúsum 3–5, 112 Reykjavík.

- Rólegt og notarlegt umhverfi með aðgengi að metnaðarfullri aðstöðu og þjónustu með það að markmiði að einstaklingurinn geti búið lengur heima.
- Öryggisvöktun allan sólarhringinn.
- Aðgengi að mótuneyti og félagsmiðstöð.
- Góðar gönguleiðir í nágrenninu.

Sendið fyrirspurn á netfangið: [ibudir@eir.is](mailto:ibudir@eir.is)

Eir öryggisíbúðir ehf. - Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík  
Netfang: [ibudir@eir.is](mailto:ibudir@eir.is) - Sími 522 5700, milli 8 og 16 virka daga.



Hofid sem hýsti forngrípina stendur við Darbar-torg í Patan.

## Nepalir krefja Frakka um helgigripi

arnartomas@frettabladid.is

**NEPAL** Uppboðshúsið Bonhams í Frakklandi hefur dregið fornmoni úr sölu sem stolið var úr nepölsku hofi fyrir fjörutíu árum.

Umræddir munir eru fimm 600 ára gamlar stytur af guðum úr hindúatrú sem voru hluti af helgimynd fyrir ofan innganginn við Taleju-hofið í borginni Patan í Nepal. Alls voru tólf stytur rifnar úr höggmyndinni á áttunda og níunda áratugnum.

Ætlunin var að munirnir yrðu hluti af uppboði í vikunni, en þeir voru dregnir til baka eftir að fjölmíðlar í Nepal greindu frá málum. Í kjölfarið krafðist utanríkisráðuneytið Nepal þess að mununum yrði skilað heim.

Ekki er vitað hvar hinar sjö stytturnar úr helgimyndinni eru niður komnar, en eftir að stytturnar fimm voru dregnar úr uppboðinu hafa vonir aukist um að þeim verði skilað þar sem ekki verður hægt að selja þær opinberlega. ■

## Telja að LED-væðingin sé útboðsskyld

benediktboas@frettabladid.is

**IDNAÐUR** Samtök iðnaðarins hafa skorað á sjö sveitarfélög að bjóða út viðhald, rekstur og LED-væðingu götulýsinga. Var það eftir úrskurð kerunefndar útboðsmála um að Reykjavíkurborg hafi brotið lög.

Sveitarfélögin sem fengu bréf eru Reykjavík, Akranes, Kópavogur, Garðabær, Mosfellsbær, Hafnarfjörður og Seltjarnarnes. Hafnfirðingar brugðust strax við enda á að LED-væða bæinn.

Í bréfi SI til Reykjavíkurborgar er sagt brýnt að brugðist sé hratt við og strax hafist handa við útboðið.

Þá er rakið hvernig samtökin hafi engar upplýsingar fengið frá borginni og því þurft að reka málið fyrir úrskurðarnefndinni.



Led-ljósastaurar við Hringbraut.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Samkvæmt gögnum frá borginni má áætla að á næstu fimm árum nemi kostnaður við rekstur, viðhald og LED-væðingu götulýsingar um 2,8 milljörðum króna.

Samtök iðnaðarins segja að úrskurðurinn hafi breiða skírskotun og sé fordæmisgefandi fyrir önnur sveitarfélög. ■

# Guli miðinn VÍTAMÍN

Bætir, viðheldur og ver  
heilsu fjölskyldunnar.

Fæst í apótekum  
og stórmörkuðum  
um allt land.

## SÉRÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Sérhönnuð vítamín fyrir  
okkur sem búum  
á norðlægum slóðum

## STRANGAR GÆÐAKRÖFUR

Alþjóðleg GMP gæðavottun,  
framleitt í samvinnu  
við alþjóðlega framleiðendur  
sem starfa samkvæmt  
ströngustu gæðakröfum

[gulimidinn.is](http://gulimidinn.is)



## ÁN ÓÆSKILEGRA AUKAEFNA

Eins og litarefna og  
sætuefnanna aspartam  
og súkralósa

## ENDURVINNANLEGAR UMBÚÐIR

Allar umbúðirnar mega  
fara í endurvinnslu

## VARÐVEITUM GÆÐIN

Brúna glerglasið varðveitir  
gæði vítamínsins og ver það  
fyrir fyrir sólarljósi sem og  
mengun frá plastumbúðum

gæði á góðu verði



## Á bið



Jón Þórisson  
jon@frettabladid.is

Þótt við stærum okkur af framúrskarandi heilbrigðisþjónustu eru á henni agnár sem treglega gengur að sníða af. Biðlistar eftir lífsbætandi heilbrigðisþjónustu eru til vitnis um það. Nefna má liðskiptaaðgerðir sem dæmi í því samhengi. Í því tilviki þurfa þeir sem búa við skert lífsgæði að biða misserum saman eftir liðskiptum, til að mynda í hné eða mjödm, á opinberu sjúkrahúsi, þegar í boði er að minnsta kosti jafngóð lausn í einkarekstri en þá þarf sá þjáði að standa straum af kostnaðinum sjálfur og án greiðsluþátttöku hins opinbera.

Umræða um einkarekstur í heilbrigðiskerfinu er ekki ný af nálinni hér á landi. Um árabíl hefur heilbrigðisþjónusta verið veitt með blönduðu fyrirkomulagi, sumt á vegum einkarekstrar og annað á hendi ríkis.

Fyrir stuttu kynnti BSRB könnun sem Félagsvísindastofnun framkvæmdi. Um niðurstöðu könnunarinnar sagði bandalagid á heimasíðu sinni að þjóðin hafni einkarekstri í heilbrigðiskerfinu.

Í vikunni birtust hér í blaðinu tvær aðsendar greinar. Önnur eftir formann BSRB, þar sem fullyrt var að niðurstaða könnunarinnar sýni að mikill meirihluti landsmanna vilji heilbrigðiskerfi sem rekið er af hinu opinbera fyrir skattfé og hafni aukinni einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu.

Hina skrifuðu formaður Læknafélags Reykjavíkur og stjórnarmaður í félaginu um uppslátt bandalagsins að sú staðhæfing rími ekki við niðurstöður könnunarinnar. „Gögnin eru afdráttarlaus um að þetta eigi vissulega við um sjúkrahúsrekstur en ef aðrir þættir heilbrigðiskerfisins eru skoðaðir er niðurstaðan þveröfug.“

Í gær spurðist út að læknaðstofum Domus Medica verði lokað um næstu áramót. Þar hefur verið hýst fjölbreytt heilbrigðisþjónusta frá því 1966 við börn og fulloröna. Haft var eftir framkvæmdastjóra fyrirtækisins að um sé að kenna ríkisvæðingarstefnu stjórnvalda.

Heilbrigðisráðherra hefur verið borið á brýn að vera heldur fylgjandi ríkisrekinni heilbrigðisþjónustu en hinni einkareknu, enda eru engin merkjanleg teikn um að ráðherrann styðji í verki hið blandaða kerfi einkarekinnar og ríkisrekinnar heilbrigðisþjónustu sem verið hefur hér við lýði í áratugi. Þvert á móti hefur hún stigið áberandi skref til ríkisvæðingar. Nýlega var krabbameinsleit í brjóstum og leghálsi kvenna flutt úr höndum Krabbameinsfélagsins til hins opinbera. Ekki verður beinlínis sagt að sú framkvæmd hafi gengið snurðulaust.

Til stendur að innleiða nýtt bókhaldskerfi í opinberum heilbrigðisrekstri með það að markmiði að greitt verði fyrir hvert viðvik líkt og í einkarekna kerfinu. Um hrið hefur kerfið verið til reynslu innan Landspítalans og ættu heilbrigðisyfirvöld því að hafa góða hugmynd um hvað hver aðgerð kostar hjá hinu opinbera annars vegar og hjá einkaaðilum hins vegar.

Fyrirkomulag þessara mála til framtíðar hlýtur að verða eitt af stóru kosningamálunum í haust.

Áður en gerðar verða fleiri kannanir, og sérstaklega áður en þetta mikilvæga mál fer í dóm kjösenda, þarf að fá þessar upplýsingar fram.

Umræðuna þarf að byggja á staðreyndum en ekki því sem manni finnst, hvort sem um ráðherra eða formann hagsmunasamtaka er að ræða. ■

Heilbrigðisráðherra hefur verið borið á brýn að vera heldur fylgjandi ríkisrekinni heilbrigðisþjónustu en hinni einkareknu.

## ■ Gunnar



## ■ Mín skoðun

## Hvað er svona merkilegt við það?



Sif Sigmarsdóttir

Um síðustu helgi birtist athyglisvert viðtal í Fréttablaðinu við Fidu Abu Libdeh. Árið 1995, þegar Fida var sextán ára, flutti hún til Íslands frá Palestínu ásamt móður sinni og systkinum. Fida þræði að ganga menntavegin en átti erfitt með að fóta sig. „Kerfið gerði ekki ráð fyrir okkur,“ sagði Fida. Hún gafst þó ekki upp og af harðfylgi lærði hún íslensku, útskrifaðist úr orku- og umhverfistækni frá Háskóla Íslands og stofnaði eigið fyrirtæki. Fida segist þó enn ekki vera álitin jöfn þeim sem fæddust á Íslandi. Þegar hún verslar í stórmörkuðum er hún gjarnan spurð hvort hún vinni þar. Nýverið gekk hún inn á kaffistofu fyrirtækis þar sem vörur eru framleiddar fyrir fyrirtæki hennar. Hópur karlar stóð á fætur og spurði: „Ertu komin til að þrifa?“ Fida svaraði: „Af hverju í fókkinu haldið þið það?“

Slíkar staðal hugmyndir eru útbreiddar. Björk Eidsdóttir, ritstjóri helgarblaðs Fréttablaðsins, sem tók viðtalið við Fidu, sagði sögu í leiðara í vikunni af því þegar hún ritstýrði eigin tímariti. Hún sat við tölvuna á skrifstofu blaðsins í opnu rými sem hún deildi með fleiri fyrirtækjum þegar þrjár karlar gengu inn á leiðinni á fund. Þeir sneru sér að Björk og spurðu: „Gætirðu sótt fyrir okkur kaffi?“ Síðan hlógu þeir datt að háðsglósunum.

Á yfirborðinu eru þessar tvær frásagnir dæmi um hve lengi lifir í gömlum glæðum; fordómar í garð innflytjenda eru þrautseigir; enn glittrir í gömlum viðhorf um að konur séu handlangar merkilegra manna sem tryggja að jörðin snúist um möndul sinn. Undir yfirborðinu leynist hins vegar önnur saga, saga hóps sem býr við svo allumlykjandi fordóma að við sjáum þá ekki frekar en loftið sem við öndum að okkur.

## Fullkomlega tilgangslaus

Hin sextíu og sjö ára Julie Cousins sagði starfi sínu lausu á dögnum. Cousins starfaði sem

ræstitæknir hjá breska bankanum HSBC og hafði þrifið banka í þrjátíu og fimm ár. Uppsagnarbréf sem Cousins skrifaði yfirmanni sínum fór eins og eldur í sinu um internetið. Þar greindi hún frá ástæðu uppsagnarinnar sem hún sagði „óvæginn og grimur“ orð yfirmannsins í hennar garð. Cousins bætti við: „Þær endurspeglar þinn innri mann en ekki minn.“ Samstarfsfólki sínu í bankanum bar hún kveðju: „Í veröld þar sem þið getið verið hvað sem er, verið góð – því þið eruð ekkert merkilegri en ræstitæknirinn.“

Skoðanakönnun sem var gerð í Bretlandi árið 2015 sýndi að 37% folks á vinnumarkaði taldi starf sitt vera með öllu óþarft. Mannfræðingurinn David Graeber skrifaði metsölubókina „Bullshit Jobs“ byggða á könnuninni, þar sem því er haldið fram að meira en helmingur starfa í nútímasamfélagi séu fullkomlega tilgangslaus, en flest séu þau á sviði fjármálastarfsemi, lögfræði, mannaútsjórnunar, almannatengsla og ráðgjafastarfsemi.

Það móðgast enginn við það að vera talinn mannaútsjórnari að ósekju. Það sama verður ekki sagt um ræstitækna.

Skömmu fyrir sviplegt andlát David Graeber í september síðastliðnum flutti Breska ríkisútvarpið hugleiðingar hans um kórónaveirufaraldurinn. „Lokun samfélaga í sóttvarnarskiptum starfa í nútímasamfélagi séu fullkomlega tilgangslaus, en flest séu þau á sviði fjármálastarfsemi, lögfræði, mannaútsjórnunar, almannatengsla og ráðgjafastarfsemi.“

Það sama virðist gilda um virðingu. Starfs titlar þeirra sem sinna gagnlegustu störfum samfélagsins, störfum á borð við ræstingar og afgreiðslu í matvöruverslunum, eru taldir hin mesta smán. Þeir eru notaðir til að móðga og við tökum þeim hugsunarlaust sem móðgun.

„Hvað er svona merkilegt við það ...?“ sungu Grýlurnar forðum. Hvað er svona merkilegt við það að vinna á skrifborðsstól á hjólam? Hvað er svona merkilegt við það að sitja fundi, senda tölvupósta og skrifa skýrslur? Julie Cousins veit svarið: Ekkert. ■

FRÉTTABLAÐIÐ 20 ÁRA

NÁÐU TIL FJÖLDANS!

44% 68%

18-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali\* 55-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali\*

Sími: 550 5050 – [soludeild@frettabladid.is](mailto:soludeild@frettabladid.is)

\*Samkvæmt prentmælingum Gallup

# Skuggalega flottur.



Movement that inspires

**Kia Sportage er nú fáanlegur í Black Edition útgáfu.**

Hrífandi yfirbragð, 17" svartar álfelgur, fjórhjóladrif, öflug dráttargeta og lykllausar lausnir eru meðal helstu einkenna Kia Sportage Black Edition. Einnig býr þessi seiðmagnaða útgáfa yfir öllum þeim tækni- og öryggisbúnaði sem hefur gert Kia Sportage að einum vinsælasta jeppingi landsins. Kia Sportage Black Edition fæst sem MHEV (Mild Hybrid) og í 6 mismunandi litum.

**Komdu og reynsluaktu Kia Sportage Black Edition. Þú kolfellur fyrir honum.**


Opið í dag frá kl. 12-16. Við tökum vel á móti þér.

Kia Sportage Black Edition verð frá:

**6.990.777 kr.**

1.6 dísil MHEV, 4WD, 7 þrepa sjálfskipting, 136 hö, eyðsla frá 5,1 L/100 km

Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

 Fylgdu okkur á Facebook.  
facebook.com/kiamotorsland

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og heimila.  
Nánar á [askja.is/hledslulausnir](http://askja.is/hledslulausnir)



ÚTSALA  
**35%**  
AFSLÁTTUR

**BILOXI**  
3ja sæta sófi



77.994 kr. ~~119.990 kr.~~



**CLEVELAND**  
Hornsófi, grátt eða dökkgrátt áklæði

ÚTSALA  
**20%**  
AFSLÁTTUR

159.992 kr. ~~199.990 kr.~~

ÚTSALA  
**35%**  
AFSLÁTTUR

**FLAIR**  
Hægindastóll



38.994 kr. ~~59.990 kr.~~

ÚTSALA  
**30%**  
AFSLÁTTUR

**FIERCE**  
Borðstofustóll



25.193 kr. ~~35.990 kr.~~



**MAIDSTONE**  
Borðstofuforbö

ÚTSALA  
**40%**  
AFSLÁTTUR

160 x 80 x 75 cm

59.994 kr. ~~99.990 kr.~~



**HEAVEN**  
Sófaborð

ÚTSALA  
**40%**  
AFSLÁTTUR

130 x 70 x 46 cm

47.994 kr. ~~79.990 kr.~~



ÚTSALA  
**25%**  
AFSLÁTTUR

**CONNECT**  
Tungusófi

164.993 kr. ~~219.990 kr.~~

ÚTSALA  
**30%**  
AFSLÁTTUR

**NANNA**  
Hægindastóll



43.992 kr. ~~54.990 kr.~~

ÚTSALA  
**20%**  
AFSLÁTTUR

**EMBRACE**  
Borðstofustóll



26.392 kr. ~~32.990 kr.~~



ÚTSALA  
**42%**  
AFSLÁTTUR

**MIRAMAS**

Glerskápur/svart birki 98.594 kr. ~~169.990 kr.~~



ÚTSALA  
**60%**  
AFSLÁTTUR

**BROSTE**  
Boden skermur

5.596 kr. ~~13.990 kr.~~



**BROSTE**  
COPENHAGEN

**BROSTE**  
Vasi

ÚTSALA  
**50%**  
AFSLÁTTUR

7.495 kr. ~~14.990 kr.~~



ÖLL MATARSTELL  
FRÁ BROSTE

ÚTSALA  
**20%**  
AFSLÁTTUR

ÚTSALA  
**50%**  
AFSLÁTTUR

**EIGHT MOOD**  
Ilmkerti

3.995 kr. ~~7.990 kr.~~



ÚTSALA  
**60%**  
AFSLÁTTUR

**BROSTE**

Ljósaperur verð frá 1.996 kr. ~~4.990 kr.~~

Reykjavík 11 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 11 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.  
Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Verð gildir til 11. júlí 2021,  
eða á meðan birgðir endast.

# SUMAR ÚTSALA

Allt að **50%** afsláttur

ÚTSALA  
**20%**  
AFSLÁTTUR

EDE

3ja sæta sófi  
143.992 kr.  
-179.990 kr.-

Stóll  
95.992 kr.  
-119.990 kr.-

Skammel  
51.992 kr.  
-64.990 kr.-



**STOCKHOLM** Garðhúsgagnalínan frá Brafab kemur í tveimur litum, natur og svörtu. Álgrind, handöfnun úr sérlega endingargóðu fléttuefni. Fyrsta flokks

svampur í sessum og bakpullum. Endingargott Olefin áklæði. Fáanlegir hornsófar, 3ja sæta sófar, stólar, sólbekkir, sófaborð og hnallar.



STOCKHOLM  
**20%**  
KYNNINGAR  
AFSLÁTTUR

**STOCKHOLM**  
Hornsófi 2H2. Stærð: 252 x 252 x 80 cm **191.992 kr. -239.990 kr.**



**STOCKHOLM**  
Hægindastóll  
**44.792 kr. -55.990 kr.**



**MEDUSA**  
Kampavínglas **1.692 kr. -1.990 kr.**

*Fallegur borðbúnaður  
- tilvalinn í útileguna  
eða út á pallinn!*

MEDUSA  
**15%**  
KYNNINGAR  
AFSLÁTTUR



**MEDUSA**  
Skál 14,5 cm **1.267 kr. -1.490 kr.**

## Ætlar að hjóla 400 kílómetra í einum legg



Hjörvar Ólafsson hjörvaro @frettabladid.is

Arnar Helgi Lárusson, formaður SEM samtakanna, ætlar að hjóla 400 kílómetra á einum sólarhring í lok júní. Með þessu vill hann minna á mikilvægi hreyfingar fyrir hreyfihamlaða og hvetja fólk til að leggja samtökunum lið.

**HJÓLREIÐAR** Handahjólreiðamaðurinn Arnar Helgi Lárusson lenti í mótörhjólaslysi í september árið 2002, þá 26 ára gamall, en í því slysi lamaðist hann frá brjósti og niður. Arnar Helgi lét þó heldur betur ekki deigan síga þrátt fyrir hreyfihömlunina en hann snéri sér fljótlega að íþróttum, fyrst lyftingum, svo hjólastóla-race og nú handahjólreiðum. Þessa dagana undirbýr Arnar Helgi, sem er formaður SEM samtakanna, en það eru Samtök endurhæfðra mænuskaddaðra, sig undir að hjóla 400 kílómetra á einum sólarhring í lok júní.

Arnar Helgi, í samvinnu við SEM og Íþróttasamband fatlaðra, vill með þessu vekja athygli á því að hreyfihamlaðir geta vel haldið áfram að stunda hreyfingu þrátt fyrir skerðingu á hreyfigetu og að það sé mikil lífsgæði fölginn í því að njóta aðgangs að tækjum og tólum til þess að hreyfa sig.

Þá er Arnar Helgi um leið að biðla til fólks um aðstoð við að fjármagna kaup á fjórum hjólum sem sérhönnuð eru fyrir hreyfihamlaða. Hugmyndin sé að þau geti verið til láns fyrir áhugasama án endurgjalds.


„Undirbúningur fyrir þennan langa hjólatúr gengur mjög vel og ég hef síðustu daga verið að hjóla allt upp í rúma 200 kílómetra í einum legg og er að nálgast 8.000 kílómetra á þessu ári.

Ég hef fulla trú á að ég geti þetta, en um leið er ég meðvitaður um að líkaminn gæti hafnað þessu uppátæki mínu og þá bara fer það svo. Það er allt í góðu,“ segir Arnar Helgi, um stöðu mála í undirbúningnum fyrir tilraun sína.

### Ekki mörgum tekist að gera þetta

„Það eru ekki margir sem hafa leikið þetta eftir í heiminum, þannig að þetta er þónokkuð afrek ef mér tekst þetta. Með þessu vil ég vekja athygli á mikilvægi þess fyrir þá sem verða fyrir mænuskada að stunda áfram hreyfingu, bæði fyrir andlega og líkamlega líðan.

Fólk þarf alls ekki að vera í jafn miklu formi og ég er að gera, það er bara hreyfingin sem skiptir máli. Þetta er hreyfing sem hentar mér þar sem ég er mjög aktífur að



Arnar Helgi Lárusson hefur búið til glæsilega aðstöðu til æfinga í bílskúrnum á heimili sínu í Njarðvík. Þar æfir hann af kappi fyrir hjólatúrinn þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

edlisfari. En ég fæ líka mikið út úr því að að hjóla bara í rólegheitum úti í náttúrunni með fjölskyldu og vinum,“ segir hann enn fremur.

### Vilja eiga hjól svo fólk geti prófað

„Um leið og ég er að benda á mikilvægi hreyfingar hef ég sett af stað söfnun fyrir kaupum SEM-samtakanna á fjórum sérútbúnum hjólum. Þetta eru hjól sem kosta um 2,5 milljónir og við myndum lána hreyfihömluðu fólk þau endurgjaldslaus til þess að hvetja það til að fara út að hjóla.

Hjólin eru með mismunandi stillingum á erfðileikastigi og henta því bæði í rólega hjólatúra og svo meira krefjandi hreyfingu.

Ódýrustu hjólin fyrir hreyfihamlaða kosta rúma milljón og það segir sig sjálf að það er ekki farið

út í slíkja fjárfestingu fyrir nokkra hjólatúra í mánuði. Auk þess sem það eru ekki allir aflögufærir um að borga slíka upphæð fyrir afþreyingu sína,“ segir Arnar Helgi.

„Ég fékk sjálfur veglega gjöf frá Lions í Njarðvík eftir að ég varð fyrir slysinu, en á þeim tíma hefði ég ekki haft tök á því að borga fyrir slíkt hjól. Ég verð Lions ævinlega þakklátur fyrir þá gjöf, sem hefur verið mér algerlega ómetanleg,“ segir þessi frábæri íþróttamaður.

### Hafa hug á að byggja upp aðstöðu

„Stefnan er að hjóla á göðviðrisdegi í lok júní og ég mun byrja austarlega á landinu og vinna mig suður en ég enda á Selfossi þar sem verður tekið á móti mér og við verðum búin að raka saman þeim búnaði sem til er á Íslandi sem nýtist hreyfihömluðum

til hreyfingar til að hafa til sýnis.

Ég er mjög spenntur fyrir þessu og vona að fólk taki vel í þetta. Ég og Jóhann gjaldkeri í stjórn SEM höfum sent út nokkuð hundruð tölvupósta og erum að vonast eftir því að fá sem flesta með okkur í lið því það er samfélaginu öllu til góðs að þetta verði að veruleika.

Planið er auk þess að fjárfesta í hjólum og að kaupa einnig kajaka sem dæmi, og annan búnað sem hentar hreyfihömluðum vel til hreyfingar.

Þá er langtímamarkmiðið að byggja upp aðstöðu þar sem hreyfihamlaðir geta komið saman og æft þannig að þeir þurfi ekki að vera hver í sínu horninu í bílskúrnum sínum að æfa það sem þeir vilja æfa,“ segir formaðurinn um framhaldið. ■

Um leið og Arnar Helgi er að vekja athygli á mikilvægi hreyfingar hefur hann sett af stað söfnun SEM-samtakanna fyrir fjórum sérútbúnum hjólum sem til stendur að lána endurgjaldslaus.



Með þessu vil ég vekja athygli á mikilvægi þess fyrir þá sem verða fyrir mænuskada að stunda áfram hreyfingu.

## Titillinn getur farið norður í fyrsta skipti í sögu félagsins

hjoervaro@frettabladid.is

**HANDBOLTI** KA/Þór á möguleika á því að verða Íslandsmeistari í handbolta kvenna í fyrsta skipti í sögu félagsins, þegar liðið sækir Val heim í öðrum leik liðanna í úrslitaeinvöguinu um titilinn, sem fram fer í Origo-höllinni að Hlíðarenda á morgun.

Norðankonur fóru með sigur af hólmi, 24-21, í fyrsta leik liðanna norðan heiða á fimmtudagskvöldið. KA/Þór hefur nú þegar brotið blað í sögu félagsins fyrir á þessari leiktíð með því að verða deildarmeistari.

Rut Arnfjörð Jónsdóttir skoraði átta mörk í leiknum á fimmtudaginn og hafa Ágúst Þór Jóhannsson og Óskar Bjarni Óskarsson líklega verið drjúgum tíma í undirbúningnum milli leikja í að fara yfir leiðir til þess stöðva hana.

Auk þess að leggja mest í þúkíð

við markaskorun býr Rut til afar mikið fyrir leikmennina í kringum sig. Þá gekk herbragð Andra Snæs Stefánssonar, Þjálfara Þórs/KA, að spila sjö á sex í uppstilltum sóknarleik seinni hluta seinni hálfleiks, afar vel upp.

Hjá Val var Lovisa Thompson atkvæðamest með átta mörk sömu-leiðis en þessir tveir leikmenn mættust sitt hvorum megin á vellinum í leiknum á Akureyri.

Í gær var tilkynnt að stór hluti leikmannahóps KA/Þórs muni leika áfram með liðinu næstu árin, en ný leikmenn hafa framlengt samning sinn við félagið.

Þannig hafa Rakel Sara Elvarsdóttir, Hulda Bryndís Tryggvadóttir, Kristín Adalheiður Jóhannsdóttir, Arna Valgerður Erlingsdóttir, Anna Marý Jónsdóttir, Telma Lís Elmarsdóttir, Júlía Sóley Björnsdóttir, Hild-

ur Lilja Jónsdóttir og Sunna Katrín Hreinsdóttir, fest sig til framtíðar hjá KA/Þór.

Forsvarsmenn KA/Þórs ætla að bjóða upp á fría rútuferð fyrir stuðningsmenn liðsins en farið verður í fyrramálið suður og til baka eftir leik.

Valur er öllu vanari því að fagna titlum í kvennaflokki í handbolta en liðið er ríkjandi Íslandsmeistari eftir að hafa haft betur gegn Fram í rímmunni um titilinn vorið 2019. Þar varð Valur Íslandsmeistari í 17. skipti í sögu félagsins.

Anna Úrsúla Guðmundsdóttir, sem hefur orðið Íslandsmeistari sjö sinnum á ferli sínum, var öflug að vanda í varnarleiknum hjá Val í fyrsta leiknum en hún komst ekki á blað í þeim leik og Valskonur þurfa að ná að nýta hana betur í sóknarleiknum. ■



Hulda Bryndís Tryggvadóttir handsalar hér samning sinn.

MYND/KA/ÞÓR



# Allt eins og það á að vera

Lífið er létt þegar allt er eins og það á að vera. Hjá okkur færðu geltandi gott sjónvarpsefni í sumar í **Sjónvarpi Símans Premium**, traust farsímanet sem þú getur stólað á og þjónustu sem einfaldar lífið.

Þú getur meira með Símanum

100 GB  
**Sumargjöf**

100 GB bætast sjálfkrafa við í júní hjá þeim sem eru með farsímann hjá Símanum\*

\*Gildir ekki fyrir frelsi, Krakkakort og Fyrirtæksgjafskrá



siminn.is

## Hamingjunni fagnað alla helgina og út árið

Sjómanna dagurinn er nú á sunnudaginn og þó Hátíð hafsins hafi verið frestað í höfuðborginni slá nágranna-bæjarfélögin ekki slöku við og verður til að mynda mikið um dýrðir alla helgina í Þorlákshöfn.

Þorlákshöfn fagnar því um þessar mundir að sjöttu ár eru frá því staðurinn byrjaði að byggjast upp sem þéttbýli. Fram að því hafði í Þorlákshöfn verið bóndabær og verstöð þangað sem margir komu úr sveitunum til að vera yfir vertíðina.

„Þegar ákvörðun var tekin um að byggja hér höfn þá sá fólk tækifæri í því að taka þátt í uppbyggingu á þessu nýja þorpi og hingað flyktist að fólk, margir úr Selvogi og öðrum stöðum úr Arnessýslu, en líka frá ýmsum öðrum stöðum á landinu,“ segir Ása Berglind Hjálmarasdóttir, verkefnastjóri á menningarsviði Ölfuss.

Ása segir að ákveðið hafi verið að fagna afmælinu vel og innilega um leið og það færi að létta á ástandinu vegna heimsfaraldursins og nú um helgina verði farið af stað af krafti.

### Veisluhöld allt árið

„Sérstök afmælisnefnd var sett saman og verkefnastjóri ráðinn og það er bæði Sveitarfélagið Ölfus og fyrirtæki sem tengjast því, sem standa að hátíðinni.“

Stefnt var á að halda veislu fyrstu helgi hvers mánaðar allt afmælisárið og segir Ása að upphitun hafi verið um páska helgina. „Þegar það var ljóst að það stefndi í aðra einangrunarpáska settum við saman spurningakeppni með afmælisváfi fyrir alla fjölskylduna. Hún fór fram í gegnum beint streymi og fjölskyldur tóku þátt í gegnum forritið kahoot.“

Nú með nýtilkominni rýmkun á samkomutakmörkunum er fram undan fyrsta afmælishelgin af mörgum en afmælisnefndin er að undirbúa hátíðahöld fyrstu helgi hvers mánaðar út árið.

„Þar verða ólíkir viðburðir þar sem unnið er bæði með söguna, mannlífið og fjölbreytileika samfélagsins hér í Þorlákshöfn og svo auðvitað líka aðkeypt skemmtiatriði í bland. Það má segja að hápunktur afmælishátíðarinnar verði þegar bæjarhátíðin okkar, Hamingjan við hafið, er haldin 3.–8. ágúst,“ segir Ása.

### Brottluttir koma í heimsókn

Hún segist finna vel fyrir eftirvæntingu bæjarbúa. „Enda margir orðnir langeygir eftir því að njóta þess að hitta annað fólk, fara á tónleika og skemmta sér. Við erum ekki búin að tilkynna alla afmælisdagskrána en það verður gert á næstu dögum og alveg víst að fólk hlakkar til þess að sjá hvað nefndin hefur sett saman. En við óskudum í upphafi eftir hugmyndum frá íbúum, unglingaráði og nemendum í grunnskólanum og það er mjög gaman að segja frá því að fjölmargar hugmyndir rata í dagskrána. Svo það má með sannri segja að margir hafa komið að gerð afmælisdagskrárinnar.“

Það sem er líka svo skemmtilegt við hátíðahöld eins og þessi er að fá brottflutta Þorlákshafnarbúa í heimsókn og ég er alveg viss um að margir eiga eftir að heimsækja sinn gamla heimabæ og fagna afmælinu með okkur. Þar fyrir utan eru auðvitað allir velkomnir í afmælisveislu í hamingjuna í Þorlákshöfn.“

### Sjómanna dagsgleði alla helgina

Nú um helgina verður sjómanna-deginum fagnað bæði laugardag og sunnudag.



Hátíðarhöld verða alla helgina í Þorlákshöfn í tilefni sjómanna dagsins á sunnudaginn.

MYND/ADSEND



Ungir sem aldnir skemmta sér saman í Skrúðgarðinum.



Keppt er í sjóboðsundi um helgina.



Björk Eidsdóttir  
bjork@frettabladid.is

„Á laugardaginn verður skemmtileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna við bryggjuna þar sem keppt verður í sjóboðsundi og koddaslag og það verður líka hægt að prófa sjóbretti og hlaupabraut í höfninni. Þá verður söngkeppni barnanna, hoppukastalar og okkar frábæra körfuboltafélag selur humslur sem allir verða að smakka.“ Aðspurð út í humslurnar útskýrir Ása að það sé humar í pylsubrauði með hvítlaukssósu.

Á sunnudaginn koma bæjarbúar saman í hádeginu í Skrúðgarðinum til að grilla pylsur, og þar verður ýmislegt um að vera eins og laser tag, hoppukastalar, harmónikkutónlist, sögur af sjó og landi og söngatriði. Þá er líka björgunar-sveitin Mannbjörg með sitt árlega kaffihlaðborð. Síðast en ekki síst verða í gangi bílskúrssölur um allan bæ um helgina, þar sem íbúar bjóða til sölu alls kyns varning sem þarf nýja eigendur og einnig verður blómamarkaður í Skrúðgarðinum.“

### Brimbretti vinsæl

Gamli útgerðarbærinn hefur töluvert breyst undanfarna áratugi og segir Ása þá breytingu vissulega endurspeglast í hátíðahöldum í kringum sjómanna daginn.

„Nú er minna um það að sjómenn séu að keppa sín á milli í kappróðri og öðru slíku eins og var áður fyrr



Þar fyrir utan eru auðvitað allir velkomnir í afmælisveislu í hamingjuna í Þorlákshöfn.

og í staðinn taka allir þátt og fagna þannig sjómönnum og þeirra fjölskyldum sem hafa byggt upp okkar frábæra bæ. Brimbretti í höfninni er til dæmis í takt við þróun bæjarins, en það er sístækkandi sport sem hvergi er betra að stunda en í fjörinum við Þorlákshöfn,“ segir hún að lokum.

Nánari upplýsingar um hátíðahöldin er að finna á Facebook-síðunni Hamingjan við hafið.

Tónlistarmaðurinn Jónas Sigurðsson er einn af brottfluttum sonum Þorlákshafnar en hér má sjá hann skemmta á Hátíð hafsins í sínum gamla heimabæ.

# Rafmögnuð

# 7.-11. júní

# SUMARFERÐ



HEKLA verður á rafmögnuðu ferðalagi um landið dagana 7. til 11. júní

Þér er boðið upp á heimsendingu á reynsluakstri. Við keyrum um landið vítt og breytt í sumar og byrjum á grunnhringnum dagana 7. til 11. júní. Þú pantar reynsluakstur á [www.hekla.is/sumarferd](http://www.hekla.is/sumarferd) og ef þú vilt heimsendingu munum við koma við í hlaðinu heima og bjóða þér að prófa uppáhaldsbílinn þinn!

# HEKLU

Fjórir rafmagnsbílar og einn tengiltvinnbíll eru með í för en það verða Audi e-tron 55, Skoda Enyaq, Volkswagen ID.3 og ID.4 en á þeim öllum er hámarksdrægni yfir 400 kílómetrar (WLTP). Svo er það tengiltvinnbíllinn Mitsubishi Eclipse Cross PHEV.



Eclipse Cross



ID.4



Enyaq iV



ID.3



e-tron 55

	Klukkan	Staðsetning
<b>Mánudagur</b>		
Borgarnes	11:00 - 12:00	N1
Blönduós	15:30 - 16:30	N1
Sauðárkrúkur	18:00 - 19:00	Bílaverkstæði K.S.
<b>Þriðjudagur</b>		
Siglufjörður	09:00 - 10:00	Olís
Akureyri	12:00 - 14:00	Bílasala Hölds
Húsavík	16:00 - 18:00	Orkan
Mývatn	20:00 - 20:30	ON Fosshótel
<b>Miðvikudagur</b>		
Egilsstaðir	09:00 - 11:00	Bílaverkstæði Austurlands
Reyðarfjörður	12:00 - 13:00	Olís
Höfn í Hornafirði	17:00 - 18:00	Olís
<b>Fimmtudagur</b>		
Kirkjubæjarklaustur	11:00 - 12:00	N1
<b>Föstudagur</b>		
Vestmannaeyjar	11:00 - 12:00	Nethamar
Selfoss	16:30 - 17:30	Bílasala Selfoss

## SJÁUMST Á FERÐINI Í SUMAR!



Pantaðu reynsluakstur eða kíktu við í þínum bæ og kynntu þér vistvænan ferðamáta!



[www.hekla.is/sumarferd](http://www.hekla.is/sumarferd)

Fylgdu okkur!



@HEKLA

[www.hekla.is](http://www.hekla.is)



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000

Þeir Hermann Óli Bachmann og Benjamin Scott Riggs höfðu ekki þekkt lengi þegar þeir ákváðu að verja ævinni saman. Nokkrum árum síðar lifnaði draumurinn um barn-eignir sem báðir höfðu bælt niður, aftur við. Sonur þeirra kom í heiminn á síðasta ári en þeir eru ósáttir við réttinda-leysi sitt sem foreldrar.

**V**íð kynntumst árið 2014. Ég hafði komið hingað frá New York til að aðstoða vin við uppbyggingu hótels og veitingastaðar á Egilsstöðum," svarar Benjamin, þegar hann er inntur eftir upphafi sambandsins.

„Benjamin bauð mér á stefnumót sem ég verð nú að segja að var ekkert sérstakt því sumir voru of timbraðir frá deginum áður," segir Hermann og lítur stríðnislega á eiginmanninn. „En það einfaldlega small eitthvað á milli okkar og við höfum eiginlega verið saman frá þessu fyrsta stefnumóti. Þetta átti bara að vera enn eitt stefnumót Íslendinga og útlendinga og enda þar," segir Hermann.

„Já, það má segja að þetta hafi verið einnar nætur gaman sem fór illa," bætir Benjamin við í léttnum tón.

Úr varð að Benjamin flutti hingað til lands þar sem Hermann hafði þegar byggt upp fyrirtæki sitt en hann á og rekur Modus hárstofu og vefverslunina Hárvörur.is.

„Ég féll algjörlega fyrir landinu, rólegu tempóinu og nálægðinni við náttúruna." Benjamin kennir nútímadans og danssmíði við Listdansskóla Íslands og aðstoðar Hermann við rekstur fyrirtækisins.

#### Lærum hvor af öðrum

„Hann sér um praktísku hliðina og heldur mér á jörðinni," segir Hermann og Benjamin bætir við: „Við erum gott teymi, hann er mjög skapandi og það er mitt hlutverk að láta hugmyndir hans verða að veruleika og sjá til þess að úr þeim verði einhver gróði. Sjálfur er ég líklega of rúðustrikaður, en Hermann minnir mig á að vera stundum svolítið hvatvís. En við lærum hvor af öðrum og mér finnst það ein fegurðin í okkar sambandi."

„Benjamin er frábær kokkur," segir Hermann og viðurkennir að sjálfur geri hann helst ekkert í eldhúsinu. „Við höfum það fyrir reglu að elda eitthvað fint og borða tveir saman allavega einu sinni í mánuði. Þá eldar hann og ég legg á borð og við klæðum okkur upp fyrir kvöldverðinn. Annars er það regla að borða við matarborðið, geyma símana og spila Skippo."

Sonurinn Valur Sturla er tæplega sjö mánaða gamall og augljóst að feðurnir eru þegar farnir að huga að uppeldinu.

„Ég held það sé líka gott fyrir Val að læra að við setjumst niður við matarborðið og hann sjái okkur borða fjölbreyttan mat. Í hraða hversdagsins er fólk farið að borða meira rusl en mig langar að kenna honum mikilvægi þess að borða fjölbreytt og njóta matarins."

#### Giftu sig fyrst og deitudu svo

Þeir Hermann og Benjamin giftu sig árið 2015, aðeins nokkrum mánuðum eftir að þeir kynntust, enda lá Benjamin á að fá landvistarleyfi. „Við höfum stundum grínast með að við höfum gift okkur og svo farið að „deita"," segir Benjamin og hlær.

„Ég held að það sé langbesta leiðin," bætir Hermann við. „Þá þarf maður að hafa fókussinn á réttum stað og láta þetta ganga upp. Ég var auðvitað ákveðinn í að láta sambandið ganga, en daginn sem ég giftist honum var ég alveg viss um að ég elskaði hann. Við efuðumst aldrei og það er eins og við höfum verið leiddir saman."

Þegar talið berst að barneignum og hvort þær hafi alltaf verið á dagskránni verður Benjamin fyrri til svars.



Þeir Benjamin og Hermann höfðu ákveðið að taka barn í föstur þegar upp kom önnur hugmynd.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Björk  
Eiðsdóttir  
bjork  
@frettabladid.is

## Engum hollt að lenda í þessu

„Kynslóðin á undan okkur sparkaði upp hurðinni, okkar kynslóð gekk svo í gegn og er að reyna að halda dyrunum opnum fyrir þá sem á eftir koma. Við erum líklega síðasti hópurinn sem ólst upp við skilaboðin um að það væri ekki í lagi að vera eins og maður er. Að við myndum aldrei eignast börn og fjölskyldu og þar fram eftir götunum. Sem betur fer eru flest vestræn samfélög í dag sammála um að fólk eigi skilið að elska þá sem það vill og eignast fjölskyldu."

#### Tómarúmið í hjartanu stækkaði

Hermann biður eiginmann sinn um leyfi til að færa samtalið yfir á íslensku en hingað til hefur það farið fram á ensku, móðurmáli Benjamin.

„Ef samfélagið sendir þér sífellt neikvæð skilaboð ferðu að bæla niður eðlilegar tilfinningar eins og löngunina til að eignast börn og fjölskyldu," segir Hermann, minnugur þess að hafa á sínum yngri árum svarað spurningum um hvort hann langaði að eignast börn neitandi.

„Ekki vegna þess að mig raunverulega langaði það ekki heldur hafði ég fengið þessi skilaboð. Þegar ég fór að eldast fann ég þó fyrir tómarúmi í hjarta mínu sem sífellt

stækkaði. Í fyrstu áttaði ég mig ekki á því hvað það var, en svo fann ég einn daginn að það var löngunin til að eignast barn."

Hermann bendir á að réttindabaráttu samkynhneigðra sé langt komin hér á landi en enn sé erfitt fyrir samkynhneigða karla að eignast börn, mikið erfiðara en fyrir samkynhneigðar konur.

„Þær hafa verið langt á undan okkur í þessu ferli. Þær gátu pantað sér sæði og fyrir mörgum árum fóru þær hreinlega niður í bæ og létu barna sig, en sem betur fer tókst að fræða fólk um að slíkar aðferðir væru siðferðislega rangar."

#### Ekki bjóðandi litlu barni

Hermann útskýrir að erlendis sé algengt að rígur sé á milli homma og lesbía en hér á landi hafi undanfarin ár tekist að mynda góða samstöðu á milli hópanna.

„Erlendir aðilar sem koma hingað til lands skilja ekkert hvernig gengur að allir þessir hópar geti skemmt sér þétt saman á einum stað," segir Hermann og telur smæð samfélagsins hér hafa frekar leitt hópana saman. „Við getum ekkert verið með einhvern rígg hér."

Hermann segir lesbiur lengi vel hafa haft forskot á homma þegar

kemur að barneignum, af augljósum líffræðilegum ástæðum, en nú aftur á móti sé mikil samstaða í hópnun um að hjálpast að við barneignir.

Þeir Benjamin og Hermann fóru þá leið og eignuðust son sinn með lesbíu sem jafnframt var í barn-eignarhugleiðingum, en segja slíka samninga geta verið varasama.

„Að mínu mati á fólk ekki að gera þetta. Það er ekki bjóðandi litlu barni að lenda í þessu, né fjölskyldunum í kring. Tengslamyndunin fyrsta árið er í molum og það er ekkert sem heldur utan um okkur. Það hafa fjölmargir gert þetta og flestir segja að allt gangi vel, en ef þú sest niður og horfir í augun á fólkinu þá kemst maður að ýmsu," segir Hermann, en þeir eru sem feður ósáttir við hvernig barnsmóðir þeirra hefur, að þeirra sögn, svikið umsamda umgengni og fyrirkomulag frá fæðingu sonar þeirra og eina leiðin fyrir þá sé nú að reka forsáttmál fyrir dómstólum.

„Ef fólk býr ekki saman þegar barn kemur í heiminn fær móðirin sjálfkrafa öll réttindi," segir Hermann og telur það stangast á við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. „Barnasáttmálin er mjög skýr og við erum aðilar en honum. Þar er skýrt að hagsmunir barna en ekki foreldra gangi fyrir. Ef löggjafinn sæi til þess að foreldrar væru jafnir frá upphafi, kæmu allir jafnir að borðinu til að semja um umgengni og uppeldi barnsins."

#### Ætluðu að búa saman fyrsta árið

En bökkum nokkur ár aftur í tímann, þegar upp kemur hugmyndin að búa til barn. Hermann hafði þekkt barnsmóður þeirra í mörg ár og fór hún með honum í vinnuferð til Akureyrar þar sem upp spannst samtali sem átti eftir að breyta lífi þeirra allra.

„Á þessum tíma höfðum við Benjamin talað mikið um barneignir og vorum ákveðnir í að taka barn í föstur. Ég sagði henni frá því og hún stakk þá upp á að við tvö eignuðumst einfaldlega barn saman. Ég útskýrði þá fyrir henni að vegna veikinda og lyfjameðferðar á yngri árum gæti ég ekki eignast börn og kom hún þá með hugmyndina að því að eignast barn með Benjamin, maninum mínum."

Hermann segist hafa orðið spenntur fyrir hugmyndinni og rætt hana við Benjamin, sem sjálfur þekkti konuna ekki, og í framhaldi hittust þau þrjú og fóru yfir málin.

„Við spurðum hana hvernig hún sæi þetta fyrir sér ef af yrði og hún sagðist vilja skipta allri umgengni jafnt og óskaði eftir að búa hjá okkur meðan á meðgöngu stæði og þar til barnið yrði eins árs," segir Hermann.

„Okkur fannst hugmyndin um að verja fyrsta árinu saman góð enda vita allir að sá tími tekur á og við gætum þannig öll hjálpast að," segir Benjamin.

Þeir Hermann og Benjamin fóru því að leita að hentugu húsnæði og fundu hús með risibúð þar sem barnsmóðirin gæti búið og þeir á neðri hæðinni. „Okkur fannst það betri hugmynd en að við værum öll saman í einni íbúð, ég var hræddur um að það myndi enda illa," segir Hermann og þannig bjuggu þau, verðandi foreldrarir í átta mánuði.

#### Flutti út án fyrirvara

Barnið var búið til með þekktari heimatilbúðinni aðferð þar sem sæði er komið fyrir í sprautu og sér móðirin sjálf um að koma því upp. „En þremur vikum eftir að hún varð barnshafandi flutti hún út án nokkurs fyrirvara," segir Hermann.

Samskiptin höfðu farið versnandi og að sögn feðranna hafði móðirin færst töluvert frá upprunalegum hugmyndum um fyrirkomulag og umgengni og dró það sífellt að skrifa undir umgengnisáttmála.

Feðurnir réðu því ráðgjafa til að hitta alla þrjá foreldra og reyna að koma á sáttum, en eftir nokk- ➤

# Appotek.is

*Í netapótekinu appotek.is getur þú pantað lyf, fæðubótarefni, vítamín, heilsuvörur og fleira  
Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu og frí póstsending út á land\**




Netapótekið er á vefslóðinni [www.appotek.is](http://www.appotek.is)  
Hægt er að fara í netapótekið með tölvum og farsímum

Í Appótekinu ([appotek.is](http://appotek.is)) getur þú:

- Séð hvaða lyfseðla þú átt í gáttinni
- Látið taka til lyfin áður en þau eru sótt í apótekið
- Fengið lyfin send til þín hvert á land sem er

Í Appótekinu getur þú einnig:

- Séð og pantað lyf sem fást án lyfseðils
- Pantað fæðubótarefni, vítamín, heilsuvörur ofl.



Foreldrar barna 15 ára og yngri með sama lögheimili geta séð hvaða lyfseðla börnin eiga í gáttinni, látið taka til lyfin áður en þau eru sótt í apótekið eða fengið lyfin þeirra send heim

Appótekið ([appotek.is](http://appotek.is)) er netapótek Garðs Apóteks

\*Sjá nánari skilmála á [appotek.is](http://appotek.is)



GARÐS APÓTEK · Sogavegi 108 · Sími 5680990 · Netfang: [gardsapotek@gardsapotek.is](mailto:gardsapotek@gardsapotek.is)  
Vefsíða: [gardsapotek.is](http://gardsapotek.is) · Netapótek: [appotek.is](http://appotek.is) · Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

» urra vikna fundi varð útséð með að það tækist. Með því að búa ekki lengur undir sama þaki var ljóst að ekki yrði úr hugmyndinni með fyrsta árið eins og upphaflega var gengið út frá, en fleira virtist hafa breyst, eins og hvenær væri stefnt á að barnið myndi fyrst dvelja yfir nótt hjá feðrunum.

#### Skert tengslamyndun

Sonurinn, Valur Sturla fæddist 7. nóvember síðastliðinn, en mánuðirnir á undan einkenndust af ósætti foreldranna og tilraunum til sátta. Þar upplifðu feðurnir að ákvarðanir væru teknar á forsendum móðurinnar og eins væri upplýsingagjöf varðandi barnið einskorðuð við það sem móðirin vildi gefa þeim upp.

„Það hefði mátt koma í veg fyrir mikil sárindi og andlegt ofbeldi sem við höfum orðið fyrir, ef löggjöfin væri einfaldlega skýr og barnið fengi fullan aðgang að báðum foreldrum frá fæðingu,“ segir Hermann, sem hefði viljað að allir aðilar fengju ráðgjöf í gegnum Sýslumannsembættið frá fæðingu barnsins.

„En eins og staðan er þurfum við að fara í forsjármál við hana með tilheyrandi kostnaði og tíma. Hún aftur á móti fær gjafsókn frá ríkinu, þar sem hún er einstæð móðir. Ef ferlið væri þannig að sáttaferli færi af stað strax fyrsta mánuðinn væru börnin betur sett. Þess í stað skerðist tengslamyndunin enda getur móðirin dregið allt ferlið á langinn,“ segir Hermann.

„Við erum sammála um að barn þarf á móður sinni að halda í upphafi en okkur þykir mikilvægt að fá að sjá barnið daglega. Nú hefur móðirin sett reglu um að við megum sjá son okkar fimm daga vikunnar í þrjár klukkustundir í senn. Við þurfum itrekað að sækja hann í úthverfi til foreldra hennar á meðan við lögðum áherslu á að búa sem næst móður en sjaldnast sækjum við hann þangað, á lögheimili hans. Þetta gerir það að verkum að um 40 mínútur af samverutíma okkar fer í akstur fram og til baka og þá standa aðeins eftir rúmar tvær klukkustundir til tengslamyndunar við okkur og okkar fólk,“ segir Hermann og Benjamin blandar sér inn í frásögnina: „Við gerðum þetta með manneskju sem við höldum að við gætum treyst. Samkvæmt lögum á barn rétt á jafnri umgengni við báða foreldra. Því finnst mér það skjóta skökku við að gengið sé út frá því að ef foreldrar eru ekki giftir eða í sambúð, fari öll réttindi til móðurinnar.

**Er ekki einstæð móðir**  
Ég skil að á einhverjum tímupunkti hafi það verið rétta viðmiðið, en við verðum þó að spyrja okkur spurninga um það hvers vegna þetta er enn svona, þegar fjölskyldugerðir eru orðnar svo margvíslegar. Þegar ósætti kemur upp vegna smámuna hefur móðirin rétt á að labba í burtu með barnið þitt, jafnvel þó að þú viljir taka fullan þátt í uppeldi þess. Mér finnst það undarleg staða í svo litlu landi þar sem barneignir utan hjónabands eru svo algengar. Að mínu mati ætti að ganga út frá því frá upphafi að réttindum og forsjá sé skipt jafnt milli foreldra og sýslumaður myndi skera úr ef ósætti kæmi upp.

Eins spyr ég mig hver skilgreiningin á einstæðri móður er. Barnsmóðir okkar er ekki einstæð móðir þó hún nýti öll slík fríðindi sér í vil. Hún gerði þetta ekki ein, þetta var allt ákveðið fyrir fram og hún var ekki yfirgefin af okkur,“ segir Benjamin með áherslu.

#### Móðirin fær allan rétt

Þeir benda á að þó breyting á barnalögum þar sem skipt búseta barns er leyfð sé mikið framfaraskref, hefði mátt ganga skrefi lengra, enda sé enn gengið út frá góðu samkomulagi foreldra.

„Jafnvel við Hermann erum oft ósammála og þegar kemur að barnaupplæddi verða alltaf óþægileg



Benjamin og Hermann eru ósáttir við að þurfa að fara í forsjármál til að knýja fram jafna umgengni við son sinn.



### Við erum sammála um að barn þarf á móður sinni að halda í upphafi en okkur þykir mikilvægt að fá að sjá barnið daglega.

umræðuefni sem þarf að taka á. Við verðum öll með ólíkar skoðanir.“ Upphaflega hugmyndin var að aðlögun að viku og viku fyrirkomulagi hæfist við sex mánaða aldur, en svo yrði það reglan frá 11 til 12 mánaða aldri. Feðurnir segja að móðirin hafi sifell dregið að skrifa undir samninginn og nú sé svo komið að þeir verði að sætta sig við þá skertu umgengni sem hér fyrr er lýst. „Það bjóst enginn við að þetta myndi gerast á einni nóttu enda er hann svo litill. Þetta þarf þó að gerast og betra að venja hann við rólega,“ segir Benjamin. „Kerfið veitir móðurinni allan rétt og faðirinn þarf að berjast fyrir því að fá jafnan rétt, jafnvel þótt lögin kveði á um hann. Margar mæður líta einfaldlega á þetta sem sinn persónulega rétt og af góðmennsku sinni leyfi þær föðurnum að taka þátt. En í raunveruleikanum er um rétt barnsins að ræða,“ segir hann með áherslu.

#### Allir drulluhræddir

„Það er engri manneskju heilbrigt að lenda í þessu,“ segir Hermann og það er augljóst að umræðan tekur á. „Það er alveg jafn erfitt að sækja hann og skila honum.“

### Genetísk og lagaleg tengsl ekki aðalatriði í fjölskyldu

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður Samtakanna '78, segist þekkja þó nokkur dæmi þess að samkynhneigt fólk eignist börn saman á svipaðan hátt og um ræðir í grein þessari.

„Ég held að það hafi færst í aukana á undanförunum árum. Þetta er ein leið til að eignast börn, þá sérstaklega fyrir þör tveggja karla, en þetta er þó veruleiki sem hvergi er tekið tillit til í kerfinu okkar,“ útskýrir Þorbjörg og á þá við að ekki sé hægt að skrá fleiri en tvo foreldra barns.

„Ekki er hægt að skrá fleiri frá upphafi en bara líffræðilega foreldra. Fólk er að stofna til fjölskyldu saman og lagaleg staða verður að vera tryggð. Það er ýmislegt sem getur komið upp þar sem réttindi barnsins gagnvart foreldri eru ekki tryggð, til að mynda þegar kemur að erfðarétti eða flutningi milli landa. Sem dæmi mætti nefna að ef kemur til skilnaðar hjá hommapari og annar aðillinn er skráður sem faðir barnsins hefur hinn engan rétt til barnsins sem þeir ákváðu að ala upp saman sem er augljóst brot á rétti barnsins. Þetta getur verið rosalega flókið.

Þessi umræða hefur átt sér stað í Hollandi einu landa að mínu viti. Þar var gerð mörg hundruð blaðsíðna skýrsla og þó að á endanum hafi þetta mál verið dregið er þessi umræða að fara af stað í Evrópu,“ segir Þorbjörg, en Samtökin sendu umsögn til Alþingis þegar unnið var að nýju fæðingarorlofsfrumvarpi, þar sem bent var á að fjölskyldur væru mun fjölbreyttari en ráða mætti af frumvarpinu. Í umsögninni segir meðal annars: „Mörg börn eiga fleiri en tvo foreldra og rétt væri að löggjafinn tæki mið af því. Fjölskyldur hinsegin fólks eru til dæmis oft samsettar frá upphafi, til að mynda börn sem verða til þegar samkynja par og einstaklingur stofna fjölskyldu saman, eða þegar tvö samkynja pör gera það sama.“

#### Hagsmunir barnanna undir

„Í barnalögum er gert ráð fyrir því að þegar tvær konur eignast barn saman sé það gert á tækni-frjóvgunarstofnun,“ segir Þorbjörg sem þó þekkir þá leið sem farin var í tilfellinu sem hér er fjallað um. „Lögin ná ekki yfir allar leiðir sem hinsegin



### Barnsmóðir okkar er ekki einstæð móðir þó hún nýti öll slík fríðindi sér í vil. Hún gerði þetta ekki ein, þetta var allt ákveðið fyrir fram og hún var ekki yfirgefin af okkur.

Málið er eðlilega flókið og þó að í raun sé barnið getið í hjónabandi er Hermann ekki líffræðilegur faðir og því réttindalaus með öllu.

„Þú getur ímyndað þér hvernig réttindaleysi mitt skemmir fyrir tengslamyndun fjölskyldu minnar við barnið. Það sárir rosalega að horfa upp á fjölskyldu mína passa sig, ég sé alveg hvernig þau halda á hinum frændsystkinum mínum,“ segir hann. „Það er svo ósanngjarnt gagnvart honum. Það eru allir drulluhræddir,“ segir Hermann og bendir á að þó fjölskyldan verði alltaf tengd drengnum í gegnum hjónaband þeirra Benjamins þá hafi staða hans og téd ósætti áhrif.

Vikulega fara þeir þó með soninn í matarboð til foreldra hans og vill hann þannig gæta þess að hann tengist þeim. „Ég vil ekki að hann verði skíthræddur heima hjá besta fólki í heimi sem eru mamma mín og pabbi.“

Benjamin, sem hlýtt hefur á eiginmann sinn, bætir við að lokum með ákveðnum uppgjafartón; „Þvílík sóun á almannafé að við þurfum að fara þessa leið með mál sem mun enda alveg eins og við ætluðum að hafa það í upphafi.“ En nú þarf hann að sækja fyrir dómstólum fulla forsjá yfir syni sínum til þess að eiga von á að fá skipta forsjá með barnsmóður sinni. ■



Þorbjörg Þorvaldsdóttir formaður Samtakanna 78 segir mikilvægt að hagsmunir barna séu tryggðir og kerfið sé áratugum á eftir í hugsun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

fólk fer til að eignast börn og ef fólk er búið að ákveða að eignast barn saman er mjög skiljanlegt að það finni ekki ástæðu til að flækja málin og auka kostnað með því að fara í gegnum ákveðna stofnun.“

Þorbjörg segist gera ráð fyrir því að mikinn undirbúningur þurfi til þess að eignast barn á þennan hátt. „Það þarf allt að vera á hreinu og því er bagalegt að lagalega staðan sé svona óviss og það halli svo á ákveðna aðila í málinu. Við innan hinsegin samfélagsins vitum sem er að genetísk og lagaleg tengsl er ekki það sem skiptir máli þegar við stofnum til fjölskyldu. Allt kerfið er áratugum á eftir í hugsun. Þó ég skilji að kerfisbreytingar gerist hægt þá er mikilvægt að hagsmunir barns séu tryggðir. Þeir eru fyrst og fremst undir.

# Stjórnmal skipta máli

Stjórnmal eiga að standa vörð um frelsi fólks og láta yfirvegum og heildarhagsmunum ráða ferðinni. Framundan eru stór mál sem geta haft mikil áhrif á lífsgæði okkar ef ekki er vel með þau farið. Ég held að stjórnmalin þurfi uppbyggilega umræðu, bjartsýni og kraft.

Ég tel að ég geti gert gagn, því bið ég um þinn stuðning í prófkjöri í dag.

**Hildur  
Sverris  
dóttir**

**3.–4. sæti** í prófkjöri  
Sjálfstæðisflokksins  
í Reykjavík.

Elín Vigdís Guðmundsdóttir var unglingur þegar hún veiktist alvarlega af átröskun. Nýverið stofnaði hún, ásamt þeim Margréti Helgadóttur og Elísu Guðrúnu Brynjólfsdóttur, samtökin SÁTT um átröskun og tengdar raskanir.

Ég var alvarlega veik fyrir sextán árum og fór til Kanada í meðferð í þrjá mánuði beint eftir að ég kláraði stúdentsprófið. Ég ætlaði ekki að segja neinum frá þessu," segir Elín Vigdís og leggur mikla áherslu á orð sín.

Veikindin bar ekki brátt að heldur ágerðust smám saman í kjölfar áfalla sem Elín Vigdís upplifði í sínu lífi. Fyrst sem barn og svo sem ungmanni í menntaskóla. Að hennar sögn hafi henni fundist átröskunin deyfja kvíða og vanlíðan, með ofþjálfun og sveltum sem ágerðist og hún missti fljótt stjórn á.

„Það vissi enginn af þessu eða hversu illa mér leið og ég skil ekki hvernig ég lifði þetta af," segir hún.

Hún segir að í menntaskóla, á meðan veikindunum stóð, hafi hún fengið útrás í gegnum leiklist. Þar hafi hún fengið að vera einhver önnur en hún sjálf og gat gleymt því hversu mikið hún þjádast.

„Ég fékk í raun bara frekar jákvæð skilaboð, að vera grönn og smá skritin," segir Elín Vigdís. „Hins vegar var það leiklistarkennarinn minn sem hafði samband við mömmu fyrst og hafði áhyggjur af mér og mamma fékk áfall þegar hún sá mig á sviði. Ég man enn eftir því.“

#### Lífið tók við eftir meðferð

Hún segir að áður en hún fór í meðferðina hafi hún verið á hræðilegum stað andlega og ekki séð leið út, en samþykkti þó, með semingi, að fara í meðferðina. Eftir meðferðina lifði Elín sínu lífi eins og flestir gera. Fór í nám, byrjaði í vinnu, stundaði áhugamál sín og eignaðist svo börn.

„Lífið tók bara við og ég var ekkert mikið að spá í þetta fyrr en ég fór fyrir ári síðan að kenna jóga og hugleiðslu í átröskunarteyminu," segir hún, en þar hefur allt sem hún lærði í meðferðinni í Kanada nýst henni vel.

Hún segir að það sé frábært fólk að vinna að þessum málum á Íslandi, sem sannarlega reyni að gera sitt besta og nýta það sem er í boði, en er mjög gagnrýnin á hversu lítið er í boði og hversu mikill misskilningur er enn við lýði um sjúkdóminn.

„Ég fékk sjókk þegar ég byrjaði í þessu. Það sem er í boði er gjórsamlega óásættanlegt. Fólk heldur að þetta sé allt öðruvísi. Að þetta sé val og að þeir sem eru veikastir séu ótrúlega mjóir en þetta er ekki þannig. Þú getur verið í kjörþyngd, í geggjúðu formi, að taka þátt í einhverjum keppnum og verið með allt á hreinu á yfirborðinu, en á sama tíma verið á barmi þess að fremja sjálfsmorð úr sársauka og þessum geðsjúkdómi," segir Elín Vigdís.

Sjúkdómurinn herjar að miklu leyti á ungt fólk og sérstaklega stelpur. Hún segir að sjúkdómurinn taki á sig ólíka mynd hjá hverjum og einum. Hjá henni hafi þetta verið eins og fíkn, en hún telur að sama hvernig sjúkdómurinn kemur fram sé hann verulega lífsgæðaskerðandi og lífshættulegur.

„Það var í það minnsta í mínu tilfelli, og það tala ekki allir um þetta þannig, en þetta var mér fíkn. Birtingarmyndirnar eru auðvitað mjög margar og fjölbreyttar, en þær geta orðið mjög alvarlegar þegar það er til dæmis einhver áfallasaga að baki og þetta þjónar þeim tilgangi að draga úr sársaukanum. Það er svo auðvelt að missa stjórn á þessu og þetta verður yfirþyrmandi á mjög stuttum tíma," segir Elín Vigdís.

#### Kraftaverk að verða ólétt

Afleiðingar átröskunarsjúkdóma



Elín Vigdís Guðmundsdóttir stofnaði samtökin SÁTT og vill bæta meðferð og forvarnir fyrir átröskunarsjúklinga.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Við sem samfélag berum ábyrgð á þessum veikindum



Lovisa Arnardóttir  
lovisaa  
@frettabladid.is

geta verið mjög alvarlegar líkamlega ef fólk glímir lengi við sjúkdóminn eins og lifrabílan, beinþynning og nýrnabilun, auk þess sem sjúkdómurinn getur haft áhrif á frjósemi.

„Mér fannst í raun kraftaverk að ég hefði getað orðið ólétt. Ég varð rosalega þakklát en á sama tíma meðvituð um ábyrgðina. En þá fann ég líka í fyrsta skipti raunverulega sjálfsumhyggju og virðingu fyrir líkamanum mínum," segir Elín Vigdís.

Hún segir að meðgöngunni hafi einnig fylgt vilji til að vera hraust og heilbrigð og hlustun á líkamann. Hún hafi líka hugsað mikið um hvað það skipti miklu að eiga heilbriggt samband við mat í uppeldi barna sinna og vera meðvituð um þau skilaboð sem við sendum þeim um mat. Til dæmis að eiga góðar samverustundir í kringum mat, setja ekki jákvæða eða neikvæða tilfinningu á mat, að það sé góður eða vondur matur og svo framvegis. Að hlusta á líkama sinn, einblína á hvað við getum gert með líkamanum og fyrst og fremst að hugsa og tala vel um okkur sjálf.

„Ég vil senda dóttur minni skilaboð um að stelpur séu sterkar og öflugar. Feministahjartað mitt fór alveg á milljón í meðgöngunni en á sama tíma var ég mjög meðvituð um átröskunina. Það er ekki hægt að vera fullkomin alltaf og auðvitað dett ég í að finnst hún sjúklega sæt og það á ekkert að refsa sér fyrir það. Það er bara mikilvægt að vera meðvitaður um það hvernig þú

talur um barnið og til þess og að þú notir alls konar orð eins og klár, falleg, skemmtileg, því það er alltaf það sem er fallegast við fólkni manns. Þau sem maður elskar finnst manni falleg," segir Elín Vigdís.

Hún segir það hættuleg skilaboð til barna að þau séu eitthvað betri en önnur því þau eru sætari. Því það er í raun hrein tilviljun hvernig manneskja litur út.

„Þegar þú heldur að þú sért betri út af einhverju svoleiðis ertu kominn á hættulegan stað og orðinn fangi þess," segir Elín Vigdís.

#### Kallar eftir mótvægi

Hún kallar eftir því að það sé eitthvað mótvægi í samfélaginu á móti skilaboðum sem börn og ungmenni, og fullorðnir líka, fá í samfélaginu um líkamsmynd.

„Vegna þess að átröskun er ekki lengur virkur partur í mínu lífi þá var ég kannski pinulífið sofandi fyrir því hversu alvarlegt þetta er orðið í samfélaginu okkar. Samfélagsmiðlarnir eru komnir inn og valda miklu áreiti og álagi á ungt fólk. Ég hef haft áhyggjur af því, en var ekki að átta mig almennlega á því að það væri svona lítið í boði," segir Elín Vigdís.

#### Þörf á að umbylta öllu kerfinu

Hún telur að með því að breyta samfélaginu og auka aðgengi að heildrænni meðferð, verði það raunhæft fyrir fólk sem glímir við átröskun að ná raunverulegum bata. Hún telur að það þurfi að umbylta öllu kerfinu og byrja fyrr. Það eigi að

auka aðgengi að sálfræðipjónustu, minnka greiðsluþátttöku og að sú meðferð sem sé í boði sé heildræn og einstaklingsmiðuð.

Elín Vigdís er jógakennari og kennir stúlkum í meðferð hjá átröskunarteymi Landspítalans jóga einu sinni í viku. Hún segir að „stelpurnar sínar“ á Kleppi hafi verið henni mikil hvatning, en er mjög gagnrýnin á þá þjónustu sem er þar í boði.

„Það er ófullnægjandi aðbúnaður, minnkuð þjónusta, starfsmannaekla og ótrúlega langir biðlistar sem lengjast ár eftir ár. Þetta er mjög alvarlegt. Sérstaklega því sjúkdómurinn þrífst í misskilningi og þöggun," segir Elín Vigdís.

„Það þarf að verða kerfisleg breyting. Ég er að reyna að vera ekki of harðorð en það er eins og það sé verið að refsa fólk fyrir að vera veikt.“

Hún segir að tímasetningin við stofnun samtakanna sé ekki tilviljun. Eftir kórónaveirufaraldurinn hafi allir séð hversu mikilvægt er að hlúa að geðheilsunni, auk þess sem það stýttist í Alþingiskosningar.

„Það eru allir meðvitaðir um mikilvægi geðheilsunnar og það er mjög líklegt að þau sem ekki höfðu áður glímt við sársauka eða einmanaleika hafi gert það núna. Við verðum að grípa núna inn í svo að afleiðingarnar verði ekki þeim mun hræðilegri," segir Elín Vigdís. ■



Fólk heldur að þetta sé allt öðruvísi. Að þetta sé val og að þeir sem eru veikastir séu ótrúlega mjóir en þetta er ekki þannig.

Nánar á [frettabladid.is](https://frettabladid.is)



# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 5. júní 2021



Góður liðsfélagi  
í dagsins önn



**EYLÍF**

Heilsan er dýrmætust  
[www.eylif.is](http://www.eylif.is)

**D400iu –  
munnúði fyrir börn**

Meira magn  
- Miklu betra verð!



Fæst í völdum apótekum,  
Hagkaup og Fjarðarkaup

Bjarni Jakob þríbrautarkappi mælir hiklaust með rauðrófuhylkjum frá Natures Aid fyrir alla, sérstaklega íþróttafólk.

MYND/ADSEND

## Afkastar meira á löngum æfingum

Rauðrófan hefur lengi verið þekkt fyrir heilsueflandi eiginleika, en rauðrófan er ekki allra á bragðið og hefur því rauðrófuduft í hylkjum verið frábær lausn fyrir marga til að bæta ofurfæðunni inn í daglega rútinu. Rauðrófuhylkin frá Natures Aid eru þægileg í notkun. **2**

Í aldanna raðir hefur neysla á rauðrófum verið talin geta haft ýmis heilsuefandi áhrif og notkun hennar má rekja allt að 2000 ár aftur í tímann, til Rómverja. Áhugi á heilsuefandi eiginleikum rauðrófunnar er sífellt að aukast og þá sérstaklega hjá íþróttafólki, vegna þess að rauðrófan inniheldur nítrot sem eru sannkölluð ofurfæða sem íþróttafólk sækir gjarnan í.

#### Rauðrófuhylkin hentug lausn

Fæstir eiga safavél heima hjá sér og enn þá færri nenna að standa í því að pressa sér hreinan rauðrófusafa á hverjum degi, þar sem því fylgir mikið uppvask og litarefni úr safanum á það til að lita allt sem það kemst í tæri við.

#### Aukið úthald og kraftur

Bjarni Jakob Gunnarsson þríþrautarkappi deilir með okkur reynslu sinni af náttúrulegu rauðrófuhylkjum frá Natures Aid.

Bjarni er 35 ára verkfræðingur og tveggja barna faðir, hann stundaði fótbolta frá fjögurra ára aldri en lauk ferli sínum árið 2015 og hóf að æfa Cross fit í kjölfarið. Í dag stundar Bjarni hins vegar þríþraut af kappi og er á sínu öðru keppnistímabili. Hann kynntist gagnsemi rauðrófunnar í gegnum æfingafélaga sína í þríþrautinni sem höfðu verið að neyta hylkjanna í kringum æfingar og keppni með frábærum árangri. Bjarni ákvað því að prófa rauðrófusafa en færði sig fljótt yfir í hylkin frá Natures Aid vegna bragðsins og litarins af safanum. Bjarni segir jafnframt að rauðrófuhylkin frá Natures Aid veiti honum aukinn kraft, hann sé orkumeiri og finnst hann afkasta mun meira á æfingum samhliða notkun hylkjanna. Hann segir í framhaldi að hylkin séu þægileg í notkun og hentugt sé að innbyrða 2 hylki daglega eins og ráðlagt er. Bjarni tekur hylkin alltaf inn á sama tíma dags daglega, 2-3 tímum fyrir æfingu og finnur hann mikinn mun á sér eftir notkun og segist hafa fulla trú á bætiefninu.

#### Áhrifin leyna sér ekki

Bjarni tekur fram að eftir að hann fór að innbyrða hylki í stað safans fyrir æfingar hafi hann fengið ýmsar fyrirspurnir, sérstaklega frá íþróttafólki. Hann átti meðal annars samtalið við tvo einstaklinga sem neyta að sama skapi tiltekinna hylkja, sá fyrri stundar maraþonhlaup og sá seinni spilar knattspyrnu í 1. deild karla og mæltu þeir báðir: „Ég hef aldrei verið orkumeiri en síðan ég byrjaði að



„Ég kynntist rauðrófunni í gegnum þríþrautina og langaði að prófa. Rauðrófuduftið frá Natures Aid veitir mér aukinn kraft og orku og mér finnst ég afkasta mun meira á æfingum en venjulega, ég hef fulla trú á þessu bætiefni. Einnig er frábær kostur að ég finn almennt fyrir minni kulda í líkamanum þegar ég tek inn rauðrófuhylkin,“ segir Bjarni Jakob.

taka inn hylkin og finn ég mikinn mun á mér á löngum æfingum“. Bjarni mælir hiklaust með rauðrófuhylkjum frá Natures Aid fyrir íþróttafólk, sérstaklega fyrir þá sem vilja bæta árangur sinn á æfingum og í keppnum.

Rauðrófuhylkin frá Natures Aid eru 100% náttúruleg og án allra aukefna. Auðvelt er að opna hylkin og bæta duftinu út í heilsudrykki eða grautinn.

“Ég tek hylkin alltaf inn á sama tíma dags, 2-3 klukkustundum fyrir æfingu, hvort sem það er fyrir erfiðar æfingar eða ekki. Ég mæli með hylkjum fyrir alla, sérstaklega íþróttafólk.

Bjarni Jakob Gunnarsson.

#### 100% náttúruleg innihaldsefni

Rauðrófur eru af sömu plöntuætt og spínat og tilheyra tegundinni Beta vulgaris. Rauðrófur eru sneisafullar af næringar- og plöntuefnum og innihalda meðal annars ríkulegt magn af járn, A-, B6- og C-vítamíni, fólínsýru, magnesíum og kalíum. Þar að auki innihalda þær góð, flókin kolvetni, trefjar og öflug andoxunarefni. Hins vegar eru ekki allir jafn hrifnir af bragðinu af rauðrófudufti í hylkjum góð lausn til að bæta þessari vinsælu ofurfæðu inn í daglega rútinu. Að auki er auðvelt að opna hylkin og bæta duftinu út í heilsudrykki eða grautinn. Rauðrófuhylkin frá Natures Aid eru 100% náttúruleg og án allra aukefna. Eitt hylki jafngildir 4.620 mg af þurrkaðri rauðrófu. Mælt er með að innbyrða 2 hylki á dag með mat sem samsvarar 9.240 mg af þurrkaðri rauðrófu. ■

Þar sem að talið er að nítrot í rauðrófum hafi áhrif á blóðþrýsting ættu þeir sem hafa lágan blóðþrýsting eða taka blóðþrýstingslyf að ráðfæra sig við lækni áður en þeir bæta rauðrófum við mataræði sitt.



## Inulin fyrir meltinguna

Bragðlaust og einfalt í notkun

Góð melting - lykill að góðri heilsu

Inulin eru vatnsleysanlegar trefjar sem bæta meltinguna, efla fjölgun vinveittra gerla í þörmunum og hjálpa til við að koma reglu á hægðirnar.

Prófaðu að setja teskeið af Inulín trefjum í vatnsglas eða út í kaffibollann. Einnig má strá Inulíni yfir morgungrautinn eða bæta út í morgunþeytinginn.

Fæst í Krónunni og apótekum.

# Á AÐ GRILLA?



Mest seldu  
meltingar-  
ensímin  
á Íslandi!

1-2 hylki  
með mat.  
Öflug og góð  
lausn fyrir  
meltinguna!

## Meltingarensímin frá **ENZYMEDICA**®

### Leyfðu þér að njóta grillmatarins án magaónota

Digest meltingarensím hjálpa þér að brjóta niður fæðuna og melta betur.

Ensím geta dregið úr margskonar meltingar-vandamálum eins og uppþembu, meltingaróreglu, loftmyndun og ýmsum einkennum fæðuóþols.

Blöndurnar frá Enzymedica byggja á einkaleyfisvarinni aðferð sem kallast Therablend. Með þessari aðferð er blandað saman mörgum stofnum ensíma sem vinna á mismunandi pH- gildum og ná þannig að melta hvert orkuefni mun betur og hraðar.

**Digest meltingarensímin eru 100% náttúruleg og vegan.**



Svona lítur rósettujárnið út sem Diljá notar við baksturinn.

# Rósavöflur ömmu Susie með baunasalati

Diljá Mist Einarsdóttir leynir á sér í eldhúsinu og bakar meira en margan myndi gruna. Henni finnst samveran við matarborðið með sínu besta fólki, eiginmanninum og tveimur börnum vera dýrmætustu stundirnar.

sjofn@frettabladid.is

Diljá hefur gaman af því að baka og töfra fram góðar kræsingar með kaffinu fyrir fjölskyldu og vini. „Ég hef sérstaklega gaman af því að baka. Ég er mjög virk og orkumikil og ég róast heilmikið niður við að baka og elda,“ segir Diljá og finnst það góð leið fyrir hugleiðslu að bardúsa í eldhúsinu. Diljá er líka mikil selskapskona og finnst ekkert skemmtilegra en að fá fólkið sitt í mat og kaffi. „Heimilið okkar er mikil miðstöð fyrir hittinga hjá vinum og fjölskyldu og við erum ávallt tilbúin að taka á móti gestum.“

Boðin og matargerðin er breytileg eftir árstíðum, veðrum og vindum og hlutverkaskipting hjónanna eftir því. „Eins og hjá mörgum breytist matargerðin og baksturinn á sumrin en þá grillum við meira og þá færast ábyrgðin af eldamennskunni líka frá mér og yfir á eiginmanninn,“ segir Diljá og brosir sínu einlæga brosi.

## Matarboð einu sinni í viku hjá mömmu og pabba

Stórfjölskylda Diljár heldur í þá hefð að hittast vikulega og borða saman sem er ein af uppáhalds gæðastundum Diljár. „Stórfjölskyldan, ég, eiginmaður minn og börnin, bræður mínir, afi minn og einnig ömmusystir hittist að minnsta kosti vikulega hjá mömmu og pabba. Þar er oftast lambakjöt á borðum, læri eða hryggur með sveppasósu, blómkaalsgratíni, rifsberjasultu og Orafjölskyldunni, sem er rauðkál og baunir. Síðan kringum veiðitímabilið hjá eiginmanninum gerum við okkur gjarnan dagamun með villibráðarveislum sem eru hreint lostæti.“

Diljá segist vera mikill unglíngur í sér þegar kemur að mat og í raun sé hún fremur matvönd. „Ég er mikill unglíngur þegar kemur að mat og held mest upp á pítsur og pasta. En verandi alin upp við villibráð er hún líka í miklu uppáhaldi, sérstaklega rjúpa, önd og gæs.“ Svo er ég mikið fyrir alvöru kók, sykrað kók, þannig að ég er líka mikill unglíngur þegar kemur að drykkjarvali.“

## Trúnaðarupplýsingar úr eldhúsinu

Ertu til í að koma á trúnað og ljóstra upp leyndarmáli sem þú átt í eldhúsinu?

„Helstu trúnaðarupplýsingar



„Ég hef sérstaklega gaman af því að baka,“ segir Diljá Mist lögfræðingur, sem starfar í dag sem aðstoðarmaður utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

mínar úr eldhúsinu eru þær að ég get ekki giskað eða slumpað á neitt, ég verð að vera með allt uppáskrifað upp á gramm. Síðan get ég ekki smakkað sjálf til, þarf alltaf að fá einhvern annan í það.“

## Djúpsteiktar vöflur gerðar með rósettujárni

Diljá á nokkra uppáhaldsrétti sem hafa fylgt fjölskyldunni í áramna rás og minningar tengdar þeim. Amma hennar, Susie, skipar stóran sess í hjarta hennar og minningar frá heimsóknnum snúast margar um gæðastundirnar við kaffiborðið þar sem hún bar fram ljúffengar kræsingar. „Það var alltaf gestkvæmt hjá Susie ömmu minni. Til þess að vera ávallt viðbúin að taka á móti gestum átti hún oftast til það sem hún kallaði rósavöflur.



Rósavöflur ömmu Susie ásamt baunasalatinu.



Sumarlestur.is  
Lestrarátak fyrir 5–12 ára

Bókasafn Kópavogs

Þetta eru einhvers konar djúpsteiktar vöflur með þar til gerðu rósettujárni. Líkjast einna helst laufabrauði og geymast einstaklega vel. Hún bar þær yfirleitt fram með majónesbaunasalati. Við höfum haldið í þessa hefð, en breytum stundum út af venjunni, berum þær til dæmis fram með rjóma og ávöxtum, ferskum aspas, hráskinku og piparrótarsósu og svo framvegis. Ég fékk matarklúbbinn minn í mat á dögnum og bar þá fram rósavöflur með ferskum aspas og hráskinku í forrétt sem vakti mikla kátínu matargesta.“ ■

Rósavöflur ömmu Susie

U.þ.b. 40 stk.  
2 egg

2 msk. sykur  
smá salt

1 bolli mjólk

1 bolli hveiti (stundum aðeins meira).

Byrjið á því að hræra létt saman egg, sykur og salt. Síðan er mjólk og hveiti bætt saman við, hrærið þar til blandan er kekkjalaus. Vöflurnar eru steiktar í olíu með þar til gerðum rósettujárnum.

Baunasalat ömmu Susie

½ dós Ora gulrætur og grænar baunir

½ dós majónes (minnsta dósin)

½ dós sýrður rjómi

kryddið til með chili explosion kryddi og smá pipar eftir smekk.

# Sjómannadagurinn

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 5. júní 2021



Hilmar Snorrason tók við starfi skólastjóra Slysavarnaskóla sjómanna árið 1991 og hefur því staðið þar í brúnni í þrjátíu ár. Hann segir alla sjómenn tengjast skipum sínum tilfinningaböndum og mest þeim sem þeir eru á þá stundina, enda geymi skipið líf þeirra og lími. Honum þyki því sjálfum vænst um skólaskipið Sæbjörgu, sem ber viðeigandi nafn; björgun úr sæ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Dreymir um slysaust sjómannslíf

Hilmar Snorrason hefur í þrjátíu ár staðið vaktina sem skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna. Hann segir hafið hafa gríðarlegt aðdráttarafl, að sjómannslífið sé skemmtilegt og að varkárni sé mikilvægari en dirfska á sjó. **2**



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir  
thordisg@frettabladid.is

„Ég segi stundum að ég sé fæddur inn í Skipaútgerð ríkisins og þar endaði ég í efstu stöðu. Mamma var þarna hjá útgerðinni öll stríðsárin og pabbi varð seinna háseti hjá sömu útgerð. Þar gekk hann vaktir í brúnni á kaupskipum og sem barn fékk ég að kíkja í brúna. Ég var því ekki nema níu ára þegar ég ákvað að verða skipstjóri á stórum flutningaskipum. Ég hafði gaman af stjórnun, landafræði og því að kanna umhverfið, og um leið og ég hafði aldur til var ég mættur í Stýrimannaskólann og sestur á skólabeck til að læra til skipstjóra.“ segir Hilmar Snorrason, skólastjóri

Slysavarnaskóla sjómanna.

Hilmar var fyrir tilviljun dubbaður upp sem háseti þegar hann fylgdi föður sínum til sjós og vantaði tvo menn um borð. Það var árið 1972 og Hilmar átti fimmtán ára afmæli um borð.

„Ég var reyndar ekki til stór-ræða í þeirri ferð því ég varð svo sjóveikur. Pabbi hvíslaði þá að mér að ég yrði aldrei sjómaður. Það herti mig allverulega og ég sór þess að svara fyrir mig í þeim efnum. Ég var svo allt þetta sumar á sjó og framan af sjóveikur en lét mig hafa það. Kosturinn við sjóveiki er að hún blossar upp skyndilega en

hverfur um leið og skipið hættir að hreyfast og þótt maður æli lifur og lungum gleymist það fljótt. Svo er heldur ekki alltaf bræla á sjó þótt hafsvæðið við Ísland sé erfitt viður-eignar veðurfarslega yfir vetrarmánuðina. Sjórinn hefur alveg gríðarlegt aðdráttarafl og stundum sagt að sjómenn séu þekktir fyrir að vera niðri á bryggju að fylgjast með skipum í frium. Það væri eins og starfsmenn í álveri færu í Straumsvík til að horfa á verksmiðjuna í frium. Slíkt þætti skrytið en svona er nú edli sjómannsins og sjórinn, hann lokkar og laðar,“ segir Hilmar og brosir.

**Skemmtilegt en öðruvísi líf**

Hilmar fagnar nú 30 ára starfsafmæli sem skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna. Áður átti hann farsælan feril sem skipstjóri á strandferðaskipum en einnig sigldi hann á flutningaskipum, farþega-skipum, olíuskipi og borskipi.

„Það er skemmtilegt líf að vera til sjós, en það er öðruvísi líf og ég hvet alla sem vilja prófa sjómennsku að gera það endilega. Menn geta þó ekki búist við að fá strax pláss á aflamestu skipunum, þeir þurfa að byrja á minni skipum og fíkra sig upp með aukinni reynslu. Þó er það þannig að

**” Pabbi**

hvíslaði að mér að ég yrði aldrei sjómaður. Það herti mig allverulega og ég sór þess að svara fyrir mig.

»





**RAFIDNAÐARSAMBAND  
ÍSLANDS**

# ÞAÐ ER NÓG TIL!

Sjómanna dagurinn er gleðidagur en hann er einnig áminning um mikilvæga baráttu sjómanna sem stendur enn.

***Rafiðnaðarsamband Íslands sendir sjómönnum  
rafmagnaðar baráttukveðjur í tilefni dagsins.***

Rafiðnaðarsamband Íslands  
er stoltur bakhjarl UN Women



Aóildarfélög  
sambandsins:



# Stærðin eykur arðsemi og sjálfbærni og bætir afrakstur

Brim hefur vaxið jafnt og þétt í yfir þrjá áratugi, ræður yfir meiri aflaheimildum en önnur fyrirtæki og er stærsta sjávarútvegsfyrirtækið hér á landi – samt er það ekki á lista yfir tuttugu stærstu fyrirtæki á Íslandi.

Ekkert fyrirtæki hefur fjárfest meira í aflaheimildum á Íslandsmiðum en Brim hf. í Reykjavík og er það stærsta sjávarútvegsfyrirtækið á Íslandi. Núna fær félagið úthlutað aflamarki í þorskígildum sem nemur um 12% af heildarúthlutun veiðiheimilda á Íslandi og er það leyfilegt hámark. Þrátt fyrir mikilvægi sjávarútvegs í íslensku efnahags- og atvinnulífi er fyrirtækið langt frá því að vera í hópi allra stærstu fyrirtækja á Íslandi. Í upphafi árs 2020 var Brim í 22. sæti yfir stærstu fyrirtæki landsins samkvæmt árlegri samantekt Frjálsrar verslunar. Velta félagsins á árinu 2019 nam um 37,2 milljörðum króna og var um 22% af veltu Icelandair, sem líkt og Brim starfar á alþjóðamarkaði, og um þriðjungur af veltu Haga sem aðeins starfar á heimamarkaði. Hins vegar var Brim tíundi stærsti launagreiðandinn á landinu og greiddi samtals 8,7 milljarða króna í laun á því ári.

Íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi sækja á alþjóðamarkaði þar sem samkeppni er vaxandi og hörð. Þar er Brim lítið fyrirtæki. Á alþjóðamarkaði velta 13 stærstu fyrirtækjin hvert um sig meira en öll íslensk sjávarútvegsfyrirtæki til samans og þau allra stærstu nærri fimmfalt á við íslenskan útveg. Hlutur Íslendinga hefur minnkað hin síðari ár vegna gríðarlegs vaxtar í fiskeldi og er hlutdeild þeirra í verðmætum talið nú innan við 1,4% af heimsmarkaði. „Brim er því í þeirri athyglisverðu stöðu að vera í senn stórt fyrirtæki í íslenskum sjávarútvegi, miðlungsfyrirtæki í íslensku atvinnulífi og agnarlítið seði á heimsmarkaði fyrir sjávarafurðir,“ segir Guðmundur Kristjánsson, forstjóri félagsins.

**Dreif eignarhald og gagnsæi**  
Í um áratug eða þar til á þessu ári var Brim eina sjávarútvegsfyrirtækið sem var í almenningsseign og skráð á markað. Í dag eru hluthafar yfir 1.000 og þar á meðal lífeyrisjóðir með tugþúsundir aðildarfélaga. Brim hefur lagt metnað sinn í að upplýsa hluthafa og almennung um starfsemi félagsins og birtir á ári hverju fjárhagsuppgjör og skýrslu um samfélags- og umhverfismál. Þar má greina með gagnsæjum hætti alla mikilvægustu þættina í starfi félagsins. Brim var fyrst íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja til að birta umhverfisskýrslu og hlaut félagið Umhverfisverðlaun atvinnulífsins árið 2019.

**Markviss vöxtur**  
Brim hefur aukið jafnt og þétt við aflaheimildir sínar í um þrjátíu ár. Grandi, sem var forveri Brims og varð til við sameiningu Bæjarútgerðar Reykjavíkur og Ísbjarnarins, var eitt fjölmargra fyrirtækja í sjávarútvegi á Íslandi síðasta áratug 20. aldar sem átti í rekstrarerfiðleikum vegna þess að afkastageta veiðiskipa og vinnslustöðva var langt umfram heimildir til veiða. Óheft og alltof mikil veiði áratuganna á undan hafði leitt til hnignunar veiðistofna og offjárrestinga í greininni. Komid var að skuldadögum. Til þess að eiga framtíð varð félagið að stækka og bæta við sig aflaheimildum. Þá tók

fyrirtækið stefnumótandi ákvörðun um að stækka með því að kaupa aflaheimildir. Var því fylgt eftir með kaupum á Haraldi Böðvarsyni á Akranesi, með kaupum og samruna við önnur fyrirtæki á borð við Tanga á Vopnafirði, Svan og Ögurvík í Reykjavík og Kambi í Hafnarfirði og einnig með beinum kaupum á veiðiheimildum.

**Botnfiskur**  
Í helstu botnsjávartegundunum hefur Brim bætt við sig aflaheimildum í stórum áföngum (sbr. Graf 1). Fyrst aukast heimildir í öllum tegundum árið 2004 þegar félagið rann saman við HB á Akranesi og Tanga á Vopnafirði. Síðan aukast heimildir í þorski, ýsu og ufsa á árunum 2016, 2018 og 2020 þegar Brim festi kaup á fyrirtækjunum Hafnarnesi, Ögurvík og Kambi (sbr. Tafla 1). Að auki eru tillærslur á milli tegunda flest árin eins og sjá má þegar félagið minnkar við sig í karfa og grálúðu og þá í skiptum fyrir heimildir í öðrum tegundum.

**Tafla 1**  
Helstu sameiningar og kaup á fyrirtækjum og aflaheimildum í botnfiski

- Hraðfrystistöðin í Reykjavík 1990.
- Venus 2001
- HB á Akranesi 2004
- Tangi Vopnafirði 2004
- Hafnarnes 2016
- Ögurvík 2018
- Kambur 2020

**Uppsjávartegundir**  
Fram að aldamótum átti forveri Brims engar aflaheimildir í uppsjávartegundum öðrum en loðnu og voru þær frekar litlar (sbr. Graf 2). Á þessu urðu miklar breytingar 2004 þegar félagið keypti HB á Akranesi, Tanga og Svan og umtalsverðan loðnukvóta af Festi (sbr. Tafla 2). Þá margfölduðust heimildir úr um 2,5% af heildarúthlutun í um 18% af loðnu og 11% í síld. Þá fékk félagið verulega hlutdeild í norsk-íslensku síldinni og kolmunna og síðan í makrill þegar hún var gefin út fyrir þremur árum.

**Tafla 2**  
Helstu sameiningar og kaup á fyrirtækjum og aflaheimildum í uppsjávarfiski

- Faxamjöl, stofnað 1992
- HB á Akranesi 2004
- Festi 2004 (loðnukvóti)
- Tangi Vopnafirði 2004
- Svanur 2004

Kaup á aflaheimildum og sameiningar félaga og yfirtökur á síðustu áratugum hafa kostað Brim verulega fjármuni. Í efnahagsreikningi fyrir 2020 kemur fram að aflaheimildir er langstærsta einstaka eign félagsins en heildareignir eru 111,6 milljarðar króna miðað við núverandi gengi evrunnar. „Þar af eru aflaheimildir að kaupverði um 45 milljarðar króna í samanburði við fiskiskip og búnað að fjárhæð um 22 milljarðar króna,“ segir Guðmundur. „Aflaheimildirnar skipta Brim því verulegu máli og hefur sú stefna félagsins undanfarna áratugi að auka markvisst við þær skilað sér í vexti félagsins og auknum fjárhagslegum styrk,“ segir hann.

**Af hverju skiptir stærðin máli?**  
Markmið laga um fiskveiðistjórnun er að stuðla að verndun nytjastofna og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. „Frá því lögin voru sett hefur gríðarleg hagræðing átt sér stað í greininni vegna þess að fyrirtæki hafa sameinast og rekstrareiningar eins og skip og vinnslur hafa stækkað og aukið til muna afkastagetu með nýtingu nýjustu tækni á hverjum tíma, bæði vélbúnaðar og hugbúnaðar,“ segir Guðmundur. „Langflest fyrirtæki í sjávarútvegi eru í dag að skila arði sem meðal annars skilar sér í fjárfestingum þeirra og öflugri atvinnustarfsemi víða um land en sjávarútvegurinn er helsti máttarstólpinn í atvinnulífi á landsbyggðinni. Þá eru fyrirtæki í greininni að greiða góð laun og eru meðallaun í greininni að jafnaði hærri en í öðrum atvinnugreinum á Íslandi, sérstaklega ef horft er til annarra greina á landsbyggðinni.“

**Hagræðing, aukin arðsemi, meiri gæði – lægra kolefnisspor**  
Hagræðing síðustu áratuga hefur leitt til þess að fyrirtæki eins og Brim eru stærrí og öflugri, þau eru arðsamari, sjálfbærni hefur aukist, afrakstur auðlindar hefur aukist þar sem verðmætin sem hún skapar hefur aukist.

En hvernig gerist það að auknar aflaheimildir og þar með stærð fyrirtækisins hafa margvisleg jákvæð áhrif á starfsemi sjávarútvegsfyrirtækja?


„Mestu skiptir að með auknum aflaheimildum getur útgerðin skipulagt veiðar betur og nýtt betur skip sín og annan dýran búnað og lækkað kostnað við að sækja hvert tonn af fiski og minnkað jafnframt brennslu á eldsneyti og þar með kolefnissporið,“ svarar Guðmundur. Frá árinu 2005 hefur eldsneytisnotkun fiskiskipa Brims dregist saman um þriðjung á sama tíma og veiði hefur aukist. Á sama hátt verður vinnslan á afurðum hagkvæmari því með meiri afla nýttist betur fjárfesting í hátækni-búnaði vinnsluhúsanna. Fyrir um 25 árum og áður en Brim hóf að auka markvisst við sig aflaheimildir var algengt að vinna félli niður í fiskidjuverinu í einhverja daga í mánuði hverjum, sérstaklega á veturna. Því fylgdi augljóst óhagræði fyrir fyrirtækið og óryggi fyrir starfsfólk og tekjutap.

„Aukin hagræðing og arðsemi skilar sér síðan áfram með margvislegum jákvæðum hætti eins og getu til að laða að gott starfsfólk vegna góðra launa, fjárfestingum í nýjum búnaði og tækjum sem skilar sér í aukinni sjálfbærni og enn lægra kolefnisspori, meira öryggi, meiri gæðum vörunnar og enn meiri áreiðanleika í afhendingu á vörum til viðskiptavina,“ segir Guðmundur enn fremur.


**Samkeppnishæfnin eykst**  
99% af öllum framleiðsluvörum íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja eru seld á alþjóðlegum mörkuðum. Guðmundur segir að í þeirri baráttu þurfi íslensk sjávarútvegsfyrirtæki að vera samkeppnishæf við öflug og alþjóðleg risafyrirtæki. Stærð fyrirtækja í sjávarútvegi gerir þau hæfari til samkeppni. Öruggur aðgangur að villtum fiski eykur gæði vinnslunnar og tryggir framboð og afhendingu á vörum. Hann segir að í dag auki það jafnframt samkeppnishæfni að veiðar séu sjálfbærar og kolefnisspor, lítið eins og áður hefur verið nefnt, en kolefnissporið í íslenskum sjávar-



Botnfiskur Graf 1



Uppsjávartegundir Graf 2







„Eftir farsælan vöxt sjávarútvegs í áratugi stendur greinin nú á tímamótum. Segja má að fiskveiðilöggjöfin reisi skorður við frekari vexti íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja,“ segir Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK

útvegi er það minnsta sem þekktist í heiminum við framleiðslu á próteini.

Að síðustu gefur stærð og styrkur framleiðenda á sjávarafurðum aukinn möguleika á að tryggja sér hlutdeild í allri virðisæðju sjávarafurða sem þýðir að þau geta fylgt vörunni frá veiðum til neytenda. Brim hefur einmitt á síðustu árum haft fjárhagslega burði til að fjárfesta í sölufyrirtækjum sem selja sjávarafurðir undir vörumerki Icelandic í Suðaustur-Asíu og Kína. Guðmundur telur að aðgangur að þeim mörkuðum og þekking á þeim sé ein af helstu forsendum fyrir því að Brim geti vænst þess að koma afurðum sínum á þá markaði sem greiða hæsta verð fyrir sjávarfang og þar með aukið afrakstur þeirrar takmörkuðu auðlindar sem fiskurinn í sjónum er.

#### Tímamót

Eftir farsælan vöxt sjávarútvegs í áratugi stendur greinin nú á tímamótum. Segja má að fiskveiðilöggjöfin reisi skorður við frekari vexti íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Vekja þær skorður spurningar í ljósi nýlegrar skýrslu fjögurra sérfræðinga um sjávarútveg sem unnin var fyrir sjávarútvegsráðuneytið þar sem kom í ljós að sjávarútvegur á Íslandi er sá eini innan vébanda 28 OECD-ríkja sem greiðir með sér til samneys-

**Langflest fyrirtæki í sjávarútvegi skila arði sem skilar sér í fjárfestingum þeirra og öflugri atvinnustarfsemi víða um land en sjávarútvegurinn er helsti máttarstólpinn í atvinnulífi á landsbyggðinni.**

unnar en þrífst ekki á opinberum styrkjum og er því sjálfbærari og betur rekinn en í þeim löndum sem við helst berum okkur saman við.

„Eftir uppbyggingu og vöxt í um þrjá áratugi er Brim komið að þeim mörkum sem lagaheimildir á Íslandi segja til um hvað varðar aflaheimildir, eða 12% af heildarúthlutun í þorskígildum,“ segir Guðmundur og bætir við að nú þurfi að fara fram málefnalegar og opnar viðræður stjórnvalda og fyrirtækja í greininni um að hætta útreikningum á þorskígildistönnum og miða aðeins við



Brim í Reykjavík er stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins með um 800 starfsmenn.

hámark í hverri fisktegund en í dag er það 12% í þorski, 20% í ýsu, ufsa og fleiri tegundum og 35% í karfa. „Fyrir fyrirtæki í almenningseigu sem skráð eru í kauphöll og lúta reglum um upplýsingaskyldu og gagnsæi gæti hámarkið í hverri fisktegund verið það sama og það er í dag,“ segir hann. „Aðferðafræðin sem notuð er við að reikna þorskígildin eru úrelt og röng. Það er alvarlegt mál þegar yfirvöld reikna og beita reglum á vitlausum

forsendum eins og nú er gert. Á þetta þarf að binda enda og um leið að gefa fyrirtækjum möguleika á að vaxa, auka nýsköpun og takast á við vaxandi samkeppni,“ segir Guðmundur.

Í gegnum tíðina hefur mikil umræða verið um sjávarútveg á Íslandi. Hefur hún einkum snúist um auðlindagjald sem fyrirtæki í sjávarútvegi greiða hinu opinbera fyrir veiðiheimildir. „Sú umræða mun örugglega halda áfram,“

segir Guðmundur og bætir við að eins og sjá megi af sögu Brims og þeirri stöðu sem félagið er í sé ljóst að ræða þarf frekar möguleika fyrirtækja í almenningseigu á að bæta við sig aflaheimildum til að fyrirtækin geti haldið áfram að hagræða og auka verðmætasköpun í greininni. „Framtíðin er björt ef við sem þjóð höldum áfram að taka skynsamlegar ákvarðanir,“ segir Guðmundur. „Við þurfum alltaf að læra af sögunni.“ ■

# Sterkastí maður Íslands, fiskar og brúðarskart

Óvenjuleg en óskaplega skemmtileg hátíðarhöld fara fram við Flensborgarhöfn í Hafnarfirði á sjómanna-daginn.

„Hátíðarhöldin í Hafnarfirði verða með óhefðbundnu sniði á sjómanna-daginn í ár vegna samkomutakmarkana sem enn eru í gildi,“ segir Andri Ómarsson, verkefnastjóri menningar- og markaðs-mála hjá Hafnarfjarðarbæ.

„Þrátt fyrir það hvetjum við Hafnarfirðinga og gesti þeirra til að gera sér ferð niður að höfn og njóta þess sem höfnin, sem bærinn er kenndur við, hefur upp á að bjóða.“

Hátíðardagskráin lokkar og laðar, eins og hafid.

„Þar má nefna fiskasýningu Hafnansóknastofnunar sem verður á svæðinu fyrir framan höfuðstöðv-arnar á Háabakka. Þar verður hægt að skoða sýnishorn af fiskum og hryggleysingjum, allt frá algengum nytjafiskum eins og þorski og ýsu, til sjaldséðari tegunda eins og tungfisks og bjúgtanna,“ upplýsir Andri.

Í hlýlegum verslunum og listagalleríum við höfnina verður hægt að nálgast hönnun og handverk hafnfirskra listamanna.

„Vinalegir veitingastaðir og kósí kaffihús í nágrenni hafnfirsku hafnarinnar eru rómuð fyrir gestrisni og góðar veitingar og Litli-rattleikur Hafnarfjarðar leiðir áhugasama um spennandi staði í nágrenni hafnarinnar sem er tilvalið að skoða,“ segir Andri.

## Kraftakeppni og kappróður

Það verður sannkallað ævintýri að fagna sjómanna-deginum með heimsókn á Flensborgarhöfn.

„Við tökum daginn snemma og drögum fána að húni klukkan



Sjómanna-dags-hátíðarhöldin í Hafnarfirði fara fram á Flensborgarhöfn, fyrir framan litríku og fallegu húsin hjá Hafrannsóknastofnun.

átta að morgni sjómanna-dags á hátíðarsvæði við höfnina. Klukkan tíu leikur Lúðrasveit Hafnarfjarðar við Hrafnistu og blómsveigur verður lagður að minnisvarða um horfna sjómenn við Víðistaðakirkju klukkan 10.30. Klukkan 11 verður sjómanna-messa, heiðrun sjómanna og ferming í Frikirkjunni,“ upplýsir Andri.

Dagskrá við Flensborgarhöfn hefst klukkan 11 með fiskasýningu Hafró á Háabakka og kraftakeppnin Sterkastí maður á Íslandi 2021 hefst á sama tíma á Öseyrar-bryggju.

„Þar munu aflraunamenn etja kappi við hrikkalegar aflraunir sem byrja með trukkadrætti klukkan 11, þá tekur við drumba-

Frá vinstri: Karel Ingvar Karelsson, sem verði hefur umsjónar-maður sjómanna-dagsins í Hafnarfirði áratugum saman, og Svanhildur Egilsdóttir, sem sér um fiskasýninguna hjá Hafró og Andri Ómarsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON

er afar fjölbreytt og meðal annars er í húsinu stunduð keramikhönnun, myndlist, vöru- og textilhönnun, ritlist, tréskipasmíði og gullsmíði,“ lýsir Andri.

Kaffihlaðborð Kænunnar verður á sínum stað með dýrindis brauðtertum og tilheyrandi, frá klukkan 13 til 17. Þá verður fjölskylduviðburðurinn Þorri og Þura í Hellisgerði frá klukkan 14 til 15.30, og Margrét Arnardóttir harmonikkuleikari og Gunnella Hólmarsdóttir leikkona flytja þjóðlega tóna víðs vegar um bæinn.

„Í sex húsum Byggðasafns Hafnarfjarðar ber margt fróðlegt og forvitnilegt fyrir augu, og nýrri ljósmyndasýningu hefur verið komið fyrir á Strandstígnum um Bæjarútgerð Hafnarfjarðar. Á sýningunni „Þannig var ...“ í Pakkhúsinu á Vesturgötu 6 er saga sjávarþorpsins Hafnarfjarðar rakin frá landnámi til okkar daga, og í Bookless Bungalow á Vesturgötu 32 er sýning um tímabil erlendu útgerðanna á fyrri hluta 20. aldar á heimili Bookless-bræðra,“ útskýrir Andri þar sem hann skoðar sig um í Siggubæ á Kirkjuvegi 10.

„Siggubær er varðveittur sem sýnishorn af heimili sjómanna í Hafnarfirði frá fyrri hluta 20. aldar. Þar er hægt að upplifa og kynnast því hvernig alþýðufólk í bænum bjó á þeim tíma.“ ■

Dagskrá getur breyst án fyrirvara og viðburðir bæst við eða frestast. Gestir eru beðnir um að virða fjöldatakmörk á viðburðarsvæðum, tveggja metra nálægðarmörk, huga að einstaklingsbundnum smitvörnum og nota andlitsgrímur þegar við á. Sjá nánar á hafnarfjordur.is

## Perlan sem var á hafsbotni

Glöggir muna kannski eftir því óheppilega atviki þegar sanddæluskipið Perla sökk í Reykjavíkurhöfn að morgni 2. nóvember 2015.

johannamaria@frettabladid.is

Að sögn Sigurðar Stefánssonar, eigna Kjöfnarþjónustu Sigurðar, gerðist það eftir röð mistaka en skipið sökk á hálf tíma þennan örlagaríka morgun eftir að hafa verið sleppt úr slipp við Ægisgarð.

### Þegar Perla sökk

Perla var smíðuð árið 1964 í Vestur-Þýskalandi og var í eigu útgerðarinnar Björgunar ehf. Í atvikalýsingu í rannsóknarskýrslu sem unnin var vegna slyssins kemur fram:

„Við sjósetningu Perlu úr slippnum um kl. 10.30 var dráttar-báturinn Magni festur við skipið og tók hafnsögumaður við stjórn aðgerða að færa skipið að bryggju. Þrír menn voru um borð í Perlu, vélstjóri skipsins og tveir starfsmenn Stálsmiðjunnar Framtaks. Fljótlega eftir að Perla flaut úr sledanum kom stb halli á skipið en haldið var áfram að flytja það til legu á austanverðum Ægisgarði... Áhöfnin á Magna fékk þær upplýsingar að lekinn væri einskorðaður við lestina og því talin lítil hættu á ferðum.“

### Hallinn jókst enn

En hallinn hélt áfram að aukast og var ákveðið að draga skipið aftur að bryggju. Þá var óskað eftir dælum til að dæla úr skipinu um leið og það kæmi að bryggju, en það var um seinan. Stuttu síðar var skipið sest að framan og aftur-

hlutinn byrjaður að sökkva.

Samkvæmt vefsíðu Faxaflóa-hafna mætti Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins á vettvang til að dæla sjó úr skipinu en ekki tókst nægilega vel til. Mennirnir þrír sem voru um borð komu klakklaust í land, en ætla má að eitthvert stolt hafi þó verið sært í staðinn. Við nánari athugun kom í ljós að ástæðan fyrir því að skipið sökk hefði meðal annars verið blöndunarlokinn, sem var opin og átti að vera lokaður. Hann var staðsettur fremst á skipinu og notaður til að taka sjó inn í lestina til að auðvelda losun með dælingu.

Það vakti athygli þegar Perla var sokkin við bryggjuna að hvorugur gúmmíbjörgunarbátanna sem festir voru á skipið höfðu skilað sér upp á yfirborðið en þeir voru með sérstökum Olsen-sleppibúnaði með Berwyn-sjósleppimembrum. „Við mælingu kom í ljós að þá var dýpi niður á skel gúmmíbjörgunar-bátsins stjórnborðsmegin 2,3 m. Báðir sjósleppilokarnir virkuðu síðar þegar dýpið hafði aukist á flóði og búnaðurinn kominn á um 4 m dýpi. Sjósleppibúnaðurinn var með gildistíma til 2018“, segir í skýrslunni.

### Nokkrar tilraunir

Kjöfnarþjónusta Sigurðar ásamt starfsmönnum Björgunar hófust handa við að loka skipinu til að koma í veg fyrir að olía lækni úr því og til að undirbúa að hægt yrði að lyfta því. „Hátt í 12 þúsund lítrar af olíu voru í skipinu og 800 lítrar af glussa,“ segir Sigurður og var því rík ástæða að koma í veg fyrir að það allt lækni út í sjó.

Að sögn Sigurðar var nokkur



Kafari býr sig undir að kafa niður að skipinu þann 16. nóvember 2015. Síðar um daginn var skipið komið upp og þurraði af sjó.

MYNDIR/ÆSENDAR



Sigurður Stefánsson, eigandi Kjöfnarþjónustu Sigurðar, segist alltaf muna eftir björgunar-störfum Perlu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Dæla þurfti töluvert af sjó úr skipinu til að það lyftist upp af hafsbotni.

vandi að ná skipinu upp og þurfti til þess nokkrar atrennur. Í skýrslunni kemur fram að þann 4. nóvember höfðu kafarar lokað mannopum og hurðum. Þá hafði dælubúnaði verið komið fyrir á tveimur stöðum á skipinu. „Við dælingu reyndist skipið einungis lyftast að aftan og þrátt fyrir ýmsar tilraunir næstu daga tókst ekki að ná skipinu á flot,“ segir í skýrslunni.

### Dælt upp úr Perlu

Á hádegi mánu dagsins 16. nóvember var hafist handa við að dæla sjó úr Perlu eftir mikinn undirbúning dagana á undan. „Skipið lá á hafsbotni í tvær vikur áður en við náðum að dæla úr því sjó og ná því upp. Þegar svona stór verkefni koma á borð hjá okkur fáum við skipaverkfræðinga til þess að vinna með okkur og að þessu sinni unnum við með Navis til þess að reikna út stöðugleika skipsins,“ segir Sigurður. Verkefnið gekk hægar en gert var ráð fyrir, aðallega vegna norðanstinings sem seinkaði aðgerðum. Ád kvöldi mánu dags 16. nóvember tókst svo loks að ná Perlu af botni Reykjavíkurhafnar en í kjölfarið var skipið orðið ónýtt og því ekki sjósett á ný. ■



# Til hamingju með daginn sjómenn

Eimskipafélag Íslands sendir öllum sjómönnum og fjölskyldum þeirra heillaóskir í tilefni dagsins með kærri þökk fyrir þeirra mikilvæga starf

 **EIMSKIP**

# Við erum sterkari saman

VM - Félag vélstjóra og málmæknimanna hefur starfað í núverandi mynd frá árinu 2006 en þá varð stéttarfélagið til úr sameiningu Vélstjóraráðs Íslands og Félags járníðnaðarmanna í Reykjavík. Bæði eiga yfir 100 ára sögu.

johannamaria@frettabladid.is

Félagatal VM telur tæplega 4.000 manns. „Við vinnum í mörgum geirum í íslensku atvinnulífi og erum með eina sextán kjarasamninga, meðal annars við vélstjóra á fragt- og fiskiskipum, iðnaðarmenn í raforkugeiranum, starfsmenn nýsköpunarfyrirtækja eins og Össur, Marel og marga fleiri. Þá erum við með lausan kjarasamning við fiskiskipasmenn og svo losnuðu samningar við Ísal í Hafnarfirði um mánaðamótin,“ segir Guðmundur Helgi Þórarinnsson, formaður VM.

## Baráttumál um lífeyrissjóð

Að sögn Guðmundar stendur Félag vélstjóra og málmæknimanna í erfiðri kjaradeilu við SFS, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi. „Nú er komið að því að okkar fólk sitji við sama borð og aðrir landsmenn í lífeyrismálum. Aðalkrafan er að fá 11,5% frá atvinnurekendum í lífeyrissjóð, en núna fáum við eingöngu 8%. Við erum jú á hlutaskiptum eins og SFS segir og vilja meina að ekki sé hægt hækka lífeyrissjóðinn nema að taka þetta annars staðar af okkar kaupum. En útgerðin hefur sýnt fram á góðan hagnað síðustu 10–12 árin, að meðaltali um 20 milljarða á ári. Fyrirtæki sem hagnast á því að nýta auðlindir þjóðarinnar eiga að okkar mati að borga góð laun. Sjómenn eru mjög útsettir fyrir mikilli örorkubyrði, þetta er erfið vinna við erfiðar aðstæður og það er ótrúlegt að menn vilji ekki leyfa okkur að sitja við sama lífeyrissjóðsborð og aðrir.“

Sjálfur var ég til sjós í rúm fjórutíu ár og það veit enginn fyrr en á reynir hvað það tekur á að vera kannski 40 daga í burtu frá fjölskyldunni, endurtekið, svo árum skiptir. Oft og tíðum eru menn langt í burtu, á Rússasjó, fyrir norðan Noreg eða annað. Vinnuástanda er mjög erfið sem veldur því að menn eru oftar en ekki orðnir slitnari fyrir aldur fram heldur en þeir sem vinna í landi. Utgerðarmenn myndu aldrei ná þeim góða árangri sem þeir hafa náð nema vegna góðs mann-



Guðmundur Helgi Þórarinnsson tók við formannstarfi VM - Félagi vélstjóra og málmæknimanna fyrir þremur árum. Sjálfur byrjaði hann að fara til sjós fyrir fjórutíu árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

skapar,“ segir Guðmundur.

## Samstaða lykilatriði

Guðmundur segir að samstaða sé lykilatriði í kjarabaráttu. „Það hefur háð stéttarfélagunum í landinu að menn vinna alltaf hver í sínu horninu við að finna upp hjólið. Ég kem í starfið sem formaður fyrir þremur árum og hef barist fyrir aukinni samvinnu. Þar má nefna samstarf iðnaðarfélaga eins og Samiðnar og Rafiðnaðarsambandsins sem hefur gengið mjög vel.“

Aftur á móti hefur óeining meðal sjómanna orðið til þess að það hefur hallað á okkar hlut í gegnum tíðina. Nú erum við í kjarasamningum með Sjómannafélagi Íslands og Sjómannafélagi Grindavíkur, en Félag skipstjórnarmanna og Sjómanna-samband Íslands eru saman. Þó það sé mikill samhljómur með þessum félögum núna tel ég að menn séu alltaf sterkari saman. Við græðum meira á því að standa saman og öðlumst sterkari samningsstöðu fyrir vikið.

Ástæðan fyrir óeiningunni getur verið vegna ólíkrar uppbyggingar hásetafélaganna sem eru ekki landsfélög heldur samband margra litilla félaga. Nú hafa þeir skipst í þrjú félög sem kannski lýsir því best hvar óánægjan er mest. Aftur á móti er mun meiri samstaða

innan Félags skipstjórnarmanna og VM sem eru landssamtök, en þar eru 90% starfsmanna í okkar félögum.

Óeining stafar einnig af ólíkum áherslum í því hvort menn séu á línu, trolli, netum, uppsjávarmiðum eða annað og það hefur verið kúnt að gera einn samning sem passar fyrir alla þessa ólíku flokka. Það hefur tekist í gegnum tíðina, en það gerist þó alltaf þegar unnið er eftir meðaltali, að sumum verður kalt en öðrum mjög heitt.“

## Þjóðin öll tapar

„Við vonumst til að fá meiri meðbyr í pólitíkinni. Mönnum verður tíðrætt um auðlindagjaldið en það þarf líka að gera upp á réttu fiskverði. Ef fiskverð hækkar þá hækkar í kjölfarið auðlindagjaldið, laun sjómanna, hafnargjöld, skattar og útsvar og það myndu allir græða á því. VM hefur verið duglegt að benda á mikinn mun á fiskverði á uppsjávarveidum, sem fer eftir því hvort menn eru að borga Íslendingum eða erlendum aðilum. Þetta kom vel í ljós í loðnuvertíðinni. Íslensk fyrirtæki keyptu loðnu af norskum skipum á næstum tvöfalt hærra verði en af íslenskum. Við höfum aldrei fengið nein rök fyrir þessu sem halda vatni og við erum mjög óánægð með að stjórnvöld hafi ekki gripið inn í þetta ástand

eða krafist skýringa. Ef menn fá ódýrari fisk hér heima þyðir það líka að sjómenn tapa launum, sveitarfélög útsvari, hafnir hafnargjöldum og ríkið tapar tekjuskatti og auðlindagjöldum. Allir tapa.“

Annad mál sem við höfum verið að djöflast í er í farmannageiranum. Þó það séu starfræktar ferjur hér á landi þá eru engin farskip skráð hér. Eimskip og Samskip skrá sín farskip í Færeyjum og réttarstaða starfsmanna á þessum skipum hefur verið óljós varðandi fæðingarorlof og atvinnuleysisbætur o.fl. Fyrirtækin hafa borgað hingað til, en menn hafa ekki beint rétt herna heima og síður en svo í Færeyjum, þrátt fyrir að borga sína skatta þar. Þetta er náttúrlega mjög óþægileg staða að vera í. Við viljum því að farskip á Íslandi séu skráð hér.“

## Miklar breytingar

Guðmundur segir mikið hafa breyst í bransanum undanfarið ár. „Hér áður voru nokkrir útgerðarmenn í hverjum bæ. Í Vestmannaeyjum og Grindavík voru stórar verstöðvar með marga báta. Með mikilli samþjöppun á kvóta, fækkun skipa og auknum afköstum hefur starfsgildunum fækkað mikið. Núna eru þetta örfáir bátar. Vertíðarlífið og stemningin hefur mikið breyst. Þá hefur líka fækkað í frystihúsunum því það

sem mannhöndin gerði áður, það gera vélar í dag. Við erum alltaf að gera þetta á færri höndum. Það er ákveðin hugsun hjá sjómönnum hjá mörgum útgerðum að það sé best að halda kjafti, hlýða og vera góður og þá er maður ekki rekinn á meðan. En við vonum að útgerðarmenn fari að ná sátt við þjóðina alla um aflu og aflaverðmæti.“

## Stórt spor í rétta átt

Það hefur þó ýmislegt batnað til sjós á undanförunum árum. „Eitt af því eru öryggismál, en það eru orðin meira en fjögur ár síðan það varð banaslys á sjó. Þegar ég byrjaði að fara til sjós var algengt að um 15–20 manns létust árlega af slysförum á sjó en sem betur fer er það liðin tíð. Alla jafna má það þakka stærri og betri skipum en ég vil líka þakka Sæbjörgu, Slysavarnaskóla sjómanna, sem hefur verið starfræktur síðan 1985, en frá þeim tíma fer banaslysum að fækka. Sjómenn eru nú skyldaðir á fimm ára fresti á námskeið og hefur það leitt til þess að menn spá meira í hættunum sem eru til staðar og eru meðvitadri um það sem þarf að gera t.d. úti á sjó í vondu veðri.“

## Stórskrítíð ár

Síðastliðið ár hefur að sögn Guðmundar verið mjög sérstakt. „Það var þó jákvætt að menn tóku höndum saman og settu reglur til að koma í veg fyrir Covid-smit eftir fremsta megni. Það tókst í flestum tilfellum mjög vel en því miður var frægt dæmi vestur á fjörðum á Júlíusi Geirmundssyni, sem sýndi vel að þegar menn eru margir saman lokaðir á einu skipi getur reynst strembið að halda fjarlægðarmörkum. Eitt af því sem menn gerðu til að takmarka smit var að fara nokkra túra í röð. Þá fóru menn ekki frá borði á meðan verið var að landa og höfðu ekki beint samneyti við fólk í landi til að tryggja það að fá ekki smit um borð. Þetta var auðvitað frekar skrítið og í minni þorpum horfðu menn jafnvel inn um eldhúsgluggann hjá fjölskyldunni. Það ríkti almenn sátt um að þetta væri rétt leið og menn fengu svo lengri frí á móti. Það tókst vel að halda smitum frá og við erum mjög ánægð með þetta samstarf.“

Vegna samkomutakmarkana hefur ekki verið haldið hátíðlega upp á sjómanna daginn núna annað árið í röð en við vonum að á næsta ári fái dagurinn aftur sinn sess hjá þjóðinni, því það veit þjóðin öll að það er komin þörf á gott teiti,“ segir Guðmundur. ■

Til hamingju með daginn sjómenn!

Stólpi Gámar

HVALUR hf.

sæplast

RARIK



Síldarvinnslan hf



ÞORLÁKSHÖFN



SAMHERJI



SUÐURNESJABÆR  
VELKOMIN Í SUÐURNESJABÆR

# Atvinnublaðið


Mest lesna atvinnublað Íslands\*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

\*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára



## You know IT best.



We're hiring a Support Engineer for our Customer Care team in Reykjavik, Iceland. Join us in our mission to help enterprises be more efficient, connected, and transparent with our sustainable networking solutions.

### About Men&Mice

At Men&Mice, we build software that makes managing complex corporate networks simple and easy. We live by the philosophy of Sustainable Networking and operate in a fast-growing market with a significant market opportunity. Our solution is proven, with some of the largest companies in the world trusting us with their networks. We make our customers' lives simple.

The Customer Care team provides technical and business-related services. Collaborative group, dedicated to providing first-class support to our clients. We aim for fast, quality, and lasting solutions, and continuous service improvement. Your work will reach millions of users globally.

The main goal of the job is to provide excellent service, always remaining calm and professional and having the deep technical know-how of the Men&Mice products in order to assist the users of our solutions and services.

### How to apply

Applications should be completed at [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is). Please attach a CV with an introduction letter.

The closing date for applications is **June 15, 2021**. Further information can be provided by Torfi Markússon ([torfi@intellecta.is](mailto:torfi@intellecta.is)) and Helga Birna Jónsdóttir ([helga@intellecta.is](mailto:helga@intellecta.is)) at Intellecta, tel + 354 511 1225.

All applications are strictly confidential and will be answered.

### Working at Men&Mice means you will:

- Assist current and potential customers on how to use Men&Mice products as well as answering questions and solving problems they might have.
- Travel to meet with customers to consult, train or demonstrate how to use Men&Mice products.
- Demonstrate Men&Mice products to current and potential customers.
- Travel to attend tradeshow on behalf of Men&Mice.
- Perform other tasks related to Customer Care within Men&Mice.

### Requirements:

- At least 5 years experience in a similar role.
- Excellent knowledge of networks and routing.
- Strong troubleshooting skills.
- Ability to work both independently and within a team.
- Motivation to provide excellent customer service.
- Fast learner who likes challenges.

### What we will offer you:

- You'll have an opportunity to work in a rapidly growing international company with a vibrant group of people from around the world in our Reykjavik office and to travel internationally.
- Opportunity to work with Fortune 100 companies including Microsoft, Intel, FedEx, and AT&T.
- Competitive salary and flexible and dynamic work environment.

The future of networks starts with us.

men&mice

RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGAR  
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • [intellecta.is](http://intellecta.is)

# Við leiðum fólk saman

hagvangur.is



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS**

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur verið leiðandi afl í íslensku tónlistarlífi í 70 ár og hefur um árabil verið í fremstu röð hljómsveita á Norðurlöndum. Hljómsveitin hefur fengið afbragðs dóma jafnt fyrir hljóðritanir sínar sem og tónleika heima og erlendis. Hún heldur um 100 tónleika á hverju starfsári, m.a. áskriftartónleika með heimspektum stjórnendum og einleikurum, en á einnig samstarf við listafólk úr öðrum greinum tónlistar. Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús, er heimili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Starfsmannafjöldi SÍ er um 100 manns. Nánari upplýsingar á [sinfonia.is](http://sinfonia.is).

## Mannauðsstjóri

Sinfóníuhljómsveit Íslands (SÍ) leitar að mannauðsstjóra. Við leitum að skipulögðum og öflugum leiðtoga sem hefur góða reynslu og brennandi áhuga á mannauðsmálum.

### Starfssvið

- Ábyrgð á mótun og framkvæmd mannauðsstefnu SÍ
- Ráðgjöf við stjórnendur og starfsfólk
- Ábyrgð á framkvæmd kjarasamninga
- Yfirumsjón með framkvæmd starfsmannasamtala og samskiptamála starfsfólks
- Umsjón með ráðningum og móttöku nýrra hljóðfæraleikara, stjórnenda og starfsfólks SÍ
- Yfirumsjón með hæfnisprófum og ábyrgð á fræðslu starfsfólks
- Aðkoma að árlegri starfsáætlun og vinnuáætlun
- Samskipti við starfsmenn Hörpu sem tengjast starfsmannamálum

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Farsæl reynsla af mannauðsmálum, stjórnun og stefnumótun
- Góð þekking á kjaramálum
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Leiðtogahæfni
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Góð skipulagshæfni
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Innsýn í heim klassískrar tónlistar er kostur

**Umsóknarfrestur er til og með 15. júní nk.**

Nánari upplýsingar veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, [geirlaug@hagvangur.is](mailto:geirlaug@hagvangur.is).  
Umsóknir með ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is).



hagvangur.is



Teledyne Gavia ehf. er íslenskt hátæknifyrirtæki sem hannar og framleiðir ómannaða og sjálfstýrða kafbáta (Autonomous Underwater Vehicles). Teledyne Gavia framleiðir Gavia AUV, Osprey AUV og SeaRaptor AUV. Fyrirtækið er í fremstu röð í sínu fagi og selur vörur sínar víðsvegar um heiminn. Fyrirtækið er í eigu bandaríska félagsins Teledyne Technologies. Nánari upplýsingar er að finna á [teledynemarine.com/gavia](http://teledynemarine.com/gavia)

**Við erum  
á bóllakafi  
og leitum að  
öflugum fólki**

## Spennandi störf hjá fyrirtæki í fremstu röð

### Electrical Engineer

Electrical Engineer hefur það hlutverk að hanna og innleiða rafmagnshönnun í kafbáta Teledyne Gavia. Helstu hlutverk í starfinu eru hönnun á rásum (PCB design), skjölun og prófanalýsingar fyrir framleiðslu, vinna með microcontrollers og vinna að innleiðingu á flóknum rafbúnaði í kafbáta Teledyne Gavia.

#### Menntun og hæfniskröfur

- B.Sc. í rafmagnsverkfræði eða sambærilegt nám, M.Sc. er kostur
- Þekking og reynsla af ráshönnun (PCB design). Þekking á Altium er kostur
- Haldgóð þekking á rafsegulfræði, reynsla af EMC er kostur
- Þekking og reynsla af power electronics og high speed digital designs er kostur
- Gott vald á ensku í ræðu og riti
- Geta til að vinna í breytilegu umhverfi og brennandi áhugi á hátækni
- Reynsla af sambærilegu starf er kostur

### Software Engineer

Software Engineer hannar og viðheldur hugbúnaði fyrir kafbáta Teledyne Gavia. Sinnir einnig verkefnastjórnun þróunarverkefna og innleiðingu á nýrri hegðun og nýjum skynjurum kafbátanna.

#### Menntun og hæfniskröfur

- B.Sc. í tölvunarfræði, M.Sc. er kostur
- Þekking á C, C++, Python, embedded development og microcontrollers er æskileg
- Þekking á róbótum er kostur
- Gott vald á ensku í ræðu og riti
- Geta til að vinna í breytilegu umhverfi og brennandi áhugi á hátækni
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur

Umsóknarfrestur er til og með **13. júní nk.**

Nánari upplýsingar veitir Hlynur Atli Magnússon, [hlynur@hagvangur.is](mailto:hlynur@hagvangur.is).

Umsóknir með ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is).

### Senior Accountant

Senior Accountant ber ábyrgð á bókhaldi félagsins. Helstu verkefni eru færsla og afstemming bókhalds, uppgjör virðisaukaskatts, framfylgni á mánaðarlegum uppgjörum ásamt því að framkvæma frávikagreiningar sem og tilfallandi rekstrargreiningar. Starfið felur auk þess í sér að aðstoða fyrirtækið við innleiðingu nýs bókhaldskerfis.

#### Menntun og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi eins og viðskiptafræðimenntun, viðurkenndur bókari eða sambærileg menntun
- Reynsla af bókhaldsstörfum eða sambærilegu starfi er skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð, frumkvæði, fagmennska og metnaður í starfi
- Góð Excel-kunnátta og gott vald á ensku í ræðu og riti

### Service and Production Technician

Tæknimanneskja í framleiðslu og þjónustudeild Teledyne Gavia hefur það hlutverk að sjá um samsetningar, prófanir og almenna þjónustu á flóknum raf- og vélbúnaði ásamt samskiptum við viðskiptavinum. Einnig nána samvinnu við þróunardeild og smíði á frumgerðum.

#### Menntun og hæfniskröfur

- Rafeindavirki eða gráða í hátæknifræði (Mechatronics)
- 2+ ára starfsreynsla af sambærilegu starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

## Tímabundið laust starf Skjalastjóra Seltjarnarnesbæjar

Seltjarnarnesbær auglýsir starf skjalastjóra laust til umsóknar. Um er að ræða tímabundið starf til 12 mánaða. Starfshlutfall er 100%.

Leitað er eftir öflugum skjalastjóra til starfa á bæjarskrifstofunni og heyrir starfið beint undir sviðsstjóra þjónustu- og samskiptasviðs. Skjalastjóri hefur það hlutverk að leiða og þróa skjalamál sveitarfélagsins og ber ábyrgð á að farið sé eftir gildandi lögum og reglum um skjalavistun. Í boði er áhugavert starf sem reynir á öguð vinnubrögð, samskiptahæfni og fagmennsku.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með móttöku og skráningu erinda og skjala
- Samræmir og hefur með höndum skipulag, ábyrgð og umsjón með skjalamálum bæjarins
- Umsjón og eftirlit með skjalastefnu og þróun hennar
- Endurskoðun og mótun verklags við skjalastjórnun
- Umsjón með skjalamálum og skjalasafni, málaskrá, málalykli, geymsluskrá
- Gerð skjalavistunaráætlana, verklagsreglna og vinnuleiðbeininga fyrir skjalavörslu
- Eftirfylgni með skjalaskráningu
- Skipulagning og framkvæmd með fræðslu og kennslu í skjalamálum
- Ráðgjöf, stuðningur og þjónusta við stjórnendur og starfsmenn um skjalamál
- Þátttaka í þróun rafrænna skila til Þjóðskjalasafns
- Almenn skrifstofustörf og þjónusta við íbúa og aðra viðskiptavini
- Ýmiss sérverkefni sem upp kunna að koma og starfsmanni eru falin

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi svo sem bókasafns- og upplýsingafræði
- Mjög góð þekking og reynsla af skjalamálum er skilyrði
- Góð þekking eða reynsla á opinberri stjórnsýslu og málefnum sveitarfélaga er mikilvæg
- Þekking og reynsla af skjalavistunarkerfinu GoPro er mikill kostur
- Góð tölvuþekking og skilningur á öryggis- og upplýsingatækni er nauðsynleg
- Góð samskipta- og samstarfshæfni, jákvætt viðmót og rík þjónustulund
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni
- Frumkvæði, metnaður og nákvæmi í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku ásamt hæfni í tjáningu í ræðu og riti

**Umsóknarfrestur er til og með 10. júní nk. Miðað er við að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið og upplýsingar um umsagnaraðila. Tekið er við umsóknum í gegnum ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)

Nánari upplýsingar veitir María Björk Óskarsdóttir, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs Seltjarnarnesbæjar, [maria.b.oskarsdottir@seltjarnarnes.is](mailto:maria.b.oskarsdottir@seltjarnarnes.is)

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Seltjarnarnesbæjar og viðkomandi stéttarfélags. Jafnlaunavottun er í gildi hjá Seltjarnarnesbæ.*



JAFNLAUNAVOTTUN  
2019 - 2022



SELTJARNARNESBÆR

[seltjarnarnes.is](http://seltjarnarnes.is)



Erum við  
að leita  
að þér?

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

## SKAPANDI SAMFÉLAG Á FRÆÐASVIÐI LISTA STÖRF VIÐ LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

### DEILDARFORSETI Í MYNDLIST

Leitað er eftir metnaðarfullum aðila með sterka listræna sýn í stöðu deildarforseta í myndlist.

#### Deildarforseti

- ber ábyrgð á listrænni og akademískri stefnumótun fagsviðsins og útfærslu hennar í námi, kennslu og rannsóknum í samstarfi við sviðsforseta
  - leiðir faglegt samtal deildarinnar, sinnir starfsmannahaldi, málefnum nemenda og almennri starfsemi deildar.
  - Starfshlutfall er 100%.
- Umsóknarfrestur er 16. júní 2021.  
Ráðið er í starfið frá ágúst 2021.

### UMSJÓNARMANÐUR FASTEIGNA

Leitað er eftir lausnamiðuðum aðila í fjölbreytt, skemmtilegt og krefjandi starf.

#### Starfið felur m.a. í sér

- umsjón með rekstri fasteigna Listaháskólans
  - gerð framkvæmda- og kostnaðaráætlana
  - samskipti við leigusala, verktaka, þjónustuaðila og eftirlitsstofnanir
  - Starfshlutfall er 100%.
- Umsóknarfrestur er 14. júní 2021.  
Ráðið er í starfið frá ágúst 2021.

### STÖRF HÁSKÓLAKENNARA

Leitað er eftir umsóknum um störf háskólakennara í:

#### Grafískri hönnun

- Starfshlutfall er 50% með möguleika á auknu hlutfalli.
- Umsóknarfrestur er 25. júní 2021. Ráðið er í starfið frá ágúst 2021.

#### Sviðslistum

- með áherslu á framsetningu og skapandi ferli.
- Starfshlutfall er 100% eða samkvæmt samkomulagi.
- Umsóknarfrestur er 25. júní 2021. Ráðið er í starfið frá október 2021.

Ítarlegar upplýsingar um störf, hæfniskröfur og umsóknargögn er að finna á [lhi.is/laus-storf](http://lhi.is/laus-storf). Farið verður með umsóknum og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Skólinn áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Iceland University of the Arts



## Director of Frontline services

**Icelandair's vision is to bring the spirit of Iceland to the world with the customer at the forefront of every decision and a strong focus on excellent service at every touchpoint.**

The last year has been very challenging for our business, but we've used the time to prepare for better times ahead. We now aim to make the most of the foundations that we have laid, in close co-operation with our customers & partners.

The Director of Frontline services is responsible for day to day management of two teams within our Frontline service. One team is responsible for customer service provided through telephone, social media, chat & forms. The other is responsible for Customer Service Support.

We are looking for an experienced leader with a passion for the customer, excellent culture, and great service to lead both of those teams and continue to build and develop them as we continue to grow.

### Responsibilities:

- To lead a department that is responsible for:
  - Icelandair's call center services
  - Icelandair's customer service support unit
- Daily Management of both teams within the department
- Management of the call center's Service Level & Key Performance metrics
- Continuous improvement of the quality of service in cooperation with other leaders within Icelandair
- Vision and leadership towards technical development

### Requirements:

- Strong experience as a leader in a diverse team of people with visible success
- Skilled in communication, both verbal and written, at least in English and Icelandic
- An ability to lead and inspire a diverse team of highly skilled professionals
- The ability to liaison with other leaders across the company
- Curiosity for learning the ins and outs of the airline industry
- An ability to work and manage teams under pressure

### For further information please contact:

Kristján Pétur Sæmundsson, Talent Manager, People & Culture, kristjanpetur@icelandair.is

Please submit your application and cover letter at [icelandair.com/jobs](https://icelandair.com/jobs)  
The application deadline is June 10 2021.

## Framleiðslusérfræðingur í vöruþróunarferli

Hefur þú áhuga á framleiðslu og vöruþróun og samspili þessara greina? Við leitum að einstaklingi í starf framleiðslusérfræðings (Manufacturing Engineer) með það meginhlutverk að leiða aðkomu framleiðslunnar að vöruþróunarferli. Viðkomandi er hluti af framleiðsluþróunarteymi við starfsstöð Marel á Íslandi. Starfið krefst þess að viðkomandi sé drífandi og skipulagður og brenni fyrir þróun á nýjum vörum og framleiðsluferlum þeirra.

### Starfssvið:

- Umsjón með verkþáttum framleiðslu í vöruþróunarferlinu (Product Development Process)
- Meginþinginn af vinnunni á sér stað þegar frumgerðir og 0-seríur eru framleiddar
- Rýna hönnunarlíkön, teikningar og gögn og aðlaga hönnun að framleiðslu og samsetningu (DFMA)
- Halda utan um upplýsingamiðlun milli framleiðslu- og vöruþróunarteyma
- Samskipti við hönnuði vegna lykluþýsinga um vöruna og virkni hennar ásamt mikilvægum þátta er varða gæði
- Framkvæma kostnaðargreiningar fyrir nýjar vörur
- Greina með framleiðsluteymi hvar hægt er að nýta sjálfvirkni og stafræna framleiðslutækni og framkvæma prófanir samhliða vöruþróunarferlinu

### Hæfniskröfur:

- Menntun í verk- eða tæknifræði sem nýtist í starfið
- Grunnur í iðnnámi er kostur
- Þekking á framleiðslutækni og aðferðum samsetninga í málmiðnaði
- Þekking á aðferðum vöruþróunar í vélaframleiðslu er kostur
- Skipulags- og samskiptafærni er mikilvæg
- Hæfni á sviði gagna- og kostnaðargreininga
- Reynsla af notkun SolidWorks eða sambærilegra 3D CAD kerfa er kostur
- Geta til að vinna sjálfstætt sem og í teymi
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Ágúst Einarsson, Manager Manufacturing Engineering, sigurdur.agust@marel.com.  
**Umsóknarfrestur er til og með 13. júní 2021.** Sótt er um starfið rafrænt á heimasíðu Marel, [marel.is/störf](https://marel.is/störf)

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki með um 7.000 starfsmenn, þar af um 700 á Íslandi. Fyrirtækið er brautryðjandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir matvælaíðnað. Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun og framþróun í öllu okkar starfi. Þess vegna viljum við ráða til okkar öflugt fólk, sem hefur áhuga á að mæta nýjum og spennandi áskorunum á hverjum degi. Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, glæsilegan matsal, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

# Leiðtogi í menntamálum



Landvernd leitar að öflugum stjórnanda til þess að leiða starf Landverndar í menntamálum. Starfið er fjölbreytt og spennandi í skemmtilegu og sveigjanlegu starfsumhverfi.

## Helstu verkefni:

- Leiða og efla öflugan hóp starfsfólks sem kemur að menntamálum hjá Landvernd
- Stýra verkefninu *Skólar á grænni grein*
- Móta og innleiða stefnu í fræðslu- og menntamálum hjá Landvernd
- Kynna samtökin og menntaverkefni þeirra út á við
- Hafa yfirumsjón með öðrum menntaverkefnum Landverndar og afla nýrra verkefna

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði stjórnunar, menntavísinda eða umhverfismála
- Farsæl stjórnunarreynsla
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Þekking og reynsla úr menntakerfinu
- Þekking á menntun til sjálfbærni er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Landvernd eru stærstu og elstu umhverfisverndarsamtök Íslands. Markmið samtakanna er að vernda og endurheimta íslenska náttúru og tryggja sjálfbærni heima við og á hnatttræna vísu. Þá taka samtökin virkan þátt í opinberri umræðu og ákvarðanatöku í umhverfismálum. Samtökin reka m.a. verkefnið *Skólar á grænni grein* sem er alþjóðlegt verkefni um menntun til sjálfbærni. Hjá samtökunum starfa 11 starfsmenn.

Nánari upplýsingar um Landvernd má finna á [www.landvernd.is](http://www.landvernd.is).

Umsóknarfrestur er til og með **21. júní 2021**. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Nánari upplýsingar veita Hafdís Ósk Pétursdóttir ([hafdis@intellecta.is](mailto:hafdis@intellecta.is)) og Thelma Kristín Kvaran ([thelma@intellecta.is](mailto:thelma@intellecta.is)) í síma 511 1225.

**intellecta**  
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

## Lögmaður í lögfræðiráðgjöf

Við leitum að reyndum lögmanni til starfa í lögfræðiráðgjöf Sjóvá. Starfið felur í sér regluvörslu og almenna lögfræðiráðgjöf til samstarfsfólks vegna samningagerðar og annarra starfstengdra verkefna.

Hjá Sjóvá starfar sterkur og skemmtilegur hópur fólks sem kappkostar að veita viðskiptavinum afburðaðþjónustu. Við erum efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvuginni og kannanir sýna að starfsánægja hjá okkur er með því mesta sem gerist hérlendis.

### Við leitum að einstaklingi með:

- › embættis- eða meistarapróf í lögfræði og umtalsverða reynslu, virk lögmannsréttindi eru kostur
- › viðtæka þekkingu á lögum um fjármálamarkaði og kröfum til skráðra félaga
- › frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- › mikla samskiptafærni og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- › framúrskarandi þjónustulund og jákvætt hugarfar

### Starfið felur m.a. í sér:

- › eftirlit og ráðgjöf til stjórnar og starfsfólks vegna fylgni við lög um reglur um váttryggingastarfsemi
- › mat á áhrifum lagabreytinga á starfsemi Sjóvá
- › mótun og framkvæmd hlítningarstefnu og hlítningaráætlunar um reglufylgni
- › fræðslu varðandi meðferð innherjaupplýsinga og utanumhald með því hverjir búa yfir innherjaupplýsingum hverju sinni
- › upplýsingagjöf og samskipti við Fjármálaeftirlit og Kauphöll
- › gerð árlegrar skýrslu fyrir stjórn um framkvæmd regluvörslu
- › lögfræðiráðgjöf til samstarfsfólks vegna samningagerðar og annarra starfstengdra verkefna

Nánari upplýsingar veitir Elín Þórunn Eiríksdóttir, framkvæmdastjóri tjónasviðs, [elin.eiriksdottir@sjova.is](mailto:elin.eiriksdottir@sjova.is). Umsóknarfrestur er til og með **15. júní**. Sótt er um starfið á [sjova.is/starfsumsoknir](http://sjova.is/starfsumsoknir).




Efst tryggingafélaga í Ánægjuvuginni



Framúrskarandi fyrirtæki í flokki stærri fyrirtækja



Jafnlaunavottun forsætisráðuneytisins



Sparisjóður Suður-Pingeyinga óskar eftir að ráða fjölhæfan og reynslumikinn einstakling í starf sparisjóðsstjóra.

## Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Ábyrgð og umsjón með daglegum rekstri
- Rekstrargreining og markaðssókn
- Umsjón með bókhaldi og uppgjörum
- Stefnumótun og mannauðsmál
- Greinir, mælir og hefur eftirlit með áhættu
- Samskipti við endurskoðendur sjóðsins
- Mótar markmið fyrir innra eftirlit í samráði við stjórn
- Undirbýr fundi stjórnar ásamt formanni og gefur reglulega skýrslur

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun æskileg
- Umfangsmikil reynsla og þekking á starfsviði banka/sparisjóða
- Farsæl reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Þekking og reynsla af rekstri fyrirtækja
- Þekking og reynsla af stefnumótun, teymisvinnu, breytingastjórnun og stafrænum lausnum
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogafærni og skipulagshæfileikar
- Framsækni, lausnamiðuð og skapandi hugsun
- Rík þjónustulund, áhugi og metnaður til að veita framúrskarandi þjónustu

Umsóknarfrestur er til og með **20. júní 2021**. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Umsækjandi þarf að uppfylla hæfisskilyrði FME/Seðlabanka. Þekking á þjónustusvæði Sparisjóðsins er kostur. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

Nánari upplýsingar um starfið veita Thelma Kristín Kvaran ([thelma@intellecta.is](mailto:thelma@intellecta.is)) og Hafdís Ósk Pétursdóttir ([hafdis@intellecta.is](mailto:hafdis@intellecta.is)) í síma 511 1225.

Sparisjóður Suður-Pingeyinga er ein elsta fjármálastofnun landsins en hann varð til við sameiningu fimm sparisjóða í Suður-Pingeyjarsýslu. Aðalstarfsstöð Sparisjóðsins er á Laugum í Reykjadal en að auki eru tvær starfsstöðvar, á Mývatni og á Húsavík.

Sparisjóðurinn er sjálfseignarstofnun sem hefur það hlutverk að stunda svæðisbundna fjármálastarfsemi á grundvelli samfélagslegrar ábyrgðar.

Starfsemi Sparisjóðsins byggir á nálægð við viðskiptavinum, heiðarleika og trausti, þekkingu á aðstæðum og þörfum viðskiptavina og svæðis, hóflegum vaxtamun, skynsamlegum útlánum og samstarfi við aðra sparisjóði um að hámarka hagkvæmni og þekkingu í starfi sjóðsins.

Nánari upplýsingar á [www.spar.is](http://www.spar.is)

**intellecta**  
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

„Við leggjum metnað  
í að öll okkar verk  
séu faglega unnin“

## Sérfræðingur í áhættustýringu

Við leitum að sérfræðingi til starfa í Útlána-áhættu bankans. Hlutverk deildarinnar er að hafa eftirlit með útlánaáhættu og veitir starfsfólk deildarinnar mikilvægan stuðning við stefnumótandi ákvarðanir og rekstur.

Nánari upplýsingar

[atvinna.landsbankinn.is](http://atvinna.landsbankinn.is)



Kári – Upplýsingatækni



Launafl er iðnfyrirtæki í Fjarðabyggð með fjölbreytta starfsemi í flestum greinum sem lúta að iðnaði. Í fyrirtækinu er skemmtilegur starfsandi og öflugt starfsmannafélag. Austurland er góður búsetukostur, kynntu þér það nánar á [www.austurland.is](http://www.austurland.is)  
Launafl ehf – [www.launafl.is](http://www.launafl.is) – sími 414-9400

## Mannauðsstjóri

Launafl ehf leitar að metnaðarfullum, skemmtilegum og drifandi einstaklingi til að starfa sem mannauðsstjóri fyrirtækisins á Reyðarfirði. Umsækjendur þurfa að hafa góða samskiptafærni, skipulagshæfileika og faglega þekkingu.

### Helstu verkefni og ábyrgðarsvið Mannauðsstjóra

- Ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni mannauðsmála
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsfólk í mannauðsmálum
- Þróun starfsumhverfis, þ.m.t. mannauðsstefnu, jafnlaunakerfis, starfsþróunar/Endurmenntunaráætlunar
- Umsjón með mannauðsmælingum og ánægjukönnunum
- Ábyrgð á fræðslu stjórnenda og almennra starfsmanna, þ.m.t. móttaka og þjálfun nýliða
- Mat á mannaflabörf, skipulag og umsjón með ráðningum í samvinnu við stjórnendur
- Ábyrgð á uppfærslu og útgáfu starfsmannahandbókar
- Öryggi og velferð starfsmanna
- Framkvæmd og ábyrgð á launakeyrlum
- Fylgja eftir framkvæmd kjara- og stofnanasamninga
- Þátttaka í ýmsum verkefnum og starfshópum

### Menntunar- og hæfnikröfur:

- Háskólapróf sem nýttist í starfi, æskilegt að viðkomandi er með framhaldsmenntun í mannauðsmálum.
- Starfsreynsla á sviði mannauðsmála er skilyrði
- Reynsla af stefnumótun og áætlunargerð á sviði mannauðsmála
- Mjög góð almenn tölvufærni
- Gott vald á íslensku og ensku til að miðla upplýsingum bæði í ræðu og riti
- Lipurð í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót
- Frumkvæði, góð skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir samkomulagi.

Hvetjum alla áhugasama að sækja um starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. júní 2021.** Umsóknir, ferilskrár og kynningarbréf sendist til [magnus@launafl.is](mailto:magnus@launafl.is) eða í gegnum [www.launafl.is](http://www.launafl.is)

Upplýsingar veitir Magnús Helgason framkvæmdarstjóri í síma 840-7211 og [magnus@launafl.is](mailto:magnus@launafl.is)

Launafl ehf. – [www.launafl.is](http://www.launafl.is) – sími 414-9400.

## Forstöðumaður rekstrarþjónustu

SEÐLABANKI ÍSLANDS

SEÐLABANKI ÍSLANDS óskar eftir að ráða öflugan og traustan einstakling í starf forstöðumanns rekstrarþjónustu á sviði rekstrar.

Rekstrarsvið er eitt af stoðsviðum Seðlabankans og er hlutverk þess að sinna fjölbreyttri þjónustu er varðar innri starfsemi bankans ásamt því að bera ábyrgð á innkaupum og rekstrarbókhalda. Deild rekstrarþjónustu er ný eining á sviðinu og er markmið hennar að stuðla að nútímalegu og heilsueflandi starfsumhverfi fyrir starfsfólk og gesti bankans.

Deildin ber ábyrgð á þjónustu bankans við starfsfólk og gesti, hefur umsjón með eignum ásamt framkvæmdum og viðhaldi þeim tengdum, auk þess að sjá um rekstur mótuneytis, veitingaþjónustu og safna bankans. Rekstrarþjónusta hefur einnig umsjón með viðburðastjórnun og framkvæmd öryggismála í bankanum.

### Helstu verkefni:

- Ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi deildarinnar
- Dagleg verkstjórn og mótun liðsheildar
- Umsjón með lausafjármunum, fasteignum og framkvæmdum
- Umsjón með þjónustu við starfsfólk og gesti
- Umsjón með mótuneyti, veitingaþjónustu og viðburðum
- Umsjón með framkvæmd öryggismála

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi
- Viðeigandi reynsla af störfum er tengjast rekstri og þjónustu
- Sterkir leiðtogaþæfileikar og marktaek stjórnunarreynsla
- Sterkir skipulagshæfileikar og rík þjónustulund
- Reynsla af framkvæmdum er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Færni í mannlegum samskiptum og árangursríkri teymisvinnu
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður til að ná árangri í starfi

Nánari upplýsingar veita Þóra B. Helgadóttir framkvæmdastjóri á sviði rekstrar, ([thora.helgadoottir@sedlabanki.is](mailto:thora.helgadoottir@sedlabanki.is)) og Erla Traustadóttir sérfræðingur á mannauðssviði ([erla.traustadottir@sedlabanki.is](mailto:erla.traustadottir@sedlabanki.is)). Umsóknarfrestur er til og með 14. júní nk.

Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Sótt er um starfið á heimasíðu Seðlabanka Íslands, [www.sedlabanki.is/storf](http://www.sedlabanki.is/storf). Með umsókn um starfið þarf að fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja. Umsóknir gilda í sex mánuði og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Vakín er athygli umsækjenda á því að um ráðningarferlið gilda m.a. stjórnsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 140/2012 og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.



JAFNLAUNAVOTTUN  
2019 - 2022



Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins sem heyrir undir forsætisráðherra. Markmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og trausti og öruggri fjármálastarfsemi. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjald-eyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Hjá Seðlabankanum starfar öflug liðsheild og leggur bankinn ríka áherslu á metnaðarfullt og hvetjandi starfsumhverfi sem einkennist af trausti, fagmennsku, þekkingu og framsækni.



Yrki arkitektar leita að góðu starfsfólki sem er tilbúið í áskoranir

### Arkitekt

með reynslu af samkeppnum, gerð aðaluppdráttar og verkefninga. Reynsla af eftirfarandi forritum: Autocad, Revit, Skechup og Adobe forrit.

### Landslagsarkitekt

með reynslu af landslags- og borgarhönnun, lóðahönnun og gerð skipulagsuppdráttar. Reynsla af eftirfarandi forritum: Autocad, Gis, Skechup og Adobe forrit.

Helstu verkefni framundan eru hönnun 1. lotu Borgarlínu, hönnun íbúðabygginga, Náttúrufræðisafn á Nesi, ýmis verkefni á vegum ríkis og sveitarfélaga og fjöldi þróunarverkefna.

Mikið er lagt upp úr sjálfstæðum vinnubrögðum og frumkvæði er mikils metið.

Viðkomandi þarf að hefja störf í ágúst/september. Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Umsóknir þurfa að innifela ferilskrá og portfolio og skal senda á [solveig@yrki.is](mailto:solveig@yrki.is).

Y R K I  
arkitektar



## Leitum að öflugum liðsauka

### Tveir hjúkrunarfræðingar á skurdstofu 80-100% starf

Leitum að tveimur einstaklingum með íslenskt hjúkrunarleyfi og reynslu. Leyfi í skurdhjúkrun æskilegt. Önnur staðan er stjórnunarstaða með yfirumsjón með skipulagi og verkefnum á skurdstofunum og mun í fyrstu vinna samhliða núverandi stjórnanda sem mun láta af störum á næstunni sakir aldurs. Verksvið er vinna og skipulag á skurdstofum, innkaup, gæðastarf og eftirlit. Samskipti við sjúklinga og leiðbeining. Æskilegt er góð tölvukunnátta (word/excel), frumkvæði, forystu- og samskiptahæfni, stundvísi og faglegur metnaður.

Upplýsingar veitir Stefán E. Matthiasson framkvæmdastjóri sem tekur við umsóknum með náms- og starfsferilskrá auk meðmælenda, rafrænt á [stefan@laekning.is](mailto:stefan@laekning.is), eða í síma 696 7585. Starfskjör eru samningsatriði en grundvallast á samningi SA og viðkomandi stéttarfélags.

Skurdstofan ehf hóf starfsemi árið 1996. Þar eru gerðar dagskurd- aðgerðir í almennum-, æða-, lýta- fegrunar-, bæklunar- og kven-sjúkdómaskurdlaekningum. Frá stofnun rúmlega 45000 aðgerðir. Alger endurnýjun tækja og búnaðar hefur átt sér stað undanfarið og býr fyrirtækið nú yfir bestu fánlegu tækni á sínu sviði.

Skurdstofan er lítið fyrirtæki með samheldnum hópi starfsmanna þar sem lögð er áhersla á góða þjónustu og gæði. Vinnutími er að öllu jöfnu frá kl 8-16 virka daga.

Umsóknarfrestur er til 15.06. 2021.

**SKURD**  
STOFAN EHF

Lágmúla 5, 108 Reykjavík. S. 590 9213.

# Fyrirtæki ársins 2021

hagvangur.is

HAGVANGUR



## Tækniskólinn leitar að kennurum í vélstjórnargreinum

Störfín felast í kennslu véltækni- og/eða rafmagnsgreina.

Umsækjendur þurfa að vera með menntun í vélfræði, á sviði vélstjórnar, vél-/rafvirkjunar eða iðn-/tækni-/verkfæði á véla- eða rafmagnssviði og reynslu úr faginu sem nýtist í starfi.

Nánari upplýsingar á [tskoli.is](http://tskoli.is)

Tækniskólinn  
skóli atvinnulífsins

# Fjármálastjóri



UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN  
DIRECTORATE OF IMMIGRATION

## Útlendingastofnun leitar að fjármálastjóra til að leiða fjármál og rekstur stofnunarinnar.

Fjármálastjóri stýrir sviði fjármála og rekstrar sem er eitt af fjórum sviðum Útlendingastofnunar. Starf fjármálastjóra er umfangsmikið og krefjandi en helstu verkefni eru fjárhagslegur rekstur, áætlanagerð, stefnumótun, samningagerð, húsnæðismál, innkaup, öryggismál og samskipti við ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki.

Fjármálastjóri Útlendingastofnunar þarf að búa yfir mikilli leiðtogaþæfni, frumkvæði og metnaði til að ná árangri í starfi. Auk þess að þarf fjármálastjóri að geta útbúið verkferla, hafa mjög góða greiningarþæfni, geta unnið undir álagi og hafa styrk til að taka ákvarðanir. Fjármálastjóri heyrir undir forstjóra Útlendingastofnunar.

Í boði er áhugavert starf á spennandi vinnustað sem er á fleygiferð í stafrænni vegferð. Hjá Útlendingastofnun starfar um 90 manna samhentur hópur á fjórum sviðum. Útlendingastofnun leggur ríka áherslu á að vinnustaðurinn sé fjölskylduvænn og að starfsandi sé til fyrirmyndar. Boðið er upp á góða vinnuaðstöðu og kost á fjarvinnu. Stofnunin hefur undanfarið ári tekið þátt í verkefninu um styttingu vinnuvikunnar og er miðað við 36 stunda vinnuviku hjá öllu starfsfólki.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Dagleg fjármálastjórn
- Umsjón, ábyrgð og eftirfylgni með fjárhags- og rekstraráætlunum
- Gerð fjármálaeðra stjórnendaupplýsinga
- Umsjón og ábyrgð á milli- og ársuppgjörum
- Kostnaðareftirlit
- Húsnæðis- og öryggismál stofnunar
- Samskipti við starfsfólk stofnunar og við ytri aðila
- Gerð og þróun verkferla
- Þátttaka í stefnumótun
- Starfa í samræmi við stefnur og markmið stofnunarinnar
- Stjórnun teymisvinnu

### Hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtast í starfi, meistaraþráða skilyrði
- Haldbær starfsreynsla af fagsviði fjármála
- Reynsla og þekking á áætlanagerð og uppgjörum
- Frábær greiningarþæfni og framsetning fjármálaupplýsinga
- Brennandi áhugi á stafrænum lausnum
- Skipulagshæfni og frumkvæði
- Mjög góð almenn tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Geta til að byggja upp öflugna liðsþétt, vinna undir álagi og leiða umbótastarf
- Leiðtogaþæfni og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og geta til að forgangsraða verkefnum

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélag og fjármálaráðherra.

Umsókn skal fylgja ferilskrá að hámarki 2 bls. ásamt mynd og kynningarbréfi sem er að hámarki 1 bls. á íslensku. Umsóknir á erlendum tungumálum, án kynningarbréfa eða án ferilskráa verða ekki teknar til greina. Einnig skal fylgja umsókn staðfesting á prófgráðum ásamt einkunnum úr námi. Við ákvörðun um boðun í starfsviðtal verður sérstaklega horft til gæða umsóknargagna.

Við ákvörðun um ráðningu verður, auk framangreindra hæfnisviðmiða, tekið mið af frammistöðu í starfsviðtali og umsagna sem aflað er.

Starfshlutfall er 100% og um er að ræða ótímabundna ráðningu með þriggja mánaða reynslutíma.

Eingöngu er tekið við umsóknum rafrænt í gegnum vefgátt Starfatorgs.

Áhugasamir eru hvattir til að sækja um starfið, óháð kyni. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur. Öllum umsóknum verður svarað eftir að ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veitir Birkir Hauksson, mannauðsstjóri – [birkir@utl.is](mailto:birkir@utl.is) – 444-0900

Umsóknarfrestur er til og með 14/06/2021.



# Fjármálastjóri

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga leitar að metnaðarfullum, talnaglöggu og skilvirkum einstaklingi í starf fjármálastjóra félagsins. Í boði er fjölbreytt, áhugavert og krefjandi starf þar sem reynir m.a. á fagmennsku, samskiptahæfni, sjálfstæði og öguð vinnubrögð.

## ■ Starfs- og ábyrgðarsvið

- Sjóðsstýring og ávöxtun fjármuna félagsins
- Gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana fyrir félagið og sjóði þess
- Líkana-, áætlana- og skýrslugerð og upplýsingagjöf
- Dagleg umsjón með fjármálum félagsins
- Umsjón og eftirlit með innheimtu félagsgjalda og annarra greiðslna í sjóði félagsins
- Samstarf við endurskoðendur um ársuppgjör félagsins, sjóða þess og minningarsjóða
- Ýmis störf fyrir sjóði og nefndir félagsins í málum er varða fjárhag þeirra

## ■ Menntun, reynsla og hæfni

- Háskólamenntun í viðskiptafræði, rekstrarhagfræði eða sambærileg menntun er skilyrði
- Starfsreynsla á sviði fjármála, bókhalds, launauppgjörs og áætlana-gerðar er nauðsynleg
- Góð tölvufærni og -kunnátta er skilyrði (Excel, Pivot, DK-bókhaldskerfi)
- Hæfni í miðlun tölfræðilegra upplýsinga er nauðsynleg
- 3-5 ára reynsla af sambærilegu starfi
- Metnaður, frumkvæði og skipulagshæfni
- Jákvætt viðmót, góð samskiptafærni og þjónustulund
- Áhugi á og færni í teymisvinnu
- Færni í að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsóknarfrestur er til með **14. júní 2021**. Umsóknum skal skila rafrænt á [formadur@hjukrun.is](mailto:formadur@hjukrun.is), ásamt ferilskrá og ítarlegu kynningarbréfi, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu og upplýsingar um árangur sem viðkomandi hefur náð og telur að nýtist í starfi.

Um er að ræða 80 - 100% starf sem fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg Pálsdóttir formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga í gegnum netfangið [gudbjorg@hjukrun.is](mailto:gudbjorg@hjukrun.is)

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga þjónar rúmlega 4.500 félagsmönnum um allt land. Hjá okkur starfar öflugur hópur fólks sem hefur það hlutverk m.a. að gæta hagsmuna og standa vörð um sjálfstæði, réttindi, skyldur og kjör hjúkrunarfræðinga. Gildi félagsins eru *ábyrgð, áræðni og árangur* og tekur ráðning mið af þeim.

Nánari upplýsingar um félagið má finna á vefsíðu þess [www.hjukrun.is](http://www.hjukrun.is)



# SVIÐSSTJÓRI SLIPPSINS

**Við leitum að metnaðarfullum, öflugum einstakling til að leiða þjónustu- og skipaviðgerðasvið Slippsins Akureyri ehf.**

Sviðsstjóri er mikilvægur hlekkur í samskiptum fyrirtækisins við viðskiptavini sína og tryggir að þeim sé veitt sú vara og þjónusta sem þeir vænta af félaginu. Sviðsstjóri vinnur að því markmiði að verk séu unnin í samræmi við verkefninga og áætlanir og að ætíð séu valdar hagkvæmstu leiðir við vinnslu verka, jafnframt því að gæðakröfum sé fullnægt í hvívetna.

Sviðsstjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra og er hluti af framkvæmdastjórn félagsins.

## Sviðsstjóri ber meðal annars ábyrgð á:

- Skipulag og dagleg stjórnun á þjónustusviði
- Stefnumótandi uppbygging á öflugu tekjusviði
- Að afla verkefna fyrir fyrirtækið
- Að kostnaðarútreikningar vegna tilboða séu raunhæfir og rétt metnir
- Að raunkostnaður verka sé innan marka áætlunar
- Að verk gangi samkvæmt áætlunum
- Að samskipti við viðskiptavini séu með góðum og eðlilegum hætti
- Að full fjárhagsleg yfirsýn sé með öllum verkum
- Að uppgjör séu gerð strax við lok verka
- Að umhverfis-, heilbrigðis-, öryggis- og gæðamál séu tryggð í ferlum þjónustu
- Að gera og framfylgja fjárhagsáætlunum fyrir sviðið
- Verkefnastjórn einstakra verka

## Menntun og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Tæknileg þekking/reynsla á sviði véltækni eða skipaiðnaði
- Reynsla af þjónustutengdri stjórnun er kostur
- Leiðtogafærni, drifkraftur og frumkvæði
- Lausnamiðuð hugsun
- Góð rekstrar- og kostnaðarvitund
- Liðsmaður fram í fingurgóma
- Jákvætt viðmót og góð samskiptafærni

Eingöngu er tekið við umsóknum á [www.slipp.is](http://www.slipp.is)

Umsóknarfrestur er til með **17. júní 2021**.

Upplýsingar um starfið veitir Kristján Heiðar Kristjánsson í netfangi [khk@slipp.is](mailto:khk@slipp.is)



FAGMENNSKA - METNAÐUR - HAGKVÆMNI



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

## Menntaskólinn í Kópavogi auglýsir eftir kennurum til kennslu eftirfarandi greina:

Íslensku sem annað mál: 100% staða  
ensku: 100% staða á haustönn 2021  
Þýsku: 100% staða skólaárið 2021-2022  
Sálfræði: 50% - 100% staða á haustönn 2021

jafnframt er auglýst eftir stuðningsfulltrúa  
á starfsbraut skólans

Nánari upplýsingar eru á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is) en einungis er  
tekið við umsóknum sem berast í gegnum vef starfators.



## GENERAL SERVICES CLERK

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu  
General Services Clerk lausa til umsóknar.  
Umsóknarfrestur er til og með **20. júní 2021**.  
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:  
<https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/>  
Umsóknir skulu sendar í gegnum Electronic Recruitment  
Application (ERA)

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for  
the position of General Services Clerk. The closing date for  
this position is **June 20, 2021**. Application instructions and  
further information can be found on the Embassy's home  
page: <https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/>  
Applications must be submitted through  
Electronic Recruitment Application (ERA)



## Súðavíkurskóli Laus störf skólaárið 2021 -2022

Súðavíkurskóli er samrekin leik- grunn-, og tónlistarskóli  
með u.þ.b. 25 nemendum, þar sem unnið er eftir Uppbygg-  
ingarstefnunni og starfið hverfist um einkunnarorðin:  
**Velliðan - Virðing - Framfarir - Heiðarleiki**. Þá er lögð  
áhersla á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti,  
velliðan nemenda og samvinnu starfsmanna.

Núna eru lausar stöður leikskólakennara við leikskóla-  
deildina og staða kennara við grunnskóladeildina á yngra-  
og miðstigi. Helstu hæfniskröfur eru kennarmenntun,  
leikskólamenntun eða sambærileg menntun.  
Hæfni í mannlegum samskiptum. Frumkvæði og sjálfstæði  
í starfi. Reynsla af sambærilegum störfum.

Umsóknarfrestur er til **20. júní 2020**

Súðavíkurhreppur greiðir laun eftir kjarasamningi KÍ og  
Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Allar nánari upplýsingar veitir Anna Lind Ragnarsdóttir  
skólastjóri. Umsóknir, ásamt ferilskrá, meðmælum og  
umsagnaraðilum sendist á [annalind@sudavikurskoli.is](mailto:annalind@sudavikurskoli.is)  
sími. 893 4985.

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



## Sérfræðingar á sviði flugmála

### Sérfræðingur í flugrekstrar- og skirteinadeild

Samgöngustofa leitar að öflugum einstaklingi í stöðu sérfræðings í flugrekstrar- og skirteinadeild hjá Samgöngustofu. Meðal helstu verkefna er eftirlit með flutningi á hættulegum varningi og innleiðing á samevrópskum kröfum um ómönnuð loftför. Við leitum að starfsmanni með áhuga á flugmálum, sem vinnur sjálfstætt og í hópi og er lausnamiðaður. Starfið felur í sér upplýsingamiðlun og mikil samskipti við hagaðila. Einnig þátttöku í öðrum verkefnum deildarinnar, þróun verkferla o.fl. Starfshlutfall er 100%.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði flugmála eða annað tæknilegt nám er kostur.
- Haldgóð þekking og reynsla tengd flugstarfsemi.
- Góð greiningarhæfni og geta til að setja sig inn í tæknilegar reglugerðir.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í rituðu og töluðu máli.
- Skipulagshæfni, frumkvæði, sjálfstæði og fagmennska í starfi.
- Samskiptafærni og jákvætt hugarfar.

### Eftirlitsmaður flugvalla

Samgöngustofa leitar að öflugum einstaklingi í stöðu eftirlitsmanns með innviðum, búnaði og starfrækslu flugvalla á mannvirkja- og leiðsögusviði stofnunarinnar. Starfið felst í vottun og eftirliti með fyrirtækjum með starfsleyfi til reksturs flugvalla auk annarra verkefna tengdum flugöryggi og ýmissar sérfræðivinnu í málaflokknum. Starfshlutfall er 100%. Viðkomandi þarf að standast bakgrunnskoðun Ríkislögreglu- stjóra til að starfa á haftasvæði flugverndar á flugvöllum.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á tæknisviði sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði eða tæknifræði, eða veruleg staðfest reynsla af tæknimálum tengdum starfrækslu flugvalla, eða flugmenntun og reynsla af flugi.
- Þekking á stjórnunarkerfum, s.s. gæða- og öryggisstjórnunarkerfum, og reynsla á því sviði er kostur.
- Þekking á íslenskum og alþjóðlegum kröfum til hönnunar og starfrækslu flugvalla er kostur.
- Mjög góð tök á íslensku og ensku og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga.
- Frumkvæði, skipulögð og nákvæm en lausnamiðuð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi.
- Jákvæðni í mannlegum samskiptum.



Umsóknarfrestur  
er til **14. júní 2021**

Hægt er að sækja  
um störfin rafrænt á  
[samgongustofa.is/storf](http://samgongustofa.is/storf)

Upplýsingar um  
Samgöngustofu má finna  
á [samgongustofa.is](http://samgongustofa.is)

Í boði eru spennandi störf  
hjá metnaðarfullri stofnun  
í alþjóðlegu umhverfi. Við  
bjóðum góða starfsaðstöðu  
og frábæra vinnufélaga.

Við hvetjum öll kyn  
til að sækja um.



Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

Samgöngustofa

# SJÓNTÆKJAFRÆÐINGUR

Óskast í 80–100% starf

## Hæfniskröfur

Réttindi til sjónmælinga  
Mikil þjónustulund  
Sjálfstæð vinnubrögð  
Góð skipulags-  
og samskiptahæfni  
Reynsla er mikill kostur

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist  
á [starf@lyfjogheilsa.is](mailto:starf@lyfjogheilsa.is), merkt  
„Augastaður“ fyrir **15. júní**.

**augastaður**

Gleraunnaverslunin þín



Augastaður er hluti af Lyfjum og heilsu sem er framsækið þjónustufyrirtæki með starfsemi víðsvegar um landið. Fyrirtækið leggur metnað í að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu á sviði heilsu, heilbrigðis og lífsgæða.



**KVENNASKÓLINN  
Í REYKJAVÍK**

## Aðstoðarskólameistari Kvennaskólans í Reykjavík

Kvennaskólinn í Reykjavík auglýsir starf aðstoðarskólameistara til næstu fimm ára laust til umsóknar frá og með 1. ágúst 2021.

Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara og vinnur með honum við daglega stjórn og rekstur skólans sbr. 8. grein laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Aðstoðarskólameistari skal uppfylla skilyrði í ákvæðum laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunn-skólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Reynsla og menntun í stjórnun menntastofnana er æskileg.

Laun eru í samræmi við kjarasamning KÍ og stofnana-samning Kvennaskólans í Reykjavík. Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði en í umsókn þarf að greina frá menntun (og staðfesta með afriti af prófskírteinum), fyrri störfum og öðru því sem umsækjandi telur að máli skipti.

Umsóknir sendist rafrænt til Hjalta Jóns Sveinssonar skólameistara í netfangið [hjalti@kvenno.is](mailto:hjalti@kvenno.is) fyrir **14. júní 2021**, sem gefur jafnframt frekari upplýsingar. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Á heimasíðu skólans, [www.kvenno.is](http://www.kvenno.is), er að finna ýmsar upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

*Skólameistari*

## BÍLSTJÓRI ÓSKAST Á OLÍS REYÐARFIRÐI

Olíuverzlun Íslands óskar eftir að ráða meiraprófs-bílstjóra til starfa á Reyðarfirði.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Dreifing á vörum til viðskiptavina á Austurlandi
- Afgreiðsla á smurólíu til skipa
- Afgreiðsla á gasi, klór og annarri vöru
- Samskipti við viðskiptavini og flutningsaðila

### Hæfniskröfur:

- Meirapróf og ADR-réttindi
- Lyftarapróf
- Rík þjónustulund
- Skipulagshæfni
- Gott vald á íslensku eða ensku

Allar frekari upplýsingar um starfið veitir Stefán Segatta, [ss@olis.is](mailto:ss@olis.is).

Vinsamlega sendið umsóknir til mannauðsstjóra Olís, Ragnheiðar Bjarkar, á [rbg@olis.is](mailto:rbg@olis.is) merktar „Bílstjóri“.

**Umsóknarfrestur er til 14. júní 2021.**

## Leitum að öflugum liðsauka

### Tveir hjúkrunarfræðingar á skurðstofu 80-100% starf

Leitum að tveimur einstaklingum með íslenskt hjúkrunarleyfi og reynslu. Leyfi í skurðhjúkrun æskilegt. Önnur staðan er stjórnunarstaða með yfirumsjón með skipulagi og verkefnum á skurðstofunum og mun í fyrstu vinna samhliða núverandi stjórnanda sem mun láta af störum á næstunni sakir aldurs. Verksvið er vinna og skipulag á skurðstofum, innkaup, gæðastarf og eftirlit. Samskipti við sjúklinga og leiðbeining. Æskileg er góð tölvukunnátta (word/excel), frumkvæði, forystu- og samskiptahæfni, stundvísi og faglegur metnaður.

Upplýsingar veitir Stefán E. Matthiasson framkvæmdastjóri sem tekur við umsóknum með náms- og starfsferilsskrá auk meðmælenda, rafrænt á [stefan@laekning.is](mailto:stefan@laekning.is), eða í síma 696 7585. Starfskjör eru samningsatriði en grundvallast á samningi SA og viðkomandi stéttarfélags.

Skurðstofan ehf hóf starfsemi árið 1996. Þar eru gerðar dagskurð-aðgerðir í almennum-, æða-, lýta- fegrunar-, bæklunar- og kven-sjúkdómaskurðlækningum. Frá stofnun rúmlega 45000 aðgerðir. Alger endurnýjun tækja og búnaðar hefur átt sér stað undanfarið og býr fyrirtækið nú yfir bestu fánlegu tækni á sínu sviði.

Skurðstofan er lítið fyrirtæki með samheldnum hópi starfsmanna þar sem lögð er áhersla á góða þjónustu og gæði. Vinnutími er að öllu jöfnu frá kl 8-16 virka daga.

**Umsóknarfrestur er til 15.06. 2021.**

**SKURD**  
S T O F A N E H F

Lágmúla 5, 108 Reykjavík. S. 590 9213.

# VILTU AKA Á VEGUM OLÍS?



JAFNLAUNAVOTTUN  
2019-2022

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsuefningar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.



Vinur við veginn



## Aðstoðarmaður tannlæknis

Tannlæknastofa í Reykjavík óskar eftir aðstoðarmanni eða tanntækni í 95-100 prósent starf.

Kostur er að viðkomandi hafi lokið tanntæknanámi, en starfsreynsla þar sem reynir á þjónustulund, frumkvæðni, mannleg samskipti og vönduð vinnubrögð eru mikils metin.

Æskilegt er að geta hafið störf eftir miðjan ágúst en annars eftir nánara samkomulagi.

Pau sem hafa áhuga á þessu starfi eru vinsamlegast beðin um að senda upplýsingar um sig og meðmæli á netfangið [flottartennur@gmail.com](mailto:flottartennur@gmail.com) fyrir **18. júní nk.**

Fullum trúnaði er heitið.



LANDSRÉTTUR

## Aðstoðarmaður dómara í Landsrétti

Landsréttur auglýsir laust til umsóknar starf löglerðs aðstoðarmanns dómara við Landsrétt. Löglerðir aðstoðarmenn dómara sinna lögfræðilegum verkefnum og aðstoða dómara réttarins í störfum þeirra í samræmi við ákvörðun forseta réttarins, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 50/2016. Meðal helstu verkefna er auk aðstoðar við dómara, vinna við dómareifanir, úrvinnsla kærumála sem og lögfræðileg greining mála sem til úrlausnar eru fyrir réttinum.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættispróf í lögfræði eða grunnnám ásamt meistaraþrófi í lögum.
- Góð íslenskukunnátta og færni í rituðu máli er nauðsynleg.
- Góðir skipulagshæfileikar, hæfni til að vinna sjálfstætt og færni í mannlegum samskiptum.
- Þekking og reynsla á sviði réttarfars er æskileg.
- Reynsla af greiningu og úrlausn lögfræðilegra álitaefna er æskileg.

Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Þeir sem áhuga hafa á starfinu eru hvattir til að sækja um óháð kyni. Með umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur.

Áskilið er að umsóknir og fylgigögn berist rafrænt á netfangið [landsrettur@landsrettur.is](mailto:landsrettur@landsrettur.is). Umsóknir gilda í allt að sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu í starfið liggur fyrir.

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Viðar, skrifstofustjóri Landsréttar, [gunnar.vidar@landsrettur.is](mailto:gunnar.vidar@landsrettur.is) eða í síma 432-5300.

# Skjalastjóri

ÁTVR óskar eftir öflugum, þjónustuliprum, ábyrgum og áhugasömum einstaklingi til þess að leiða skjalastjórnun á eftirsóknarverðum vinnustað.

### Skjalastjóri mun:

- samræma og hafa með höndum skipulag, ábyrgð og umsjón með skjalamálum
- hafa umsjón með skjalavistun og verklagi við rafræna skjalastjórnun
- hafa umsjón með skjalasafni, málaskrá, málalykli og geymsluskrá
- taka þátt í verkefnum sem snúa að stafrænni þróun
- fræða samstarfsfólk um upplýsinga- og skjalamál
- veita stjórnendum og starfsfólki ráðgjöf og stuðning við skjalavistun
- samræma og innleiða verklag við vistun gagna
- sjá um frágang og skil á skjalasafni
- taka þátt í umbótaverkefnum

### Hæfniskröfur:

- háskólagráða í bókasafns- og upplýsingafræði eða sambærileg menntun á sviði skjalastjórnunar
- þekking og reynsla í notkun rafrænna skjalalausna
- tölvuþekking og skilningur á upplýsingatækni eru nauðsynleg
- þekking og reynsla af skjalakerfinu GoPro
- sjálfstæð vinnubrögð
- heiðarleiki og jákvæðni
- almenn tölvukunnátta
- gott viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum

Starfshlutfall er 100%. Umsóknarfrestur er til og með 14. júní nk.

Óskað er eftir því að umsóknir séu fylltar út á [vinbudin.is](http://vinbudin.is)

Nánari upplýsingar veitir: Guðrún Símonardóttir mannauðsstjóri ÁTVR, [starf@vinbudin.is](mailto:starf@vinbudin.is), 560 7700

Gildin okkar eru LIPURÐ – ÞEKING – ÁBYRGÐ og taka ráðningar mið af þeim.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land. Stefna fyrirtækisins er að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsuefandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.



# Þjónusturáðgjafi



## Leitum að hæfileikaríkum þjónusturáðgjafa sem deilir með okkur áhuga á þjónustu og bílum

Hlutverk þjónustuværs er að veita viðskiptavinum HEKLU ráðgjöf og þjónustu vegna verkstæðisþjónustu og vantar okkur öflugan liðsmann í teymið. Við leitum að einstaklingi sem hefur áhuga á að taka þátt í umbótaverkefnum til að efla enn frekar þjónustu HEKLU. Við bjóðum upp á þjálfun fyrir öflugan einstakling sem hefur áhuga en vantar reynslu.

### Starfsvið:

- Ráðgjöf og upplýsingagjöf
- Sala varahluta og þjónustu
- Reikningagerð
- Útlán og eftirlit með bílaleigubílum
- Þátttaka í daglegum störfum þjónustuværs

### Menntunar og hæfniskröfur:

- Framúrskarandi þjónustulund
- Lausnarmiðuð nálgun á verkefnum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þekking á Nav er kostur
- Þekking á bílþjónustu er kostur

Um 120 manns starfa hjá HEKLU sem er með umboð fyrir Audi, Volkswagen, Skoda og Mitsubishi.

Tækifæri fyrir öflugan aðila til að þróast í starfi enda leggur HEKLA áherslu á markvissa þjálfun og námskeiðahald samkvæmt stöðlum framleiðenda.

Öflug liðsheilid, gott mótuneyti og afburðar starfsaðstaða einkennir fyrirtækið sem hefur undanfarin ár verið leiðandi í sölu og viðhaldi á umhverfisvænum bifreiðum.


ISK 6 á kg.

Kopar/Eir



ISK 465 á kg.

Brass/Messing



ISK 325 á kg.

Brons



ISK 325 á kg.

Kaplar



ISK 55 á kg.

Ryðfritt stál



ISK 100 á kg.

Ál



ISK 65 á kg.

Bly



ISK 110 á kg.

Zink



ISK 65 á kg.

Brotamálmur  
þungur í bræðslu



ISK 6 á kg.

Rafmótorar



ISK 40 á kg.

Offset prentplötur úr áli



ISK 100 á kg.

Tungsten



ISK 400 á kg.

Brotastál



ISK 6 á kg.

Stálstrengir



ISK 7 á kg.

Spennubreytar



ISK 40 á kg.

Hvarfakútar



Leitið tilboða



Stangarhylur 7 110 Reykjavík Sími: 5199819  
info@malma.is www.malma.is

# Veisla á sjómannaþinginn



Elin  
Albertsdóttir  
elin  
@frettabladid.is

Á sjómannaþinginn er til siðs að elda eitthvað gott enda hátíðardagur. Ekkert er ljúffengara en íslenska lambalærið og ekki verður það verra hægeldað. Margir staðir á landinu verða með minni háttar hátíðardagskrá við höfnina á morgun en þó með óhefðbundnum hætti.

Það er alltaf viss stemning á sjómannaþinginn. Hafnir víða um land fyllast af lífi og fjöri. Að vísu var öllum hátíðarhöldum aflýst í fyrra vegna samkomutakmarkana. Stærstu hátíðarnar eins og Hátíð hafsins og Sjóarinn síkati verða ekki heldur í ár. Sjóminjasafn Reykjavíkur verður opið á morgun og ókeypis er inn. Búast má við að eitthvað smálegt verði gert í sjávarþorpum landsins. Sjómenn verða heiðraðir eins og venja er á þessum degi. Sömuleiðis verður sjómannaþingin tileinkuð sjómannaþinginum og minningu sjómanna í Dómkirkjunni á morgun. Messunni verður útvarpað á Rás 1 og hefst kl. 11.

Hér er hugmynd að góðum kvöldverði á sjómannaþing sem hefst á ljúffengri blómkálsúpu.

## Blómkálsúpa með beikoni

150 g beikon  
Ólífuolía  
1 msk. smjör  
1 laukur, skorinn smátt  
3 hvítlauksrif, skorin smátt  
3 gulrætur, skornar smátt  
2 blómkálshöfuð, skorin í grófa bita  
1 lítri kjúklingasoð  
250 ml mjólk  
Salt og pipar  
Smátt skorin fersk steinselja

Þessi uppskrift er mjög góð og þótt súpan sé í raun grænmetisúpa má gjarnan gera hana örtilitð öðruvísi með chilli og beikoni en því má sleppa.

Steikið beikonið þar til það



Hægeldað lambalæri með tilheyrandi er afar ljúffengt.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY



Blómkálsúpa með beikoni og chilli er svolitð öðruvísi en við þekkjum.

verður stökkt í smávegis ólífuolíu. Takið af pönnunni og setjið á eldhúspappír.

Setjið smjör í pott og steikið lauk og hvítlauk. Bætið síðan gulrótum og blómkáli út í. Takið frá nokkra bita af blómkáli til að skreyta súpana á diskunum. Setjið kjúklingakraftinn saman við ásamt mjólk og látið suðuna koma upp. Látið síðan malla áfram í 20 mínútur. Maukið súpana með töfrasprota og bragðbætið með salti og pipar.



Tiramisu er einn vinsælasti eftirréttur á Ítalíu. Hann á alltaf vel við.

Setjið í skálar og puntið með beikon- og blómkálsbitum. Stráið steinselju yfir og smávegis chilli fyrir þá sem vilja meira bragð.

Með kjötinu er gott að hafa sykurbrúnaðar kartöflur, sósu, baunir, rauðkál og hrásalat.

Hugmynd að einfaldri sósu. Steikið sveppi á pönnu með hvítlauk. Bragðbætið með salti og pipar. Þegar sveppirnir eru vel steiktir er smávegis sojasósa sett yfir þá og síðan smávegis vatn. Setjið í pott með kjötsoðinu. Því næst er rjómi og piparostur settur út í. Bragðbætið með salti og pipar ásamt smávegis paprikudufti eftir smekk. Þykkið sósunu með sósu-jafnara.

## Hægeldað lambalæri

1 lambalæri (um það bil 2½ kg)  
2 tsk. salt  
1 tsk. nýmalaður pipar  
3 hvítlauksrif  
4 kvistar ferskt rósmarín  
3 dl vatn  
3 gulrætur  
500 g sellerirot  
2 laukar  
2 msk. ólífuolía  
Stillið grillið á 250 °C.

Hægeldað lambalæri er einstaklega bragðgott og bráðnar í munn. Passa verður þó að kjötið verði ekki ofsteikt. Nauðsynlegt er að hafa kjöthitamæli við höndina þar sem hitastig er misjafnt í ofnum.

Nuddið ólífuolíu á kjötið og bragðbætið með salti og pipar. Setjið lærið inn í heitan ofninn og grillið í 8 mínútur. Takið út og stillið á blástur og 90 °C. Látið hurðina á ofninum standa opna á meðan hann kælir sig niður.

Skerið hvítlaukinn í báta, gerið gat á kjötið og stingið þeim inn hér og þar. Gerið það sama með rósmarín.

Skerið allt grænmetið gróft og leggið í ofnfat. Gott er að hafa auka hvítlauk og rósmarín með. Setjið kjötið ofan á grænmetið. Setjið 3 dl af vatni í botninn en þá fæst soð í sósunu.

Þegar kjötið hefur náð 65 °C hita eftir um það bil 5–6 tíma er það orðið miðlungs steikt. Þegar kjötið nær 70 °C er það rúmlega miðlungs en gegnumsteikt þegar það hefur náð 75 °C.

## Tiramisu

3 eggjarauður  
3 msk. sykur  
250 g mascarpone  
3 eggjahvítur  
0,25 tsk. salt  
20 stk. Lady finger (kex)  
3 dl. kalt espresso kaffi  
2 msk. koniak eða amaretto líkjör  
4 msk. suðusúkkulaði

Þessi frægi ítalski eftirréttur er í miklu uppáhaldi hjá mörgum. Hægt er að útbúa hann degi fyrir sem er þægilegt.

Þeytið saman eggjarauður og sykur þar til blandan verður létt og ljós. Hrærið mascarpone varlega saman við.

Stífþeytið eggjahvítur með örtiltu salti. Blandið varlega saman við eggjaræruna.

Setjið smávegis krem í botninn á fallegri ferhyrindri skál. Dýfið fingurkökunum í kaffið sem hefur verið blandað með koniaki eða amaretto. Leggið kökurnar yfir allt kremið. Þá kemur önnur röð af kremi og síðan kökurnar aftur. Í lokin er sett krem. Rifið súkkulaði og dreifið yfir. Geymið í ísskáp þar til borðið er fram. ■

## Lítu við á belladonna.is



ZE-ZE Kjöll/pils  
Stærðir 38-48  
Verð kr 9.990

ZE-ZE kjöll  
Fæst líka í bláu  
Stærðir 38-46  
Verð kr. 9.990

ZE-ZE skyrtukjöll  
Fæst líka í bláu  
Stærðir 40-48  
Verð kr. 10.990

# Hafðu AKU með í valinu!

AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr 100% evrópskum íhlutum og efnum



AKU Superalp GTX

42.990 kr.

Aukin mýkt við ökkla



Gore-Tex filma, 100% vatnsvörn

2mm gúmmíborði (grjótvörn) sem hentar vel í íslensku hraunlendi

Dempun IMS: Kerfi sem gefur auka mýkt niður í sólann

AKU Exoskeleton, innan- og utanfótarstuðningur

Mýkra leður til að minnka spennu og auka þægindi

Reimalæsing, sitt hvor stillingin fyrir rist og ökkla

Rúllukefli til að halda jafnri spennu á reimum

2,6mm eka ítalskt Nubuck leður

Custom fit innlegg

Vibram sóli

**AKU**  
trekking & outdoor footwear



AKU Alterra GTX ♂  
Gönguskór með góðan stuðning  
35.990 kr.



AKU Tengu Low GTX ♂  
Fjölhæfir gönguskór  
29.990 kr.



AKU Alterra GTX ♀  
Gönguskór með góðan stuðning  
35.990 kr.



AKU Tengu Low GTX ♀  
Fjölhæfir gönguskór  
29.990 kr.



AKU Tribute II GTX ♀♂  
Léttir gönguskór  
28.990 kr.



AKU Rapida Air ♂  
Léttir dagskór  
19.990 kr



AKU Rock DFS GTX ♂  
Fjölhæfir gönguskór  
26.990 kr



AKU Selvatica ♂  
Léttir gönguskór  
24.990 kr



AKU Rapida Air ♀  
Léttir dagskór  
19.990 kr



AKU Rock DFS GTX ♀  
Fjölhæfir gönguskór  
26.990 kr



AKU Selvatica ♀  
Léttir gönguskór  
24.990 kr



Til að velja rétta gönguskó er nauðsynlegt að bera saman allar helstu gerðir.

Best er að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu sölustaði, prófa, máta og taka upplýsta ákvörðun.

**GG SPORT**



Í vefverslun okkar á [ggsport.is](http://ggsport.is) má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!



@ggsport.is



@gg\_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • [ggsport.is](http://ggsport.is)  
Opnunartími: Virkir dagar 10:30 - 18, Laugardaga 11-15

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

## NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

## RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

## STARFSMENN

til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

**PROVENTUS**  
Starfsmannþjónusta

**551 5000**  
proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík  
www.proventus.is

## Keypt &amp; Selt

## Til sölu



VERÐ 55.000,-KR

Fallegur sófi úr Tekk til sölu með höfuðpúðum og skammel, grár. St. 90X220 og skammel 70X85. Tilboð óskast S. 663 3313

## Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



## SVARTUR Á LIT!

Emmaljunga duo vagn og kerrustykki til sölu, vel með farið. Verð 45þús eða tilboð S. 663 3313

## Óskast keypt

## STAÐGREIDUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-16, Skípholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

Til leigu 2ja herb. íbúð 66 fm með öllu innbúi, á svæði 105 Rvk. Með góðu útsýni yfir sundin og Esjuna. Uppl. í síma 893-3475

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475

## ÍBÚÐ Á TENERIFE

3ja herb. íbúð á Tenerife til leigu í Los Cristianos. Laus júní, júlí og ágúst. Uppl. í síma 893 3475

2ja herb. miðhæð til leigu í 101 RVK. 60fm. Getur leigt með eða án húsg. Allar uppl. veittar í s. 896 6386

## Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS  
SÍMI 555-3464

þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

## Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og búrústál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl.; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

## LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.

Metum ástand og gerum við. www.fjardarbolstrun.is

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

## Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga  
arnarut@frettabladid.is

## ÍSLÆNSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA



"Hengirúmin" vinsælu komin aftur!  
Fjórir litir í boði. 3.900 kr.-

Það er ALLTAF rétti tíminn til að eignast vandaðan heitan eða kaldan pott!



Sigurlaug  
124.500 kr.



Gvendarlaug  
177.000 kr.



Grettislaug  
239.000 kr.



Geirslaug  
257.000 kr.



Unnarlaug  
285.000 kr.



Snorrulaug  
278.000 kr.

**NORMX**

Íslensk framleiðsla í 38 ár!

OPIÐ 10-14 Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR!

Auðbrekku 6 200 Kópavogi Sími 565-8899 normx@normx.is



# KRYDD

veitingahús

Restaurant & Bar  
Hafnarfirði

Sjómanna  
dags  
tilboð  
sunnudag  
þriggja rétta  
6.990 kr-

## Sing along með Guðrúnu Árnýju í kvöld laugardag

Guðrún Árný spilar og syngur af sinni alkunnu snilld og þið takið undir þar til þakið ætlar að rifna af húsinu. Frábær stemning og þekktir slagarar!



**Borðapantanir**  
Sími: 558-2222  
krydd@kryddveitingahus.is

**Strandgata 34**  
220 Hafnafjörður  
kryddveitingahus.is

# Er um að jarða auðlindir

Gríðarlegt landflæmi kirkjugarða fór að trufla Sigríði Bylgju Sigurjónsdóttur eftir meistaranám á sviði umhverfisfræða. Draumurinn um að gróðursetja fólk varð í framhaldi til og er nú orðinn að Tré lífsins og næst er það Lífsbókin sem við skrifum sjálf og gæti orðið ástvinum okkar fjársjóður.



Björk  
Eidsdóttir  
bjork  
@frettabladid.is

Ég hef alltaf verið umhverfisþenkjandi en í mastersnámi í Svíþjóð má segja að sápuhála sakleysis míns á því sviði hafi sprungið. Ég hafði verið í svo vernduðu umhverfi hér heima og ekki áttað mig almennilega á því hversu tengd hvert öðru við erum. Það er manneskja sem býr til þessa vöru sem býr hinum megin á hnettinum sem á sína fjölskyldu og sögu og ætla ég að nota þetta einu sinni og henda svo?“ segir Sigríður Bylgja og bendir á plastmöppu sem hún hefur meðferðis með upplýsingum um verkefni sín: Tré lífsins og Lífsbókina.

Sigríður valdi sér meistaranám í mannvistfræði með áherslu á menningu, völd og sjálfbærni. „Við tókum sjálfbærni hugtakið alveg sérstaklega fyrir.“ Áður hafði hún lokið grunnnámi í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði frá Háskólanum á Bifröst. „Þar var áfangi um umhverfisstjórnmálafræði sem kveikti í mér. Ég sá í fyrsta sinn myndbönd frá plasteyjunni sem er á stærð við Texas og fékk sjokk eins og flestir fá þegar þeir sjá hræin af dýrunum sem hafa drepist þar, full af plasti.“

## Örbergðin hafði áhrif

Að loknu grunnnámi fór hún í fimm mánaða bakpokaferðalag um Suðaustur-Asíu. „Áður en ég fór í það ferðalag var stefnan tekin á meistaranám í hagfræði. Ég ætlaði bara að stofna fyrirtæki og verða rík. En það sljákkaði aðeins í mér eftir að hafa ferðast um þessi lönd og meðal annars unnið í sjálfboda-starfi í Tailandi. Ég gat ekki annað en hugsað af hverju ég gæti ferðast eins og drottning á meðan örbergðin væri alls staðar í kring. Þar ákvað ég að vanda kvæði mínu í kross. Ég sótti um þverfaglegt nám í Lundi í Svíþjóð. Lýsing þess heillaði mig: umhverfi, samfélag, heimurinn okkar í dag, gagnrýnin hugsun, menning, völd og sjálfbærni. Ég hafði aldrei vitað hvað ég vildi verða, en þetta höfðaði til mín.“

Sigríður Bylgja segist í meistaranáminu hafa upplifað tilfinningarússibana. „Mér fannst ég hreinlega vitlaus! Áhersla var lögð á að fá nemendur frá sem flestum heims-hornum og aðeins fimmtán teknir inn árlega svo mjög margir voru með bakgrunn í aktívisma. Þarna árið 2011 voru þau flest vegan og að „dumpster dive-a,“ segir Sigríður Bylgja og á við svokallað gáma-grams, þar sem leitað er ætra matvæla í ruslagámum stórverslana, en hvoru tveggja, veganismi og gáma-grams, var fjarstædukennt í huga Sigríðar fyrir áratug.

„Þarna hófst mín vegferð í að læra meira. Okkur var kennt að líta lengra en innan boxins sem okkur hafði verið sýnt.“

## Við lifum rosalega góðu lífi

Starfsnám í Belís í Mið-Ameríku hafði einnig töluverð áhrif. „Þar stundaði bandarískt olíufyrirtæki að fara ólöglega inn á verndarsvæði frumbyggja. Við vorum þar til að meðal annars aðstoða frumbyggja við málsókn á hendur stjórnvöldum sem létu þetta viðgangast. Það var gott fyrir mann að upplifa þetta og fá svoltið samhengi í það hvað við lifum rosalega

Sigríður Bylgja segist hafa farið að hugsa hlutina upp á nýtt eftir meistaranám í mannvistfræði.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK

góðu lífi. Það er ekkert skrítið að við hér séum haldin mikilli forréttindablindu enda upplifum við allt á eigin skinni og út frá okkar tengingum.“

Sigríður Bylgja viðurkennir að hafa upplifað töluvert vonleysi að námi loknu. „Ég fór að hugsa: „Hvað ætlum við að gera? Hvernig ætlum við að dila við allt kerfið okkar og gera þennan heim betri fyrir okkur öll? Auðlindum jarðarinnar er ekki jafnt skipt og þeim ójöfnuði er viðhaldið kerfisbundnið.“

## Líkaminn bara umbúðir

Sigríður Bylgja segist hafa lesið grein þar sem fjallað var um að kirkjugarðar höfuðborgarsvæðisins væru að fyllast.

„Ég fór þá að hugsa hvers vegna við værum að taka svona stórt landsvæði undir kirkjugarða. Hugsu sér allar auðlindirnar sem við erum að jarða? Þetta eru flottar kistur sem við setjum umbúðirnar utan af fólkinu okkar í, enda líkami okkar ekkert annað en umbúðir. Geggjadar kistur sem koma í flestum tilfellum utan úr heimi þar sem fólk hefur verið að setja þær saman úr tré sem búið er að höggva niður. Til hvers? Til að setja tvo og hálfan metra ofan í jörðina og grafa yfir og láta brotna niður á einhverjum árum?“

Hún fór að upphuga umhverfisvænni lausnir fyrir okkar hinstu hvílu.

„Ég hugsaði með mér að það væri náttúrlega geggjað ef hægt væri að gróðursetja fólk. Bálfor er mikið sniðugri en hefðbundin jarðsetning

ing að því leyti að það verður mikið minna úr okkur. Í mínum huga væri svo frábært ef við gætum bara gróðursett tré með öskunni. Ég fór að skoða þetta og fann aðila í Bandaríkjunum sem var að selja lífræn duftker með fræi í og varð heilluð af þeirri hugmynd. Ég hafði samband við fyrirtækið og kannaði hvort ég gæti orðið dreifingaraðili, flutt kerin til Íslands og selt til útfararstofa.“

## Lögin í kringum dauðann

Það var árið 2015 að Sigríður Bylgja átti fund með Hannesi Ottóssyni, ráðgjafa hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, og kynnti hugmyndina.

„Hann benti mér á að skoða hvort þetta væri lögleg leið til greftrunar og fleiri atriði sem ég þyrfti að skoða.“

Skemmst er frá því að segja að Sigríður Bylgja komst fljótt að því að ekki er löglegt að gróðursetja ösku eins og hún vildi.

„Lagaramminn í kringum það að deylla er frumskógur. Það sem er leyfilegt í dag er að jarða lík í kistu í kirkjugarði, jarða öskuna í duftreit innan kirkjugarðs eða dreifa öskunni yfir haf eða óbyggðir, að því gefnu að þú sért búinn að sækja um leyfi til sýslumanns.“

Þú mátt ekki dreifa öskunni hvar sem þú vilt, þú mátt ekki gróðursetja tré með öskunni og askan verður að vera sett niður innan kirkjugarðs. Ef þú ákveður að dreifa henni máttu ekki setja upp neinn minnisvarða, hvort sem það er tré eða eitthvað annað.“



En við verðum samt að eiga þetta samtal því það er svo algengt að við hrökkvum upp við missi þar sem skyndilega allt er farið.

Sigríður Bylgja.

Hún tekur sérstaklega fram að hún sé alls ekki mótfallin þjóðkirkjunni heldur styðji hún frelsið til að velja sjálfur.

„Það eru yfir fimmtíu trúar- og lífsskóðunarfélög á Íslandi en það enda allir innan kirkjugarðs. Ef ekki innan kirkjugarðs þá geturðu valið um bálfor sem er framkvæmd í ofnum sem hafa verið í gangi frá árinu 1948 og uppfylla ekki nútímaskilyrði og eru ekki búnir mengunarhreinsibúnaði. Bálfor er í dag einungis framkvæmd af bálstofunni í Fossvogi sem er rekin af Kirkjugróðum Reykjavíkur prófastsdæma, sem er einfaldlega ríkið. Okkar samfélag hefur breyst mikið á þessum 73 árum frá því bálstofan var opnuð og það er bara eðlilegt að það sé óháður aðili sem sjái um rekstur bálstofu.“

Sigríður Bylgja bendir á að vilji fólk ekki greftrun innan kirkjugarðs megi dreifa ösku yfir haf eða óbyggðir en þá sé ekki leyfilegt að reisa minnisvarða um þann látna. „Fyrir þá sem eftir standa er það oft mikilvægt. Að hafa stað til að heim-sækja.“

## Ætlaði aldrei að opna bálstofu

Sigríður Bylgja komst að því að til að geta boðið fólki upp á óháðan grafreit þar sem gróðursetja mætti öskuna við tré, þyrfti hún að opna bálstofu.

„Ég ætlaði aldrei að opna bálstofu,“ segir hún með áherslu. „Ég hafði bara hugsað að það væri geggjað fyrir fólk að geta valið um að láta gróðursetja sig.“





Svona munu merkingarnar á trjánum líta út og QR kóðinn geymir heila sögu.

Þarna var komin hugmynd að bálstofu og minningagarði fullum af trjám sem fólk getur heimsótt. Hvert og eitt tré verður merkt með spjaldi sem á stendur: Hér vex: Nafn manneskjunnar og síðan er QR kóði sem leiðir gesti inn á rafræna minningarsíðu um hinn látna og þar má skilja eftir skilaboð.

Hún segist ekki vilja takmarka val fólks, svo ýmsir möguleikar verði í boði til að nýta sér þjónustuna, hægt sé að vera með minningarsíðu og QR kóða á legsteini í kirkjugarði og einnig sé hægt að útbúa minningarsíðu fyrir einstakling sem velur að láta dreifa ösku sinni.

#### Hringrás lífsins

„Ef við hugsum um hringrás lífsins þá er merkingarþrungin að gróðursetja tré með öskunni. Tré búa til súrefni sem við þurfum til að lifa og við búum til koltvísýring sem tré þurfa. Þetta er geggjáð samband og það að fæðma tré fær allt aðra merkingu þegar einhver er þar undir sem þú tengir djúpt við.“

Tré lífsins verður rekið sem sjálfseignarstofnun og segir Sigríður Bylgja stefnuna vera að það fé sem kemur inn verði einfaldlega notað til að halda við tækjum og búnaði og þróa næstu lausnir. „Það er eitt-hvað sem tekur við af bálförum, ég er alveg farin að hugsa svo langt.“

Tré lífsins hefur fengið úthlutað svæði í Rjúpnadal við Smalaholt í Garðabæ samkvæmt deiliskipulagi.

„Við fáum þar lóð fyrir bálstofu og fyrsta minningagadinn en ætlunin er að þeir verði í framtíðinni um allt land,“ segir hún, en fyrsta skóflustunga er á dagskrá í sumar. „Við erum komin í samstarf við Skógræktarfélag Íslands og munum gróðursetja stálpuð tré með lifrænum duftkerum. Þannig vonumst við til að búa til aðeins dýpri tengingu og jafnvel meiri væntumþykju fyrir náttúrunni.“

#### Skráir sjálfur arfleifð þína

En að hinum anga verkefni Sigríðar Bylgju, Lífsbókinni sjálfri, sem ætlunin er að sé rafræn bók sem ritari skráir sjálfur í lifanda lífi og í framhaldi verður bæði eftirlifendum leiðbeinandi og minningarsjóður.

„Til að geta haldið Tré lífsins sem sjálfseignarstofnun í samfélagslegu hlutverki, stofnaði ég sjálfseignarstofnun í kringum það og hefðbundið félag í kringum Lífsbókina,“ útskýrir Sigríður Bylgja, sem nú hefur sett í loftið sýnishorn af Lífsbókinni, lífsbokin.is, þar sem fólk getur kynnt sér hugmyndina og svarað skoðanakönnun um efni hennar og virkni. Halla Kolbeinsdóttir hannaði og setti upp vefinn.

„Við erum að athuga hvort þörf sé á slíkri þjónustu en hugmyndin er að fólk geti þá keypt sér aðgang að Lífsbók og skráð þar arfleifð sína. Fólk skráir þá sína sögu á meðan hún er enn að gerast. Sú skráning getur gefið okkur góða sýn á okkar líf þegar við eldumst. Þannig sjáum við þroskann hjá sjálfum okkur rétt eins og þegar við lesum gamlar dagbækur,“ útskýrir hún.

„Lífsbókin skiptist í tvo hluta: á meðan við erum á lífi og þegar við erum fallin frá. Sá hluti sem við notum á meðan við erum enn á lífi skiptist í: Sagan mín, sem við skráum jafnt og þétt með hljóðupptökum, myndum og myndböndum og svo er það fjölskyldutréð og lykilorð og reikningar.“

#### Dýpri tenging við kjarnann

Hugmyndin að baki Lífsbókinni hefur verið lengi í þróun, en Sigríður Bylgja segir þau hafa lagst í djúpar rannsóknir til að geta lofað því að Lífsbókin lifi.

„Ég vil geta lofað því að þegar ég er orðin 85 ára verði Lífsbókin enn þá í gangi, sama hvernig tæknin þróast. Barnabörnin mín geta þá upplifað



Sigríður Bylgja hér ásamt Höllu Kolbeinsdóttur, sem hannaði vefsíðuna utan um Lífsbókina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

sögu mína og samtíma minn og náð dýpri tengingu við kjarnann sinn. Við störfum með sérfræðingum á sviði öryggis- og tæknimála til að tryggja þetta, því ég vil ekki fara með þetta í loftið nema geta staðið við þetta loforð.“

Í Lífsbókina skráir fólk sína sögu með sínum orðum, stórar sem litlar upplifanir. „Svo er hægt að skrá fjölskyldutréð sitt algjörlega óháð blóðböndum en fjölskyldumynstur eru alls konar. Íslendingabók er eitt en í Lífsbókina skráirðu frekar hvernig fjölskyldutréð er í þínum huga. Kannski er besta vinkona þín hluti af fjölskyldunni og svo auðvitað stjúpbörnin. Við erum svo alls konar og það verður að vera rými fyrir það. Við hvern og einn einstakling má svo setja minningar og myndir og sífellt má bæta inn upplýsingum, eins og fyrstu orðum barnsins þíns, fyrsta daginn í sex ára bekk eða sögur frá unglingsárunum.“

#### Óþægilegt að tala um dauðann

Við nýskráningu í Lífsbókina skráir notandinn tvo nána aðstandendur sem svo fá aðgang að henni við andlát viðkomandi.

„Það er óþægilegt að tala um dauðann og það finnst mörgum. Hugmynd okkar er að fólk komi til okkar þegar ástvinur deyr og fái þá bókina í hendurnar og getur hún bæði verið huggun í sorginni en einnig leiðbeinandi um hinstu óskir hins látna.“

Eins og fyrr segir þá skiptist Lífsbókin í tvo hluta, en sá seinni fjallar um hvað tekur við eftir dauðann.

„Þar skráirðu hinstu óskir þínar, erfðamál og kveðjur til aðstandenda. Ef þú velur að skrifa bréf til einstaklinga varðveitum við það þar til þú fellur frá og fær aðeins viðkomandi það í hendur.“

Sigríður Bylgja segir hugmyndina þannig vera að aðstandendur fái í hendur bók sem aðstoðar þá í skipulagi kveðjustundarinnar en jafnframt fjársjóðskistu minninga.

„Það er búið að fjarlægja okkur mikið dauðanum og ég ætla ekki að leggja mat á hvort það sé gott. En við þurfum samt að eiga þetta samtal því það er svo algengt að við hrökkvum upp við missi þar sem skyndilega allt er farið. Þetta er líka leið til að halda í arfleifðina og halda í tengingu á milli kynslóða. Mér þætti til að mynda frábært að

geta lesið minningar ömmu minnar sem ólst upp í kringum 1900 á Vík í Mýrdal og sjá hvort við ættum eitthvað sameiginlegt,“ segir hún og bætir við: „Ég held að við tengjum öll við sorg og missi og þældu í því, við höfum aldrei verið eins tengd með tilkomu tækninnar, en við höfum aldrei verið eins ótengd, það ríkir faraldur einmanaleika.“

#### Notendur hafi áhrif

Eins og fyrr segir hefur verið sett upp kynning á Lífsbókinni á lífsbokin.is þar sem hægt er að hafa áhrif á þróun hennar út mánuðinn og hvort yfirhöfuð verkefnið fari alla leið. „Þar er mikið af upplýsingum en kannski er okkur að yfirsjá eitt-hvað og þá langar okkur að heyra það,“ segir Sigríður Bylgja, full af eldmód, en aðspurð viðurkennir hún í lokin að verkefnið hafi stækkað meira en hana óraði fyrir:

„Mig langaði bara að hjálpa fólki að gróðursetja tré en allt í einu er ég komin með bálstofu, minningagarð, minningarsíður og svo framvegis. Það er bæði gaman og erfitt að vera frumkvöðull en þetta hefur verið magnað ferðalag,“ segir hún að lokum. ■



**SÆKTU NÝJA APPIÐ!**






**Í LOFTINU**

# VEISTU HVER ÉG VAR?

LAUGARDAGA 16:00-18:30

# BYLGJAN

989



## Af aurunum og öpunum



Sigmundur Ernir Rúnarsson  
ser@hringbraut.is

**M**anninum er gjarnt að gera lítið úr lífríkinu í kringum sig – og nefna það öllum illum nöfnum, enda standi honum – sjálfum homo sapiens – ekkert á sporði, hvort heldur er lítið til hugsunar eða atgervis.

Hann eigi að heita æðstur, þróaðastur, merkilegastur.

Þess vegna mælir hann svo að einhver gróður jarðar eigi að heita arfi en annar skrautjurtir. Það beri að fjarlægja hann þann fyrrnefnda, uppræta, útrýma. Og af þeim sömu sökum segir hann apa vera vitlausari en aðrar skepnur jarðar. Það megi hafa gaman af þeim, hlæja að þeim.

Altså, af aurunum verði menn apar. Asnakjálkar, kindarlegir, þorskhausar.

Alveg dýrvitlausir.



En það eru peningarnir. Nefnilega aurarnir, seðlarnir. Þar liggur vandinn. Þeir koma gjarnan upp um menn. Og gera þá, suma hverja, að sullukollum, fulla af yfirlætishroka, uppbelgdu drambi og dreissugheitum.

En ekki apana. Aldrei apana. Sem þurfa raunar ekki aurinn.



Ég hef átt því láni að fagna að kynnst jafnt ofsaríku fólki og sárafátæku á fréttamannsferli mínum um kringlu heimsins – og í endurlitinu er þar ekki endilega að finna mikinn mun á þeim hópunum tveimur, alltént hvað innihaldið í viðkynningunni varðar. Enda er það oftast svo að fólk er fólk, hvað svo sem það á í vasanum – og ef undantekningunum sleppir, alþótt þóttafullu merkikertunum sem telja sig vera hafin yfir aðra í samfélaginu, eiga það og mega það – og á ég þar við efnadasta hópinn, er alltaf einhver sálarnæring í samtalínu.

Fátækt fer misjafnlega með fólk.

Man sérstaklega eftir honum Sidney sem ég hitti um árið á landmærum Simbabwe og Mósambík. Þar sat hann í forsælunni af greinaríkri eik, en allt í kring var eyðilegur melur uppi á hásléttu sem virtist ekkert geyma nema litlu híbýlin sem reist voru úr hríslum og mykju, en þar innandyrá voru konan, börnin og húsdýrin.

Þarna settist ég niður og ræddi við Sidney, augliti til auglitis, á einum fátækasta bletti jarðar, en þess þá heldur að lifnað hafi yfir samtalinu þegar heimamaðurinn komst að því að ég væri Íslendingur; sjálfur hefði hann nefnilega hleypt heimdraganum á yngri árum og haldið alla leið að ströndum Namibíu til að freista gæfunnar, hefði kynnst þar manni að nafni Baldri, hvítum mjög á hörund eins og ætti við um mig, en hann hefði, sá langt að komni maður, verið að kenna innfæddum fiskveiðar og netagerð. Og Sidney hefði fengið að slást í hópinn – og jújú, hann væri sumsé sjómannsmenntaður á íslenska vísu.

Og við hlógum að þessu, undir eikinni, því hvaða líkur væru á því að hann hitti Íslending á nýjan leik? Svo til engar, en þarna værum við nú samt sem áður, báðir tveir, undir afrískri sól, ólíkir að einu leyti, litnum.

Ég spurði Sidney af hverju hann hefði snúið heim. Og ég gleymi aldrei svarinu, enda horfði hann ákveðið í augu mín þegar hann svaraði mér: Hann hefði fengið heimþrá.

Og einmitt þá áttaði ég mig á því að hamingjan er ekki mæld í peningum heldur einhverju allt öðru og ólíku ríkidæmi.



Og milljarðarnir fara misjafnlega með fólk.

Mörgum árum áður en ég reikaði um hásléttur sunnanverðrar Afriku átti ég því láni að fagna, rétt rúmlega tvítugur sláninn ofan af Íslandi,



**Og mér hefur æ síðan verið ljóst að auðmagníð þarf ekkert endilega að eyðileggja fólk. Og gera það blint á samfélagið.**

að taka þátt í ungskáldapingi í borginni Montreux á austurenda Genfarvatns, þar sem rætur svissnesku Alpanna liggja í lágum. Og ekki hafði ég hugmynd um það fyrr en ég var kominn á staðinn að ungur evrópskur auðmaður, ættaður jafnt frá Frakklandi, Sviss og Þýskalandi, væri upphafsmaðurinn að þessu þingi og greiddi fyrir allan kostnað þess, dagóðan skildinginn, enda gisting, matur og ferðir í boði þessa eins og sama manns, fyrir svo sem þrjátíu skáld, hvaðanæva að úr Evrópu.

Þegar við ókum hlykkjótta slóðana upp á kambinn, þeirra erinda að setja þingið í fjallaskála auðmannsins, reyndi ég að átta mig á því hver hann væri úr hópi þessara litríku farþega í risastórri rútunni. En mér var fyrirmunað að koma auga á hann, svo vel sem hann virtist falla í hópinn. Og það var ekki fyrr en langferðabifreiðin stöðvaðist frammi á ystu nöf á einu þverhnípinu utan í snarbröttum Ölpunum að hann stóð upp – og bauð okkur hinum að viðra okkur, skoða herlegheitaútsýnið. Og hann var einmitt ekkert ósvipaður okkur hinum, kannski kominn á fertugsaldurinn, en klæðnaðurinn, hárgreiðslan og holningin var meira í ætt við skringilega listaspíru en mikillátan auðjarl.

Svo benti hann á kastala í fjarska, frammi á háum bergstapa, en þangað var örmjótt einstigi úr meginbálknum – og til þess staðar væri för okkar heitið, þar væri þessi svonefndi fjallaskáli hans.

Og hvorki fyrr né síðar hef ég komið inn í tilkomumeiri bústað á ævi minni, ef bústað skyldi kalla, því kastalinn, sem reistur hafði verið á sautjándu öld úti á þessu þverbeina meitilbergi, var eins og víðgelmir á að líta þegar inn var komið, á fjórum hæðum – og á neðsta palli, þar sem opunarhátiðin fór fram, var að finna stærstu og nákvæmstu endurgerð af lesta-kerfi Alpanna sem sögur fara af, á að giska tíu metrar í þvermál og einir fimm á hæðina.



Þarna stóðum við skáldin, umhverfis föngulegustu leikfangalest álfunnar, með titrandi kampavinsglösin í hendi, allsendis andlaus um stund. Og komum ekki upp orði.



Næstu þrjá daga ungskáldapingsins varð okkur smám saman ljóst að auðmaðurinn sem borgaði ofan í okkur mjöðinn og matinn væri valinkunnur fagurkeri og listvinur á þessum slóðum, legði myndlistarmönnum til aðstöðu og héldi úti sýningarsölum af bestu sort, en þess utan styrkti hann samkomur allra handa kúntnera í löndunum í kringum Alpana. Þetta væru hans ær og kyr, yndi og eftirlæti, en allan ættarauðinn vildi hann, einbirnið vel að merkja, nota í þágu hinna skapandi greina, þar væri eina ástríða hans komin.



Man enn þá samtalið, þar sem við sátum á bekk fyrir utan veitingastað í Montreux, auðmaðurinn og ég, eitt síðdegð í Sviss – og við spjölluðum svolítið um daginn og veginn í fæinar mínútur. Yfirlætisleysið og hæverskan var áberandi, gott ef ekki alþýðleikinn. Og mér hefur æ síðan verið ljóst að auðmagníð þarf ekkert endilega að eyðileggja fólk. Og gera það blint á samfélagið.

Ekki frekar en fátæktin. ■

# Ennþá meira úrval af listavörum



Listverslun.is



## Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is  
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

## 50 ára afmæli

Súpermamman, ofuramman, stjórnumokkurinn og eðaleiginkonan  
**Jóhanna Lövdahl Einarsdóttir**  
er fimmtug sunnudaginn 6. júní og því ber að fagna.



Ástarkveður,  
Southstreet Klanið

**Þetta gerðist:** 5. júní 1885

## Fyrsta greinin birt eftir íslenska konu

Briet Bjarnhéðinsdóttir birti grein undir dulnefni í Fjallkonunni þennan mánaðardag árið 1885. Það var fyrsta grein sem íslensk kona skrifaði í opinbert blað. Greinin bar fyrirsögnina Nokkur orð um menntun og réttindi kvenna, og hana hafði Briet skrifað strax sextán ára gömul en sýndi hana engum fyrr en þrettán árum seinna, þegar hún birtist í Fjallkonunni 5. júní og 22. júní 1885 undir dulnefninu Æsa. Geta verður þess að eiginmaður hennar, Valdimar Ásmundsson, var ritstjóri Fjallkonunnar.

Briet bauð sig fram til Alþingis, fyrst kvenna. Hefði ekki verið fyrir ný lög um útstríkanir, hefði hún orðið fyrsta



Briet Bjarnhéðinsdóttir birti grein undir dulnefni í Fjallkonunni þennan mánaðardag árið 1885

konan til að taka sæti á Alþingi. Hún var ein af stofnendum Hins íslenska kvenfélags árið 1894. Ári síðar hóf hún útgáfu á Kvinnablaðinu og var ritstjóri þess til 1926. ■



Elskuleg móðir okkar,  
amma og langamma,  
**Aðalheiður Árdís Stefánsdóttir**

Lindarsíðu 4,  
Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri  
20. maí síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey  
að ósk hinnar látnu.

Ásthildur Eiríksdóttir  
Halldóra Eiríksdóttir  
Sigríður I. Eiríksdóttir  
Jóhann J. Eiríksson  
Stefán Eiríksson  
Gunnar L. Eiríksson  
Aðalsteinn P. Eiríksson

Hólmgeir Hólmgeirsson  
Rúnar Kristdórssón  
Vala B. Harðardóttir  
Malee Vita  
Elin Skarphéðinsdóttir



Ástkær móðir, tengdamóðir og amma,  
**Hulda Sigurðardóttir**  
Efstasundi 26,

verður jarðsungen frá Langholtskirkju  
fimmtudaginn 10. júní kl. 13.00

Ragnar Einarsson og fjölskylda.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem  
sýndu okkur samúð og hlýhug við  
andlát og útför móður okkar, ömmu  
og langömmu,  
**Ragnheiður Magnúsdóttir**  
Hlaðbæ 20,  
Reykjavík.

Örlygur V. Árnason  
Gunnar V. Árnason  
Magnús H. Hákonarson  
barnabörn og barnabarnabörn.

Ásrún Vilbergsdóttir

## Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi



Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is



Elskulegur eiginmaður minn, faðir  
okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Þorbergur Kristinsson**  
prentari og útlitsteiknari,

lést 27.05.21 á líknardeild  
Landspítalans í Kópavogi.

Útför fer fram í kirkju Óháða safnaðarins  
við Háteigsveg 56 í Reykjavík 7. júní kl. 14.00.  
ATH – tímasetning útfarar er kl. 14.  
(ekki kl. 15 eins og áður var auglýst).

Sigrún Gróa Jónsdóttir

Kristinn Þorbergsson  
Jón Sævar Þorbergsson  
Snorri Goði Þorbergsson  
barnabörn og barnabarnabörn.

Kristín Anna Ólafsdóttir  
Rannveig Einarsdóttir  
Nanna Gísladóttir Wium  
barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð  
og hlýhug vegna andláts og útfarar  
föður okkar, tengdafaður,  
afa og langafa,

**Bergsveins Þórðar Árnasonar**  
húsmiðameistara,  
Iðnbúð 4,  
Garðabæ.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heru líknarþjónustu,  
Líknardeildar í Kópavogi, Víflsstaðaspítala og starfsfólks  
Hrafnistu, Boðáþingi, fyrir hlýhug og góða þjónustu.

**Auðbjörg Bergsveinsdóttir** Jón Baldur Þorbjörnsson  
Friðrik Már Bergsveinsson Júlíana Sóley Gunnarsdóttir  
Berglind Bergsveinsdóttir Guðjón Grétar Engilbertsson  
Árni Örn Bergsveinsson Sólrún Axelsdóttir  
afa- og langafabörn.



Ástkær eiginkona og  
besti vinur minn, móðir,  
tengdamóðir, amma og langamma,  
**Jóhanna Hólmfríður Óskarsdóttir**

Sunnubraut 7, Þorlákshöfn,

lést á Landspítalanum, Fossvogi,  
laugardaginn 29. maí. Útförin fer fram frá Þorlákshöfn  
fimmtudaginn 10. júní kl. 14.

Streymt verður á <http://streymi.syrland.is>  
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja  
minnst hennar er bent á Lúðrasveit Þorlákshafnar  
kt. 460893-2409 reikn. 0150-05-60205.

Kári Böðvarsson

Óskar Ingi Böðvarsson  
Tómas Þór Kárasón  
Anna Margrét Káradóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

Kristrún Hafliðadóttir  
Rúri Eggertsdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,  
**Hafðís Vignir**

hárgreiðslumeistari,  
Sléttuvegi 25,  
Reykjavík,

andaðist á Hrafnistu, Sléttuvegi,  
fimmtudaginn 27. maí sl. Útför hennar verður gerð frá  
Bústaðakirkju þriðjudaginn 8. júní kl. 13.00. Þeim sem vilja  
minnst hennar er bent á að láta Blindrafélagið njóta þess.

Reynir Vignir  
Anna Ragnheiður Vignir  
Hildur Elín Vignir  
Sigurhans Vignir  
barnabörn og langömmubörn.

Þóra Sjófn Guðmundsdóttir  
Pétur Stefánsson  
Einar Rúnar Guðmundsson  
Margrét Gunnlaugsdóttir



Elsku maðurinn minn,  
bróðir, mágur og frændi,  
**Finnur Bárðarson**  
iðjuþjálfur,

lést á líknardeild Landspítalans 23. maí.  
Útför hans fer fram frá Hallgrímskirkju,  
fimmtudaginn 10. júní klukkan 15.

Íréne Jensen

Leifur Bárðarson  
Margrét María Leifsdóttir  
Inga María Leifsdóttir

Vilborg Ingólfssdóttir  
Guðmundur Pálsson  
Kristbjörn Helgason  
og börn þeirra.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir  
okkar, tengdafaðir og afi,  
**Óskar Þór Óskarsson**  
gröfumadur,  
Tröðum,

lést mánudaginn 31. maí.  
Útförin fer fram föstudaginn 11. júní  
klukkan 14 í Borgarnes kirkju. Athöfninni verður streymt á  
<https://youtu.be/VMPIQLGuD3M>  
Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug.

Sigurbjörg Helgadóttir  
Katrín Helga Óskarsdóttir  
Fanneý Svala Óskarsdóttir  
Arnþór Valgarðsson  
Snorri Elmarsson  
og barnabörn.

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**  
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNISLA

Símar allan sólarhringinn:  
**581 3300 & 896 8242**

Komum heim til aðstandenda og  
ræðum skipulag útfarar ef óskað er

Sverrir Einarsson Jóhanna Eiríksdóttir  
www.utfarin.is

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**  
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

*Mergætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar*

**ÚTFARARSTOFA**  
**UTR**  
REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík  
Sími 553 5353 og 821 5353  
www.usr.is  
isleifur@usr.is

Ísleifur Jónsson Steinunn Magnúsdóttir  
Útfararstjóri Útfararþjónusta  
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441 Þjónusta allan sólarhringinn

**ÚTFARARSTOFA**  
KIRKJUGARÐANNA

**Útfararþjónusta**  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is  
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

30%  
afsláttur

Planet Buddies  
krakkavörur

15%  
afsláttur



Apple TV 4K



iPhone 12 mini

10%  
afsláttur



Samsung Galaxy S21


Galaxy  
Buds Pro  
fylgja

# Kauphlaup í verslunum og á vef

Kauptu og hlauptu í næstu  
verslun eða á [vodafone.is](https://vodafone.is)

Tilboðin gilda frá 3. - 7. júní og á meðan birgðir endast.

 **vodafone**



**LAUSNARORÐ** Vísbending f. lausnarorð: Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist starfsheiti (12). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 10. júní næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „4. júní“.



## Sudoku

7								3
		6			9	2		
1		8						9
	2	9		1		7	3	
3			7		6		9	
5	6			3		1		4
		1		5				7
	8		3	4				
6			2			8		

						3		
2				5	6			1
3			7					8
7		2			4			5
9			3	7				
			9			4	6	
		3			8	5		
4			1			6		
		9			2			8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson


### Opni flokkurinn náði bestum árangri

Þó að faraldursástand hafi ríkt í heiminum vildi Norðurlandasambandið í bridge halda Norðurlandamót. Haldið var um síðustu helgi „Nordic Online Teams“ á netforritinu RealBridge. Þar var spilað í sex flokkum og Ísland var með í fjórum þeirra. Landið tók þátt í Opna flokknum, Kvennaflokknum, Seniora flokknum (eldri spilarar) og Mixed flokknum (pör í sveitum eru karl og kona). Opna flokknum gekk best Íslendinga á mótinu. Eftir frekar vonda byrjun, náði liðið „vopnum sínum“ og endaði í öðru sæti, á eftir landsliði Svía, sem virtist vera í sérflokk og endaði í efsta sæti næsta örugglega. Landslið Íslendinga í Opnum flokki var skipað Sveini Rúnari Eiríkssyni-Guðmundi Snorrasyni, Júlíusi Sigurjónssyni-Snorra Karlssyni og Hrannari Erlingssyni-Sverri Kristinssyni. Landslið Íslands græddi vel á þessu spili í mótinu í leik sínum við Finnland. Norður var gjafari og AV á hættu:

<b>Norður</b> G109654 - D106 KD107	<b>Vestur</b> ♠ ÁK873 ♥ KD7 ♦ ÁK ♣ 643	<b>Austur</b> - ♥ Á654 ♦ G432 ♣ ÁG982	<b>Suður</b> ♠ D2 ♥ G109832 ♦ 9875 ♣ 5
--	--	---	--

Á öðru borðanna ákvað Finninn í norður að vekja á þremur spöðum. Sverrir, sem sat í austur, doblaði til úttekta. Hrannar sat í þeim samningi og eftir tígulútspil voru ÁK teknir í spaða og ráðist á laufið. Sagnhafi fór þrjá niður og 500 í dálk Íslendinga. Á hinu borðinu opnaði Sveinn Rúnar á „multisögninni“ tveimur tígulum í norður (oftast veikt með annan hvorn hálitanna). Finnarnir fetuðu sig í metnaðarfull sex lauf í AV sem Sveinn Rúnar doblaði. Breytt var í sex grönd, sem varð lokasamningurinn. Þó laufið gæfi fjóra slagi, voru ekki nema 11 slagir í boði í þessum samningi (2 á spaða, 3 á hjarta, 2 á tígul og 4 á lauf).

## Lausnarorð síðustu viku var TUNGUMÁLÁNÁM



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

- Fögur eru fjallavötn/frómir syngja glaðir (11)
- Norrænir menn sækja á sinni þeirra, enda æstar í þá (10)
- Hekk og kjarr eru kjarni þessa kveðskapar (9)
- Ætlun mín er að hér rúmist skotfengur og bunki af bitum (12)
- Hafði gagn af tókum tudda (9)
- Það er álit kvenna, að það að vera kona sé þeim eiginlegt (9)
- Sendu mér nótu ástin mín, og ég finn góðan söngvara (9)
- Skemmtilegast er að vinna vini sína (4)
- Set bil framan við fyrsta orðið, sem er Utantöf (8)
- Illu þokkuð einsog guð/illa meðal þokkaðra (8)
- Kalla í viðkvæma vegna kuldatiðar (5)
- Má kalla hesta sem taka tölt og skeið venjulega? (7)
- Var þá ráðist að frjálsum og heilbrigðum mönnum (10)
- Mig grunar að þær hafi verið í ruglinu sem börn (5)
- Burt fer sá er þjáist, já, hverfur hægt og hljótt (7)
- Minumst muna í kvæðunum þeim (8)
- Geta lasin hjú lifað ef engin er nýgræðingurinn? (5)
- Hitti flón með viðeigandi vagn í eftirdragi (9)
- Tel tröllvaxna þurfa meira en mikla (9)
- Fyrir hádegi í Ameríku læt ég af máttleysislegu dundinu (6)
- Látum þína frásögn af úrlausnarefnum nægja okkur (7)
- Þverhausar láta sig dreyma um grænmetislóð (9)
- Mæli stórmenni í staðaleiningum (6)
- Ger greinarmun á höggum og spilamennsku (7)
- Þar sem er reykur logar glóð sem enginn kaupir (7)
- Lögðum upp frá geymslum (5)
- Feður mæðra eru finir – já, hreint frábærir! (9)

### LÓÐRÉTT

- Klofinn ormur meðal

- manni á miðri leið (9)
- Fagurs blóma fanga angan/fjallaljöss með nefi mínu (9)
- Sagan af sundblöðkunum og undanskurði vefsins (9)
- En sú heppni að þær voru bæði stuttar og óheppnar (9)
- Hópur verður að hyski ef bókunarvara býðst (8)
- Leysa ber karla sem fastir eru í stjórnumarstöðum (8)
- Þessi bangsi kostar á við druslu frá Dior (8)
- Lindarblettur hentar vel fyrir fund yfirmanna (8)
- Nota sjómaðk, einkum slimbendil, í nefslöngu (7)
- Himinræma markar efstu mörk þessarar kúnstar (9)
- Saga um frænnda minn, Valda venenista (9)
- Borgarstjóra bið við Hlemm/bráðum sólin kveður (7)
- Sonur minn byrjaði snemma að suða sem Sog (7)
- Þessi tittur veltir sér uppúr forinni í leit að klinkinu (8)
- Sól skein um veröld víða er Dísá endurheimti vængina (9)
- Ekki er kyn þótt karl sé litill, því hann á fáa að (7)
- Draga dreng í at og rugl (7)
- Albanskar netsíður eru eins í öllum atriðum (7)
- Fljót að sjá að hængur er á, því nú er hallæri (7)
- Stöðva átök í göturæsi í fyrstu tilraun (7)
- Straumarnir flæða sömu leið í sama takti (7)
- Gulltönn fyrir móðurlíf? Þessi vísbending er sauðum sæmandi (7)
- Engum bundin, efnuð vel og engri lík! (7)
- Menn hafa fengið verri viðurnefni en Þormóður Haraldsson (5)
- Bolli 501 er handa Goethe (6)
- Flytja kvæði á feikna-hraða (6)
- Taka hvíld á grasbletti fram að næsta lukkuleik (6)
- Við geltum ekki að fólki í neyð (6)
- Næ í bjórinn Bola fyrir næsta svall (4)
- Sé fisk gleypta drykk en finn ekki að því (4)

### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Í landi annarra eftir Leila Slimani** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Reynir Axelsson, Mosfellsbæ**.





# Bjartara bros í sumar!

með **SAWE**  
tannhvíttunnarvörum

Sawe.is

Laugavegur 39



Nú getur þú farið í bað  
hvar og hvendær sem er!



[www.ako.is](http://www.ako.is)

Símanúmer: 768 0979

**AKO**


## Bílamerkingar

Vel merktur bíll er besta auglýsingin.  
Tökum að okkur allt frá litlum merkingum  
að heilpökkuðum bílum.



Xprent ehf. | Sundaborg 3 | 104 Reykjavík | 777 2700 | xprent@xprent.is

## Veðurspá Laugardagur



Í dag verða suðaustan 8-15 m/s á landinu sunnanverðu með snarpri vindi við fjöll. Sums staðar hvassara á hálandinu. Norðanlands verður vindur mun hægari. Yfirleitt léttskýjað norðanlands og austan en rigning með köflum sunnan og vestan til. Hiti 8-20 stig, hlýjast til landsins á Norðausturlandi. ■

Sunnudagur Mánudagur

### Reykjavík



### Ísafjörður



### Akureyri



### Egilsstaðir



### Kirkjubæjarklaustur



## Sjómanna dagurinn og veðrið



Sigurður Þ. Ragnarsson  
vedur  
@frettabladid.is

Sjómanna dagurinn, sem er á morgun, sunnudag, var fyrst haldinn hátíðlegur þann 6. júní árið 1938 í Reykjavík og á Ísafirði. Hann er venjulega haldinn fyrsta sunnudag í júní. Vegna Covid-19 verða hátíðir í sjávarplássum landsins víða með óhefðbundnu sniði enda þótt víða verði boðið upp á einhverja viðburði. Árið

1987 var dagurinn lögskipaður frídagur sjómanna.

Veðrið skiptir ávallt máli þegar boðið er upp á dagskrá utanhúss. Þennan sjómanna dag verður veðrið best á norðan og norðaustanverðu landinu, þar sem búast má við þurru og víða björtu veðri með ágætis hita eða allt að 20 stigum. Það er hins vegar að sjá að vindhraði aukist ört af suðaustri austan Eyjafjarðar og geti orðið þar 8-13 m/s á láglendi sem sumir kalla hifandi rok. Á Austurlandi verður að líkindum ekki alveg eins bjart veður og nyrðra.

Á suðurhellingi landsins er hætt við rigningu af og til með strekkingsvindi af suðaustri. Hitinn þar verður allt að 13-14 stig.

## Pondus



## Gelgjan



## Barnalán



## KOMIN Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ SMÁRA BÍÓ

HÁSKÓLA BÍÓ SAMBÍÓN EGILSHÖLL

ALFABAKKI SAMBÍÓN BORGAR BÍÓ AKUREYRI SAMBÍÓN



Straumlinu-  
lagað yfirborð  
bílsins skilar sér  
í loftmótstöðu  
sem er aðeins  
0,24Cd.

## BMW i4 frumsýndur með 590 km drægi

BMW-bílaframleiðandinn hefur frumsýnt i4 rafbílinn sem er bíll svipaður 3-línunni í stærð og á að keppa við hinn vinsæla Tesla 3.

njall@frettabladid.is

BMW i4 notar sama CLAR undirvagn og 3-línan og reyndar fleiri bílar BMW. Hann er 4.785 mm langur og er með 470 lítra skotti. Rafhláðan er þunn og undir gólfi bílsins en samt er hún 81 kWst. Tvær gerðir eru í boði til að byrja með, annars vegar eDrive40 með afturdrifi og M50 með fjórhjóladrifi. BMW eDrive 40 er sagður 335 hestöfl, er 5,7 sekúndur í hundraðið og hámarkshraðinn er 190 km á klst. Það sem skiptir þó mestu máli er að drægið er 590 kílómetrar að sögn BMW. BMW M50 er hins vegar hvorki meira né minna en 537 hestöfl svo að viðbragðið í hundrað km á klst. er aðeins 3,9 sekúndur. Hámarkshraðinn er líka



Bíllinn kemur í tveimur útgáfum, eDrive40 sem er 335 hestöfl og 5,7 sekúndur í hundraðið og svo M50 með fjórhjóladrifi sem er 537 hestöfl og aðeins 3,9 sekúndur í 100 km á klst.

meiri, eða 225 km á klst. Drægi hans er aðeins minna, eða 510 km. Hægt er að hlaða báða bílana á 200 kW hleðslustöð svo að hleðsla í 80% tekur aðeins hálf tíma.

BMW hefur látið að því liggja að von sé á fleiri útgáfum, jafnvel með



Farangursrými er 470 lítrar og hægt að stækka enn meira með því að leggja niður aftursæti.

minni rafhlöðu og á betra verði þar af leiðandi. Loftfjöðrun er staðalbúnaður á báðum bílunum en hægt er að fá M50 með stillanlegum dempurum. Svokölluð spyrnstýring er hluti af búnaði bílsins sem og skrikstilling (Drift Control). Athygli

vekur að loftmótstaða bílsins er aðeins 0,24Cd sem hefur áhrif á gott drægi bílsins. Innréttingin er búin hinu nýja iDrive kerfi sem er 12,3 tommu skjár í mælaborði ásamt 14,9 tommu upplýsingaskjá sem er snertiskjár, þótt enn sé boðið upp á

skrunatakann áfram. Kerfið er einnig raddstýrt á mörgum tungumálum. Að sögn Guðmundar Inga Gústavssonar, sölustjóra BMW hjá BL, er bíllinn væntanlegur til landsins í febrúar á næsta ári en verð á honum liggur ekki fyrir enn þá. ■



Bogadregið mælaborð er búið tveimur skjáum og er upplýsingaskjárn 14,9 tommur að stærð.



Sýningin er haldin í Palexpo-höllinni sem nú á réttinn að henni að fullu.

## Genf-bílasýningin verður haldin 2022

njall@frettabladid.is

Bílasýningin í Genf er ein sú stærsta í Evrópu en vegna áhrifa Covid-heimsfaraldursins hefur hún ekki verið haldin í tvö ár. Hún mun snúa aftur á dagatalið á næsta ári en búið er að ákveða að sýningin verði haldin 19.–27. febrúar 2022.

Sýningin verður sú 91. í röðinni og vel þarf að takast til svo að hún skili aurum í kassann. Mikil tap var vegna áætlaðrar sýningar í ár sem þurfti að aflýsa en tapið á þessu ári nam um 1,6 milljörðum króna. Reyndu aðstandendur sýningarinnar að fá lán hjá svissnesku ríkisstjórninni sem þeir og fengu, en vegna óhagstæðra lánakjara var því hafnað. Meðal skilyrða sem svissneska ríkisstjórnin setti var að sýningin yrði haldin í haust, en bílaframleiðendur töldu það of stuttan tíma til að jafna



Sýningin mun snúa aftur á dagatalið á næsta ári en búið er að ákveða að hún verði haldin dagana 19.–27. febrúar 2022.

síg á áhrifum heimsfaraldursins og töldu sýningu á næsta ári betri kost. Sýningin er stærsti viðburðurinn á hverju ári í Sviss, en áætlaðar tekjur vegna hennar á landsgrundvelli eru um 30 milljarðar ár hvert. ■



Hið svokallaða tígursnef á framenda bílsins er með meira áberandi grilli en áður hefur sést.

## Fyrstu myndir af nýjum Kia Sportage

Fimmta kynslóð Kia Sportage jepplingsins verður frumsýnd í júlí en framleiðandinn hefur birt fyrstu opinberu myndirnar af nýja bílnum, sem er sérstaklega fyrir Evrópumarkað.

njall@frettabladid.is

Eins og sjá má verður töluverð breyting á bílnum, jafnt að utan sem innan. Að framan er stórt grill og C-laga dagljós mest áberandi, en að aftan mætir axlarlínun ljósunum sem renna saman í eina heild með díóðuljósarönd. Vélbúnaðurinn verður að mestu leyti sá sami og í nýjum Hyundai Tucson svo að hægt verður að fá bílinn bæði fram- og fjórhjóladrifinn. Bæði bensín- og dísilvélur verða í boði með 48 volta tvinnbúnaði. Önnur tvinnútgáfa með 1,6 lítra



bensínvél og 59 hestafla rafmótor skilar samtals 227 hestöflum og 350 Nm tugi, en sú útgáfa mun geta ekið stuttar vegalengdir á rafmagninu einu saman. Loks verður tengiltvinnútgáfa í boði með rúmlega 50 km drægi á rafhlöðu.

Mun meiri tækni verður í boði í nýjum Kia Sportage, en meðal þess verður sjálfstýribúnaður sem getur séð um að auka hraða, bremsa og halda bílnum innan akreinar í

ákveðinn tíma. Í fyrsta skipti verður stillanleg fjöðrun í boði svo hægt verður að velja um nokkrar akstursstillingar. Loks fær innréttingin alveg nýjan blæ með bogadregnum skjá sem nær yfir hálf mælaborðið. Mun hann innihalda bæði upplýsingaskjá og skjáinn fyrir mælaborðið. Hérlandis má búast við að bíllinn keppi helst við Volkswagen Tiguan, Peugeot 3008 og að sjálf-sögðu Toyota RAV4. ■

Innréttingin er alveg ný með stórum, bogadregnum litaskjá með háskerpu.

## Baráttuandi og bersögul frásögn

Róska – Áhrif og andagift, er sýning sem verður opnuð í dag, laugardaginn 5. júní, í Listasafni Árnesinga. Fjölbreytt flóra verka er á sýningunni, eftir listakonuna Rósku. Nokkur verkanna hafa ekki verið sýnd áður. Sýningarstjóri er Ástríður Magnúsdóttir.



**Kolbrún Bergþórsdóttir**  
kolbrunb  
@frettabladid.is

„Ég lagði upp með það að velja verk sem mynda ákveðna sögu og samhengi og töludu um leið til mín. Ég veit að þau munu tala til fleiri því verk Rósku rata mjög auðveldlega til fólks. Ég er fullviss um að á þessari sýningu mun verða spennandi samtal milli verka Rósku og sýningargesta,“ segir Ástríður.

Ástríður er einlægur aðdáandi Rósku. „Verk hennar höfðu mikil áhrif á mig þegar ég kynntist þeim fyrst. Það er svo mikil gjöf þegar verk hafa þau áhrif á einstaklinga að þeir nánast finna fyrir listamanninum sjálfum, í þessu tilfalli Rósku. Það sem heillar mig mest við verk hennar er heidarleikinn og það hvernig hún sameinar baráttuanda og bersögla frásögn. Hún gengur mjög nærri sjálfri sér í verkum sínum og maður finnur bæði fyrir hennar persónulegu sögu og tíðarandanum.“

Hún gengur mjög nærri sjálfri sér í verkum sínum, segir Ástríður Magnúsdóttir sýningarstjóri.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
SIGTRYGGUR ARI



### Algjörlega óhrædd

Ragnhildur Óskarsdóttir, alltaf kölluð Róska, var afar fjölbreytt listamaður: málari, teiknari, ljósmyndari, grafiker, leikstjóri og kvikmyndagerðarkona. „Hún var afar hæfileikarík, vann í marga miðla og steig skref sem aðrar konur þorðu ekki í karllægu samfélagi myndlistar á seinni hluta síðustu aldar. Hún lét í sér heyra, hneykslaði, ögraði og heillaði,“ segir Ástríður. „Hún var undir miklum áhrifum frá evrópskri framúr stefnu og japanskra áhrifa gætir einnig í list hennar. Hún var pólitísk baráttukona sem vísaði íðulega í tilgangssleysi og hörmungarstríðs, eða stöðu kvenna eða minnihlutahópa. Baráttuandinn var alltaf ríkjandi og hún var algjörlega óhrædd.“

Verkin á sýningunni eru afar fjölbreytileg. Þar eru málverk, teikningar, ljósmyndir, baráttuplaköt og silkiprykk, klippimyndir, skissur og síðasti gjörningurinn sem Róska gerði í Nýlistasafninu árið 1996, tíu dögum fyrir andlát sitt, er sýndur í túbúsjónvarpi, ásamt málverki sem hún málaði í þeim gjörningi og kallast Rok í Reykjavík. Það er að öllum líkindum síðasta málverkið sem hún málaði. Elsta verkið á sýningunni



Verk Rósku, Timinn og ég, frá árinu 1967.

”

Hún var afar hæfileikarík, vann í marga miðla og steig skref sem aðrar konur þorðu ekki í karllægu samfélagi myndlistar á seinni hluta síðustu aldar.

er frá árinu 1958, en þá var Róska aðeins 18 ára gömul.

Þann 19. júní verður Ástríður með leiðsögn um sýninguna. Sýningin stendur til 29. ágúst. Nánari upplýsingar um sýningarnar, leiðsagnir og viðburði er að finna á heimasíðu safnsins.

### Hugarheimur kvenna

Sýningin á verkum Rósku er ekki eina sýningin sem verður opnuð í Listasafni Árnesinga í dag. Þrjár



Afturhald, kúgun, morð frá árinu 1969.

aðrar sýningar verða opnaðar á sama tíma. Þær eru Ídustreymi, þar sem Gjörningaklúbburinn, Katrín Elvarsdóttir, Kristín Gunnlaugsdóttir, Sara Björnsdóttir og Elísabet Jökulsdóttir skapa áhugavert mengi. Yfirtaka er þátttökugjörningur og vídeoverk Önnu Kolfinnu Kuran. Sýningarstjóri er Kristín Scheving.

„Róska var okkur Kristínu ofarlega í huga við val á listamönnum á samsýninguna Ídustreymi og verk

þeirra rima við hugar- og sköpunarheim hennar. Róska vann mikið með konuna sem viðfangsefni. Rauðar varir eru áberandi í mörgum verka hennar og þar er sömuleiðis angist og þjáning, en einnig mikill kraftur. Hugarheimur kvenna og kvenorka eru áberandi snertifletir milli þessara þriggja sýninga,“ segir Ástríður. Hvítur, pop-up sýning Leirlistafélags Íslands vegna 40 ára afmælis þess, verður einnig opnuð sama dag og stendur til 27. júní. ■

# SPENNAN MAGNAST

AÐEINS

3.990 kr./mán

stod2.is

# GOÐSÖGNIN ER MÆTT RAFMÖGNUM KOMIÐ OG REYNSLUAKIÐ



**JEEP WRANGLER RUBICON 4XE PLUG-IN-HYBRID ALVÖRU JEPPI MEÐ ALVÖRU  
FJÓRHJÓLADRIFI Á VERÐI SEM Á SÉR ENGAN SAMANBURÐ OG NÚ 374HÖ/637NM**

**NÝR WRANGLER RUBICON 4xe PLUG-IN-HYBRID**

**VERÐ FRÁ KR. 9.490.000**

**LAUNCH EDITION KR. 10.490.000**

**35"-40" ÍSBAND BREYTINGAPAKKAR Í BOÐI FRÁ KR. 300.000**

**EIGUM TIL AFHENDINGAR STRAX JEEP COMPASS LIMITED,  
RENEGADE TRAILHAWK, GRAND CHEROKEE OG RAM PALLBÍLA.**



**JEEP COMPASS PLUG-IN HYBRID  
VERÐ FRÁ 5.999.000 KR.**



**JEEP RENEGADE PLUG-IN HYBRID  
VERÐ 5.499.000 KR.**



**JEEP GRAND CHEROKEE  
VERÐ FRÁ 11.690.000 KR.**



**RAM 3500  
VERÐ FRÁ 7.627.358 KR. ÁN VSK.  
9.457.923 KR. M/VSK.**

**40" BREYTTUR**

# Stjúpu tilboð



21%

Stjúpur 10 stk.

**1.799** kr

2.290 kr



Blönduð sumarblóm í potti



Blómakonfekt  
21 cm hengipottur.  
10211239

**3.990** kr

Blönduð sumarblóm í potti



20%

Risa blómakonfekt  
30 cm pottur.

**7.990** kr

9.990 kr



Garðaburknar  
Gullburkni eða stóriburkni.

**1.990** kr/stk.



Útipottar  
Mikið úrval.

Verð frá:

**1.890** kr

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavæxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



20%

Sláttuvél Razor 4610  
Bensínmótor 139cc/2,3kW, sláttu-  
breidd 46 cm, 65 ltr., safnari. 5085301

**39.995** kr

49.995 kr



25%

claber

Slönguhjól

Tekur 60 m  
af 1/2" slöngu.  
5081658

**4.345** kr

5.795 kr



40%

FERRO

Eldhústæki

Ferro Zumba, svart. 7810100

**9.990** kr

16.795 kr



Sparaðu  
**15.000** kr

AEG

Þvottavél

1400 sn.

8 kg, 1400

snúninga,

með kola-

lausum

mótor.

1860502

**79.990** kr

94.990 kr



TEXAS

BLACK+DECKER

**20%**  
afsláttur

Black og Decker  
og Texas sláttuvélar



FISKARS

**20%**  
afsláttur

Fiskars garðvörur



Nilfisk

**20%**  
afsláttur

Nilfisk háþrýstidælur



JOTUN  
Trebitt  
pallaólía  
3ja ára ending

JOTUN

**20%**  
afsláttur

Pallaólía, viðarvörn og  
hreinsiefni



blómaval HÚSASMIÐJAN

# FYRIR ÞIG

# Sumartilboð

Við erum tilbúin fyrir grillsumarið

20%

OUTBACK



**Gasgrill Magnum 3B**  
Grillflötur: 64x42 cm, með neistakveikju, ryðfrír hlífar. 3000227

**69.990 kr**  
~~87.490 kr~~

OUTBACK



**Gasgrill Graphite 3b**  
Grillflötur: 56x38 cm, með þremur ryðfríum brennurum, hliðarhellu. 3000390

**39.990 kr**

weber



**Gasgrill Q2200**  
Grillflötur: 39 x 54 cm, ryðfrír brennari, rafstýrður kveikjurofi. 3000378

**58.990 kr**

weber



**Gasgrill Q3200**  
Grillflötur: 63x45 cm, grillgrindur, brennari: 6,35 kW/h-21.700 BTU. 3000403

**84.990 kr**  
~~89.990 kr~~

Nýtt

14,21 kW

NEXGRILL



**Gasgrill Classic 4B**  
Fjögurra brennara, með hliðarbrennara, breidd grills: 118,2 cm. 3002020

**79.990 kr**

Nýtt

20,51 kW

NEXGRILL



**Gasgrill Gourmet 5B**  
5 brennara grill + 1 hliðarbrennari, grillgrindur, stærð: 68,3 x 43,7 cm, breidd: 117 cm. 3002030

**109.990 kr**

Nýtt

20,36 kW

NEXGRILL



**Gasgrill DeLuxe 4B**  
Grillflötur: 68,08 x 43,82 cm, 4 brennara, einn hliðarbrennari, grillgrindur. 3002021

**119.990 kr**

Broil King



**Gasgrill GEM 310**  
Þrjú brennara, grillflötur 52x33 cm, grillgrind í steypujárni, hliðarborð. 3000613

**49.990 kr**



## Laugardagur

## Hringbraut

- 18.30 Sir Arnar Gauti** Lífstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitinga-húsameningu, arkitektúr og margt fleira.
- 19.00 Heima er bezt** Heima er bezt er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
- 19.30 Á Meistaravöllum** Gamlir og nýir KR-ingar láta gamminn geisa um félagið sitt.
- 20.00 Saga og samfélag** Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni liðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

## RÚV Sjónvarp

- 07.15 KrakkaRÚV**  
**07.16 Rán - Rún**  
**07.21 Poppý kisukló**  
**07.32 Lundaklettur**  
**07.39 Tölukubbar**  
**07.44 Eðlukrúttin**  
**07.55 Bubbi byggir**  
**08.06 Millý spyr**  
**08.13 Unnar og vinur**  
**08.35 Stuðboltarnir**  
**08.46 Hvolpasveitin**  
**09.09 Grettir**  
**09.21 Söguspilið**  
**09.45 Hvað getum við gert?**  
**09.55 Þeirra Ísland**  
**10.20 Smáborgarasýn Frimanns**  
**10.35 Undur veraldar**  
**11.30 Kappsmál**  
**12.20 Landinn**  
**12.50 Afmælistónleikar Magnúsar Eiríkssonar**  
**14.05 Kvinnahlaupið í 30 ár**  
**14.45 Rúnturinn**  
**16.05 99% norsk**  
**16.35 Auðhyggjan alltumlykjandi - Vinna**  
**17.20 Kæra dagbók**  
**17.50 Táknálsfréttir**  
**18.00 KrakkaRÚV**  
**18.01 Fótboltastrákurinn Jamie**  
**18.29 Herra Bean**  
**18.40 Rammvillt**  
**18.45 Landakort**  
**18.54 Lottó**  
**19.00 Fréttir**  
**19.25 Íþróttir**  
**19.35 Veður**  
**19.45 Sögur, verðlaunahátið barnanna** Bein útsending frá skemmtilegustu verðlaunahátið landsins í Norðurljósa-sal Hörpu, þar sem við verðlaunum það sem vel var gert í barnameningu á Íslandi síðan á seinustu Söguhátið. Sögur verða í forgrunni enda eru þær allt í kringum okkur. Þær eru í tónlistinni sem við hlustum á, settar á svið á leiksviðum landsins, þær eru til sýninga í kvikmyndahúsum og í sjónvarpinu og að sjálfsögðu í bókunum okkar.  
**20.55 Hvernig veistu?**  
**22.55 Men in Black II**  
**00.20 Dagskrárlök**

## Stöð 2 Golf

- 09.45 Tvöfaldur skolli**  
**10.20 Tvöfaldur skolli**  
**10.50 PGA Tour Profiles**  
**11.05 PGA Special: Nicklaus: Re-Designing Muirfield Village Golf Club**  
**11.35 PGA Special: One Shot Away 2021**  
**12.00 European Tour 2021**  
**16.00 PGA Tour 2021**  
**21.00 US Women's Open 2021**

## Sjónvarp Símans

- 06.00 Síminn + Spotify**  
**11.15 The Block**  
**12.20 Amazing Hotels: Life Beyond the Lobby**  
**13.20 Gudjohnsen**  
**14.00 Lambið og miðin**  
**14.30 Líf kviknar**  
**15.00 Dr. Phil**  
**15.00 Trúnó**  
**15.30 Kokkafلاك**  
**16.00 Meikar ekki sens**  
**16.50 The King of Queens**  
**17.10 Everybody Loves Raymond**  
**17.35 Lífur lengur**  
**18.05 Með Loga**  
**19.05 The Block**  
**20.10 Gambit**  
**21.40 Mr. Right** Kvikmynd frá 2016 með Anna Kendrick í aðalhlutverki. Eftir að hafa gengið í gegnum sáran skilnað, þá hittir Martha mann sem virðist vera sá eini rétti. En eftir því sem sambandið þróast, þá kemst hún smám saman að því að draumaprinsinn er fyrrum leigumorðingi. Það reynir á sambandið þegar þau reyna að bjarga hvort öðru eftir að fortíð hans fer að valda miklum vandræðum, og gamlir óvinir enda með að ræna Mörthu.  
**23.15 One for the Money**  
**00.45 Sex and the City**  
**03.05 Síminn + Spotify**

## RÚV Rás eitt

- 06.55 Morgunbæn og orð dagsins**  
**07.00 Fréttir**  
**07.03 Vinill vikunnar**  
**08.00 Morgunfréttir**  
**08.05 Tímar í vindi**  
**09.00 Fréttir**  
**09.03 Á reki með KK**  
**10.00 Fréttir**  
**10.05 Veðurfreginir**  
**10.15 Fólkið í garðinum**  
**10.50 Veðurfreginir**  
**11.00 Fréttir**  
**11.03 Vikulokin**  
**12.00 Hádegisútvarp**  
**12.20 Hádegisfréttir**  
**12.45 Heimskviður**  
**13.15 Gestaboð**  
**14.05 Allir deyrja**  
**15.00 Flakk**  
**16.00 Síðdegisfréttir**  
**16.05 Orð um bækur**  
**17.00 Þar sem orðunum sleppir**  
**18.00 Kvöldfréttir**  
**18.10 Í ljósi sögunnar**  
**18.50 Veðurfreginir**  
**18.53 Dánarfreginir**  
**19.00 Sveifludansar**  
**20.45 Úr gullkistunni**  
**21.15 Bók vikunnar**  
**22.00 Fréttir**  
**22.05 Veðurfreginir**  
**22.10 Litla flugan**  
**23.00 Vikulokin**  
**00.00 Fréttir**  
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## Stöð 2 Bíó

- 11.25 Hop**  
**12.55 How To Be Single**  
**14.40 Meet My Valentine**  
**16.10 Hop**  
**17.40 How To Be Single**  
**19.30 Meet My Valentine**  
**21.00 The Mustang**  
**22.35 Sherlock Holmes**  
**00.40 Peppermint**  
**02.15 The Mustang**

## Stöð 2

- 08.00 Laugardagssögur**  
**08.01 Sögur af svöngum björnum**  
**08.05 Örstutt ævintýri**  
**08.10 Ég er kynlegt kvikyndi**  
**08.12 Örstutt ævintýri**  
**08.15 Greinda Brenda**  
**08.17 Börn sem bjarga heiminum**  
**08.20 Vanda og geimveran**  
**08.30 Monsunar**  
**08.40 Ella Bella Bingó**  
**08.45 Blíða og Blær**  
**09.10 Leikfélag Esóps**  
**09.20 Vikingurinn Viggó**  
**09.30 Latibær**  
**09.45 Dagur Diðrik**  
**10.05 Mia og ég**  
**10.30 Mörgæsirnar frá Madagaskar**  
**10.50 Angelo ræður**  
**11.00 Denver síðasta risaeðlan**  
**11.10 Angry Birds Stella**  
**11.15 Hunter Street**  
**11.40 Friends**  
**12.05 Bold and the Beautiful**  
**12.25 Bold and the Beautiful**  
**12.45 Bold and the Beautiful**  
**13.05 Bold and the Beautiful**  
**13.30 Bold and the Beautiful**  
**13.50 The Great British Bake Off**  
**14.50 Golfarinn**  
**15.20 The Titan Games**  
**16.40 GYM**  
**17.05 The Greatest Dancer**  
**18.26 Veður**  
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**  
**18.40 Sportpakkin**  
**18.53 Lottó**  
**18.55 Impractical Jokers**  
**19.20 Grísirnar þrjár (Unstable Fables)**  
**20.35 The Way Back** Jack Cunningham var stjórnuleikmaður í körfubolta í menntaskóla og hafði alla möguleika á að komast langt. Í staðinn kastaði hann framtiðinni á glæ fyrir flöskuna og önnur fíknilyf. Mörgum árum síðar fær hann boð um að gerast þjálfari hjá gamla skólanum sínum sem hann þiggur með semingi. Þegar liðinu fer að ganga vel kemur það öllum á óvart og Jack fær lokatækifærið til að koma lífi sínu á réttan kjól.  
**22.25 Zombieland: Double Tap**  
**00.00 Terminator: Dark Fate**  
**02.05 The Great British Bake Off**  
**03.00 The Titan Games**  
**04.25 The Greatest Dancer**

## Stöð 2 Sport

- 08.50 Seinni bylgjan - Karla**  
**09.50 Dominos Körfuboltakvöld**  
**10.20 Stjarnan - Þór Þ.**  
**12.00 Kristín Sif Björgvinsdóttir**  
**12.25 Valur - Haukar**  
**14.05 Alfreð Gíslason**  
**15.10 Selfoss - Stjarnan**  
**16.35 KR - Keflavík**  
**18.15 Valur - KA**  
**19.45 Dominos Körfuboltakvöld kvenna - Opphitun**  
**20.10 Haukar - Valur**  
**22.00 Dominos Körfuboltakvöld kvenna**  
**22.30 Topp 5**  
**22.45 Selfoss - Stjarnan**

## Stöð 2 Sport 2

- 08.25 England - Austurríki**  
**10.05 Valencia - Baskonia**  
**11.40 Kristianstads DFF - FC Rosengård**  
**13.20 Liverpool - AC Milan**  
**16.20 Barca - Badalona**  
**18.35 Svíþjóð - Armenía**  
**20.40 Spánn - Portúgal**  
**22.20 Fréttaráttur Meistaradeildarinnar 2020/2021**  
**22.45 Valencia - Baskonia**



**UEFA EURO 2020**

VEISLAN HEFST Á FÖSTUDAG!

**EM2020**

Tryggðu þér aðgang á [stod2.is](http://stod2.is)







# EXTRA



## 4999 kr.pk.

ZURU BUNCH BALLOONS  
420 STK



VINSÆL VARA

## 2699 kr.pk.

MITRE FÓTBOLTI - STÆRD 5



## 4999 kr.pk.

SPALDING REPLICA  
BASKETBALL S7



okkar uppáhalds úr

**COSTCO**  
WHOLESALE

BARÓNSTÍGUR **8-24**

KEFLAVÍK OG AKUREYRI  
**24/7**

WWW.EXTRA.IS

# LÍFIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

5. júní 2021 LAUGARDAGUR



LA Woman reyndist síðasta plata Jim Morrison sem þrátt fyrir allt tókst þó að kveðja með stæl og hörkulögum eins og The Changeling, Riders on the Storm að ógleymdu rammklassisku titillaginu. MYND/ELEKTRA RECORDS

## Plötuárið mikla 1971

thorarinn@frettabladid.is

Vænn slatti af hljómplötum sem fyrir löngu teljast sígildar í rokkinu verða hálftrar aldar gamlar á þessu ári og því ekki furða þótt nartað sé í gamla þrætueplið um hvort árið 1971 hafi verið það magnaðasta í sögu rokksins.

Apple TV+ skrúfaði nýlega frá heimildarþættinum 1971: The Year That Music Changed Everything um mikilvægi þess árs fyrir rokksöguna. Í bókinni 1971 – Never a Dull Moment, frá 2016, varði David Hepworth þá skoðun sína að 1971 væri besta ár rokktonlistarinnar fimlegra og ekki síst með vísan til þess hversu margar heildstæðar góðar plötur komu út það ár frekar en stök lög. Til dæmis þessar fimm:



**The Rolling Stones**  
**Sticky Fingers**

Ekkert vantaði upp á sjálfstraustið hjá Stones sem gáfu tóninn strax í byrjun með Brown Sugar. Platan geymir einnig klassikerinn Wild Horses, Bitch og Sister Morphine. Plötunni og þéttum pakkanum er svo lokað með Moonlight Mile.



**Joni Mitchell**  
**Blue**

Joni Mitchell steig berskjölduð fram á Blue þar sem hún söng um hjartasár sín, ást og söknuð. Lög á borð við Carey, Little Green, River og A Case of You er þjappað þarna saman á vínul sem er óumdeilt tímamóta- verk.



**Rod Stewart**  
**Every Picture Tells a Story**

Að sjálfsgöðu er Roddarinn með í partiinu 71 þar sem hann dekkar Bob Dylan og skorar stöngin inn með lögunum sínum Mandolin Wind og hans allra, allra besta Maggie May. Svo góð þykir platan að leiðin lá heldur niður á við í kjölfarið hjá ráma sjarmörnum.



**David Bowie**  
**Hunky Dory**

David Bowie filósóferar af miklum móð þegar Ziggy Stardust og stórstjörnuljóminn eru rétt handan við hornið. Changes klikkar ekki enn, hálfri öld síðar. Ekkert frekar en Life on Mars eða Oh! You Pretty Things enda platan víða í hávegum höfð hjá Bowie-fólki.



**Marvin Gaye**  
**What's Going On**

Marvin Gay felldi þær nokkrar listrænu keilurnar með þessu brautryðjendaverki þegar hann kyrjaði persónuleg viðbrögð sín við stríðinu í Vietnam og ástandi umhverfismála. Þótt platan sé fráþær og sígild bendir ástandið í dag til þess að það hefði mátt hlusta betur á hann 1971.

### Listi Hepworth yfir 20 bestu plötur 1971

1. Marvin Gaye – What's Going On
2. Joni Mitchell – Blue
3. Led Zeppelin – Led Zeppelin IV
4. David Bowie – Hunky Dory
5. The Who – Who's Next
6. Rod Stewart – Every Picture Tells a Story
7. Carole King – Tapestry
8. The Rolling Stones – Sticky Fingers
9. Nick Drake – Bryter Layter
10. The Allman Brothers Band – Live at Fillmore East
11. Gene Clark – White Light
12. The Doors – LA Woman
13. The Beach Boys – Surf's Up
14. John Lennon – Imagine
15. David Crosby – If Only I Could Remember My Name
16. Sly and the Family Stone – There's a Riot Goin' On
17. Can – Tago Mago
18. T Rex – Electric Warrior
19. Jethro Tull – Aqualung
20. Paul and Linda McCartney – Ram

vfs is

Milwaukee

# HÁTÍÐIN REYKJAVÍK

Í dag, laugardag kl. 10-16  
VERFÆRALAN, Síðumúla 9

**PEYSA eða  
BOLUR**

Fylgja völdum  
vörum meðan  
birgðir endast!

**DERHÚFA**

Fylgir öllum  
kaupum meðan  
birgðir endast!



Kaupu Milwaukee  
aukahluti fyrir  
14.900 kr. og fáðu  
VERKFERATÖSKU

## ALVÖRU VERKFERI

## Á ALVÖRU TILBOÐUM



M12 FUEL

Borvél með  
aukahlutum  
og bakpoka

54.900 kr.  
Áður 67.900 kr.



M12 FUEL

Borvél og  
höggskrúfvél

62.900 kr.  
Áður 79.900 kr.



## BÍLLINN

Komdu og prufaðu allt það nýjasta!

**KAUPAUKAR  
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST**

**HAPPDRÆTTI  
STÓRGLÆSILEGIR VINNINGAR!**

Verslaðu Milwaukee vöru til 25. júní og þú ferð í pott.



M12

Borvél 60Nm  
með höggi

42.900 kr.  
Áður 55.900 kr.



M12

Borvél og  
höggskrúfvél

64.900 kr.  
Áður 85.900 kr.



**TILBOÐS-  
BÆKLINGUR**  
Náðu þér eintak!



Bitasett  
- 40 stk -  
og vinkildrif

8.990 kr.  
Áður 12.490 kr.

# VERKFERA SALAN

Sjáðu öll  
tilboðin á  
**vfs.is**

## Lífið í vikunni

### 30.05.21 05.06.21



#### Lúxus í sumarbústað

Kvikmyndin Saumaklúbburinn er komin í bíó. Þar segir af ævintýralegrum sumarbústaðaferðum fimm vinkvenna. Jóhanna Vigdís Arnardóttir leikur eina vinkonuna og segir dvölina í bústaðnum hafa verið æðislega reynslu og lúxus.



#### Léttfetar við Laxárbakka

Saman kalla laxveiðikempurnar og myndlistarmennirnir Björn Roth, Jón Óskar og Kristján Steingrímur Jónsson sig Léttfeta og opnuðu sem slíkir málverkasýningu í Veiðihúsinu við Laxá í Kjós á föstudaginn. Sýningarstjóri er sjálfur Síggi Hall.



#### Leiðarljós amiinu

Kvartettinn amiina rauf tæplega fimm ára útgáfuhlé á föstudag með útgáfu smáskífu og myndbands við lagið Beacon, sem er forsmekkurinn af því sem koma skal með þriggja laga þröngskífunni Pharology sem kemur út 26. júní.



#### Hangið á baki

Tara Njála og Silfrún Una ætla að skella gestum á bak listatuddanum á sýningunni Ride the Art sem verður opnuð í dag. Þá gefst tækifæri til að reyna að halda sér á baki skúlpúts sem sveiflast fram og til baka líkt og tuddi á kúrekasýningu.

HEILSUDÝNUR OG -RÚM  
MJÚK- OG DÚNVÖRUR  
SVEFNSÓFAR  
SMÁVÖRUR  
STÓLAR  
SÓFAR  
BORÐ

**Sumar útsalan í fjórum verslunum**

Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði

**DORMA**  
Láttu drauminn ræstast  
**SMÁRATORGI**  
OPIN Á SUNNUÐ,  
KL. 13-17



www.dorma.is  
VEFVERSLUN  
**ALLTAF OPIN**

**Sumarútsala**

ALLT AÐ  
**60%**  
AFSLÁTTUR

Holtagörðum, Reykjavík  
Smáratorgi, Kópavogi  
Dalsbraut 1, Akureyri  
Skeiði 1, Ísafirði

**DORMA**  
Láttu drauminn ræstast



Biggi segist njóta þess að hafa alist upp við vatn, veiðiskap og íslenska náttúru og eins og margir Íslendingar hafi jarðnándin gert hann ungan að náttúruverndarsinna.

MYND/MARÍA KJARTANS

## Tónaflóð bjargar kóralrífi

Tónskáldið Biggi Hilmarsson, stundum kenndur við Ampop, samdi lagið Hope Grows við YouTube-myndband sem ætlað er að aflagljóðlegu átaki fjár til björgunar hverfandi kóralrífi. Fljótandi tónar hans eru einnig hugsaðir til þess að vekja bjartari framtíðarvon.

thorarinn@frettabladid.is

Kóralrífjum heimsins hefur lengi stafað hætta af hlýnun og súrnun sjávar og mikið er í húfi þar sem þau eru tilvistargrundvöllur fjölda tegunda sjávardýra, auk þess sem hrun í fiskveiðum er fyrirjäänlegt njóti kóralanna ekki við.

„Ég er búinn að vera umhverfisverndarsinni frá því ég var polli. Fyrsta plata Ampop fjallaði náttúrulega bara um umhverfismál og ég er ákaflega stoltur af því að hafa verið valinn til þess að semja tónlist fyrir þetta risavaxna verkefni,“ segir tónskáldið Biggi Hilmarsson, um aðkomu sína að stærsta kóralbjörgunarverkefni heims sem kennt er við SHEBA Hope Reef.

Biggi var á árum áður þekktastur sem söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar Ampop en hefur á síðustu árum fest sig rækilega í sessi sem höfundur tónlistar fyrir kvikmyndir og sjónvarp.

Hróður hans sem slíkur varð í raun til þess að hann var sérvalinn til þess að semja tónlistina við YouTube-myndbandið The Film That Grows Coral, eða Kvikmyndinni sem ræktar kóral, og er ætlað að efla fólki bjartsýni og dug og safna um leið líði og fé til baráttunnar fyrir verndun kóralrífjanna.

”

Ég vonast bara til að það verði leitað til mín áfram og að ég sé orðinn þekktur sem gaurinn sem er tilbúinn að taka að sér svona verkefni.

#### Vonin sem vex

„Það er von, en það er núna eða aldrer,“ segir Biggi, en lagið hans, Hope Grows, hefur verið fáanlegt á öllum streymisveitum í rúma viku. Biggi fylgdi útgáfunni síðan eftir á þriðjudaginn með frumsýningu tónlistarmyndbands við lagið.

Biggi segir lagið hafa gengið mjög vel fyrstu vikuna á vefnum. „Þannig að það er vonandi eitthvað að safnast í sarpinn,“ segir Biggi og bætir við að byrja eigi á því að endurheimta kóralrífið Salisi Besar, eða Vonarrífið, í Indónesíu en með auknum fjárstuðningi verði síðan fleiri og fleiri kóralríf tekin fyrir og endurheimt.

„Þetta verkefni er bara rétt að byrja og myndinni og tónlistinni er ætlað að safna fjármagni og hvetja önnur félög eða fyrirtæki, stór og smá, út um allan heim til að taka þátt. Allar tekjurnar af streymi þessa verks renna beint til þessara mála í gegnum náttúruverndarsjóðinn Nature Conservance.“

#### Þar sem hjartað slær

Framleiðslufyrirtækið Radford Music í London, sem sérhæfir sig

í kvikmyndaátónlist hvers konar, hafði gefið fyrri verkum Bigga gaum og kom að ráðningu hans.

„Þetta var svolítið ævintýri,“ segir Biggi sem var valinn úr hópi þekktara tónskálda. „Það vann alltaf með mér að ég var búinn að gera svo mikið tengt hnattrænni hlýnun og þau vissu að þetta er mér hjartans mál.“

Það má segja að ég sé farinn að laða að mér verkefni sem snerta á hlýnun jarðar og þessi verkefni sem ég hef unnið að á seinustu árum hafa einhvern veginn bara svolítið komið til mín.“

Biggi rekur upphaf þess til sýndarveruleikamyndar um mannskæðan eldsvoðann í Grenfell-turninum í London 2017. „Þetta tilraunaverkefni heppnaðist svona rosalega vel og var eiginlega það fyrsta sem ég gerði sem skipti máli fyrir eitthvað sem mætti kalla göfugri málstað.“

Í kjölfarið fylgdi heimildarmyndin The Last Igloo sem fjallar í raun um bráðnun hafissins og samfélag veiðimanna á Grænlandi sem er því á hverfanda hveli. Hann samdi einnig tónlistina fyrir sænsk-íslensku spennuþáttaröðina Thin Ice sem gerðist mikið til á Grænlandi með hnattræna hlýnun í brennidepli. Þá samdi Biggi nýlega tónlistina við heimildarævintýrið Arctic Drift sem fjallar um 50 vísindamenn sem ferðast á ísbrjóti á Norðurheimskautið og festast þar.

„Hingað til er ég nú búinn að vera meira að fást við Norðurheimskautið þannig að það var gott að komast á suðrænar slóðir og ég vonast bara til að það verði leitað til mín áfram og að ég sé orðinn þekktur sem gaurinn sem er tilbúinn að taka að sér svona verkefni,“ segir Biggi sem vinnur nú að sinni fjórðu sólóplötu. ■



ÍSLENSKT Í 40 ÁR

**KFC**

*Col. Harland Sanders*

**BYKO**

# GÁMASALA!

## Þrjár RYOBI vörur á frábæru verði!

**28%****Tilboðsverð****Bensínláttuvél**

Fjörgengis OHC vél með drifi og 1,6kW. Sláttubreidd 46cm. 7 þrepa hæðarstilling. 55l. safnpoki.

**49.995**

7133004344

Almennt verð: 69.995



Þú sparar:

**20.000****Tilboðsverð****Hekkklippur**

18V, ONE+ 60cm hekkklippur með tvöföldu sagarblaði og kolalausum mótör. Klippurnar eru auðveldar í notkun og aðeins 2,5kg án rafhlöðu. Hlíf fylgir með en rafhlaða fylgir ekki.

**34.995**

7133004906

Almennt verð: 42.995

**18%**

Þú sparar:



**8.000****28%****Tilboðsverð****Sláttuorf**

Rafhlöðu sláttuorf með 25cm skurðarbreidd. Orfið notar 18v rafhlöður og passa allar rafhlöður úr ONE+ línunni frá RYOBI. Rafhlaða fylgir með (1x1,5ah).

**24.995**

7133005015

Almennt verð: 34.995



Þú sparar:

**10.000****Palmako****Tilboðsverð****Martin garðhús**

Einingagarðhús frá Palmako. Flatarmál: 8,4m<sup>2</sup> Utanmál 2,75x3,44m Hæð að þakbrún: 209cm Hæð að stafni: 267cm Innra rými: 21m<sup>3</sup> Heildarþykkt eininga 88mm (70mm grind + 18mm klæðning)

**400.000**

0291850

Almennt verð: 479.995

**8,4m<sup>2</sup>**

Þú sparar:

**79.995****Tilboðsverð****Sorptunnugeymsla**

Geymsla úr timbri fyrir sorptunnur, geymslan er sérhönnuð fyrir tvær tunnur. 156x95x122 cm. Athugið að varan kemur ósamsett - auðvelt í samsetningu.

**53.596**

0291700

Almennt verð: 66.995

**20%**

Þú sparar:

**13.399****Verslaðu á netinu á [byko.is](http://byko.is)**

**25%  
afsláttur**  
af öllum  
baðinnréttingum

**20%  
afsláttur**  
af öllum **SONAX**  
bílavörum



### Barnahjól 12"

Barnahjól með hjálpardekkjum og fótbremsum. Til í 2 mismunandi litum með keðjuhlíf. Auðvelt er að taka hjálpardekkinn af.

12"

**21.995**

49620143/059



### Barnahjól 16"

Pro 16" reiðhjól fyrir börn, skærgult á lit. Hjólið hentar vel fyrir börn á aldrinum 4-6 ára. Hjálpardekk fylgja til að hjálpa börnum að læra að hjóla

16"

**23.995**

49620062A/63A



### Fjallahjól 26"

Sterkbyggt barnahjól með 21 gíra skiptingu og dempara að framan og aftan.

26"

**52.995**

49620150-1



### Fjallahjól 24"

Shogun Rock Mountain. Sterkbyggt fjallahjól með 21 gíra skiptingu og dempara að framan og aftan.

24"

**47.995**

49620149

**KENT**  
A century of cycling



### Götu hjól

700C M Crosstour. Götu hjól með fram og afturbretti, bögglaþera og 21 gíra micro shift twist skiptir.

**68.995**

49620153

**Nýtt í  
BYKO**

**KENT**  
A century of cycling



26"

### Götu hjól

Crosstour 26" götu hjól með fram og afturbretti, dempara að framan, bögglaþera og 21 gíra.

**68.995**

49620154

**schou**  
EST. 1963

### Trampólín

með neti og fótum úr Ø38 mm galvaniseruðu stáli. Hámarksþyngd er 150kg. Hæð trampólínsins er 89cm. Gormarnir eru 140mm að lengd, 3.2mm þykkir og 23,5mm í þvermál.

**49.995**

88040024

3,96m

**Ný sending**



**25%  
afsláttur**  
af öllum  
gólfmottum

**20%  
afsláttur**  
af öllum  
sumarblómum

**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN



Á fimmtudögum er opið í timburverslun Breidd til 21:00

550 5000

RITSTJÓRN  
ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGAÐEILD  
auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN  
Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf.  
dreifing@postdreifing.is

## Bakþankar

Óttars  
Guðmundssonar



## Kæri nýstúdent

Vorið er tími nýstúdenta og háleitra markmiða. Viða birtast myndir af ungu fólki með hvíta húfu og stoltum foreldrum. Ég hef farið í nokkrar stúdentsveislur og skálað fyrir ungum nýstúdent og árnað honum allra heilla. Foreldrar flytja venjulega fallega ræðu og hvetja stúdentinn til að láta gamla drauma mömmu eða pabba rætast á einhverri háleitri menntabroti.

Minn boðskapur til nýstúdenta er hins vegar að muna eftir Eyjólfí Kárssyni, sem Sturla frændi minn Sighvatsson lét drepa úti í Grimsey árið 1222. Nokkrum andartökum áður en hann var hogginn sagði Eyjólfur: „Vænti ég enn að koma muni betri dagar!“ Guðmundur góði biskup kvaddi fólk með þessum orðum: „Vertu góður við fátæka!“ Svona manngæska og æðruleysi er til eftirbreytni á okkar sjálfhverfum.

Mestu skiptir þó fyrir hvern nýstúdent að hafa að engu óskir og þrjár foreldra sinna heldur hlusta á sinn innri mann. Egill afi minn Skallagrímsson orti ungur kvæði þar sem hann lýsir framtíðarvonum foreldra sinna. „Það mælti mín móðir að mér skyldi kaupa fley og fagar árar“ o.s.frv. Í samræmi við vilja foreldranna gerðist hann vikingur og manndrápari. Ég held að Egill hafi langað mun frekar að læra viðburðastjórnun eða fatahönnun. Egill varð fyrir vikið þunglyndasta og kvíðnasta hetja sagnanna.

Sturla frændi Sighvatsson vildi verða skáld og blaðamaður en fylgdi ráðum foreldra sinna og gerðist herforingi. Hann var, eins og við frændurnir, ákvarðanafelinn sveimhugi, svo að hermennskan varð honum til litillar gæfu. Sérhver nýstúdent verður að fylgja hjartanu. Annars endar hann sem óhamingjusamt gamalmenni eins og Egill afi minn og harnar glötuð tækifæri í ellinni. ■



Silfurkambur  
1.425,-/10 í pk.



Nýtt GRADVIS  
blómapottur Ø15cm 995,-



895,-/stk.  
Kryddjurtir ýmsar gerðir.  
Blómapottar eru seldir sér



Nýtt CURRYBLAD  
blómakassi 2.690,-



1.690,-

Dalía  
Blómapottur  
er seldur sér



Nýtt VATTENKRASSE  
garðkanna 1.690,-



Alísur  
1.425,-/10 í pk.



INGEFÄRA  
blómapottur og undirskál  
Ø24cm 1.590,-



STJÄRNANIS  
blómakassi  
B27xL75cm 3.990,-

STJÄRNANIS  
blómakassi  
B15xL43cm 2.490,-



Jarðarberjaplöntur  
995,-/stk. Blómapottar  
eru seldir sér



Nýtt  
VITLÖK  
plöntustandur  
2.490,-



Nýtt VITLÖK  
blómapottur  
Ø32cm 1.690,-

Nýtt  
1.490,-  
VITLÖK blómapottur Ø24cm


## Minn eigin lystigarður

Sumartíðin er loksins hafin og því tilvalið að iðka grænu fingurna og fegra umhverfið með fallegum sumarblómum og jafnvel gróðursetja kryddjurtir fyrir matargerðina. Nú er sumarblómamarkaður IKEA í fullum skrúða. Þar færðu allt frá blómapottum til garðverkfæra og ilmandi úrval af plöntum og kryddjurtum. Við tökum vel á móti þér.



1.690,-

Sólboði  
BOYSENBÄR blómapottur Ø12cm 695,-



Nýtt GRÄSMARÖ  
garðhöld 695,-/3 í setti



Hortensía  
5.490,-

+  
NYPON  
blómapottur  
Ø24cm 1.490,-



Stjúpur  
1.390,-/10 í pk.

### VEITINGASTAÐURINN

Á matseðli í júní

Svínaskanki  
með BBQ-sósu  
frönskum og máis

1.095,-



Lambasteik  
með bakaðri kartöflu  
og hunangsbakaðri  
gulrót

1.195,-



Verslun opin 11-20 - IKEA.is - Veitingasvið opið 10:30-20



SUMARFRÍ

4 VIKUR

26 kr.  
AFSLATTUR

Skráðu þig á orkan.is

